

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2016 til 2017

tekin saman af sviðsstjórum

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2016-2017	3
1.1	Inngangur	3
1.2	Tölulegar upplýsingar	6
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar	13
1.4	Stiklur úr skólastarfinu	14
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra	20
2.1	Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....	20
2.1.1	Enska.....	20
2.1.2	Íslenska	23
2.1.3	Ergó.....	36
2.1.4	Bragi.....	43
2.1.5	Samfélagsgreinar	47
2.1.6	Tungumál önnur en enska	52
2.2	Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir	62
2.2.1	Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir.....	62
2.2.2	Raungreinar	76
2.2.3	Sjúkraliðagreinar.....	78
2.2.4	Stærðfræði	80
2.2.5	Verknám	85
2.3	Svið: Starfsbraut	88
3	Aðrar skýrslur	91
3.1	Bókasafn	91
3.2	Félagslífsfulltrúi	101
3.3	Forvarnafulltrúi.....	103
3.4	Litla-Hraun og Sogn	120
3.5	Náms- og starfsráðgjöf	139
3.6	Grunnmenntabré.....	155
3.7	Kerfisstjóri og tölvuþjónusta	159
3.8	Prófstjóri.....	163
3.9	Sjálfsmat	165
3.10	Skólinn í okkar höndum.....	172

Skólameistari

Olga Lís Garðarsdóttir

Aðstoðarskólameistari

Pórarinn Ingólfsson

Áfangastjóri

Björgvin E. Björgvinsson

Sviðsstjórar

Sigursveinn Már Sigurðsson
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir

Kennslustjórar

Ásdís Björg Ingvarsdóttir
Lárus Á. Bragason
Gylfi Þorkelsson
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir
Guðfinna Gunnarsdóttir
Ólafur Bjarnason
Ronald B. Guðnason
Svanur Ingvarsson
Ida Løn

Verkefnisstjórar/fagstjórar

Ida Løn
Gísli Skúlason
Íris Þórðardóttir
Ragnheiður Eiríksdóttir
Sissel Tveten
Sverrir Geir Ingibjartsson

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorraddóttir
Anna Fríða Bjarnadóttir
Bjarney Sif Ægisdóttir

Jafnréttisfulltrúi

Ragnheiður Eiríksdóttir

Félagslífsfulltrúi

Pelle Damby Carøe

Fréttastjóri heimasíðu

Guðfinna Gunnarsdóttir

Tungumál, samfélagsgreinar og Ergo
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir
og íþróttir
Starfsbraut

List-, matvælagreinar og íþróttir
Samfélagsgreinar
Litla-Hraun, Sogn
Íslenska
Enska
Stærðfræði
Raungreinar
Verknám
Erlend mál, önnur en enska

Danska
Ergo
Sjúkraliðagreinar
Skólinn í okkar höndum
Hestamennska
Íþróttir

Sjálfsmatshópur

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir
Sigursveinn Már Sigurðsson
Pórarinn Ingólfsson (formaður)

Forvarnafulltrúi

Guðbjörg Grímsdóttir

1 Starfið veturinn 2016-2017

1.1 Inngangur

Þann 26. maí síðastliðinn lauk þrítugasta og fimmta starfsári Fjölbautaskóla Suðurlands. Hér er að finna tölulegar upplýsingar um skólaárið. Raktir eru helstu atburðir og upptakur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Í skýrslunni tíunda kennarar, fagstjórar og kennslustjórar upplýsingar um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari nýjungar, bent á hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Skýrslur bókasafns, félagsmála- og forvarnafulltrúa, náms- og starfsráðgjafa, Litla-Hrauns og Sogns, sjálfsmats, verkefnisins Skólinn í okkar höndum, skýrsla prófstjóra, skýrsla um fjarnám grunnskólanema og tölvuþjónustunnar eru og hér innanborðs og allar eru skýrslurnar aðgengilegar á vef skólans.

Þriðjudaginn 16. ágúst var fyrsti kennarafundur skólaársins og miðvikudaginn 17. ágúst var nýnemadagur. Nýnemar mættu í skólann klukkan 08:30 og fengu kynningu á hinu nýja starfsumhverfi, aðbúnaði, tölvukerfi, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem huga þarf að þegar komið er á nýjan vinnustað.

Miðvikudaginn 17. ágúst var nemendum einnig boðið upp á töflubreytingar og aðstoðuðu áfangastjórar, sviðsstjórar, náms- og starfsráðgjafar og verkefnisstjóri SKOH nemendur við þær.

Fimmtudagurinn 18. ágúst hófst með skólasetningu klukkan 8:15 og í framhaldinu hófst kennsla samkvæmt stundaskrá. Haustfrí var gefið dagana 14. og 17. október. Dimission var föstudaginn 2. desember og var jafnframt síðasti kennsludagur haustannar. Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 5. desember og sá síðasti mánudagurinn 12. desember.

Sjúkrapróf voru haldin þriðjudaginn 13. desember og prófsýning fimmtudaginn 15. sama mánaðar.

Í upphafi haustannar voru 760 nemendur skráðir til náms við skólann og fór brautskráning fram laugardaginn 17. desember. Alls brautskráði skólinn 60 nemendur að þessu sinni, þar af 56 sem luku stúdentsprófi.

Einn nemandi lauk námi af húsasmíðabraut og stúdentsprófi, einn nemandi lauk fyrri hluta listnámsbrautar og þrír nemendur luku námi af starfsbraut.

Stúdentspróf af nýrri stúdentsbraut samkvæmt nýrri námsskrá:

- 35 nemendur luku námi af opinni stúdentsbraut,
- 2 nemendur luku opinni stúdentsbraut – íþróttalínu,
- 5 nemendur luku opinni stúdentsbraut – félagsgreinalínu,
- 7 nemendur luku opinni stúdentsbraut – náttúrufræðilínu,
- 4 nemendur luku opinni stúdentsbraut – viðskipta – og hagfræðilínu,
- 1 nemandi lauk opinni stúdentsbraut – hestalínu,
- 1 nemandi lauk opinni stúdentsbraut – listalínu,
- 1 nemandi lauk viðbótarnámi til stúdentsprófs að loknu starfsnámi.

Bjarki Bragason var dúx FSu á haustönn 2016. Bjarki, Sigurður Smári Davíðsson og Sigurður Andri Jóhannesson hlutu viðurkenningar frá Hollvarðasamtökum FSu. Bjarki hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í dönsku, frönsku, spænsku og íslensku. Sigurður Smári Davíðsson hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í íslensku og stærðfræði. Sigurður Andri Jóhannesson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í stærðfræði og raunvísindagreinum. Þóra Jónsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í ensku og einnig viðurkenningu fyrir framlag sitt til félagslífs og sem yfirmmentor. Húgrún Hjálmsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í myndlist. Kristinn Sölvi Sigurgeirsson hlaut viðurkenningu fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

Á vorönn hófst skólastarfið miðvikudaginn 4. janúar með undirbúningi fyrir kennslu vorannar. Sama dag var boðið upp á töflubreytingar fyrir nemendur sem töldu sig þurfa að breyta stundatöflum sínum. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá fimmtudaginn 5. janúar. *Kátir dagar* voru 22. og 23. febrúar og *Flóafár* mánudaginn 27. febrúar. Dimission var föstudaginn 5. maí og var miðvikudagurinn 10. maí síðasti kennsludagur annarinnar. Fyrsti prófdagur vorannar var fimmtudagurinn 11. maí og sá síðasti fimmtudagurinn 18. maí. Sjúkrapróf voru haldin föstudaginn 19. maí. Prófsýning fór fram þriðjudaginn 23. maí milli klukkan 12:30 og 14:00. Starfsmannafundur var haldinn sama dag.

Í upphafi vorannar voru 710 nemendur skráðir til náms. Brautskráning fór fram föstudaginn 26. maí. Alls brautskráðust 115 nemendur frá skólanum af ýmsum brautum, þar af 81 af stúdentsbrautum.

Skipting nemenda á stúdentsbrautir og línur var eftirfarandi:

47 nemendur luku námi af opinni stúdentsbraut,
8 nemendur af félagsgreinalínu stúdentsbrautar,
10 nemendur luku námi af náttúrufræðilínu stúdentsbrautar,
7 nemendur luku námi af viðskipta- og hagfræðilínu stúdentsbrautar,
2 nemendur luku námi af hestalínu stúdentsbrautar,
1 nemandi lauk námi af alþjóðalínu stúdentsbrautar,
1 lauk stúdentsprófi af listalínu,
5 nemendur luku námi af stúdentsbraut eftir starfsnám.

Þá brautskráðust 7 nemendur af starfsbraut, 9 nemendur luku grunnnámi ferða- og matvælagreina, 1 grunnnámi bíliðna, 1 listnámsbraut, 2 nemendur af málmiðnaðarbraut, 8 húsasmíðir, 4 nemendur luku grunnnámi rafiðna og 1 nemandi lauk grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina. Þá lauk einn nemandi meistaranámi í húsasmíði.

Aron Óli Lúðvíksson og Hörður Kristleifsson hlutu viðurkenningar frá Hollvarðasamtökum FSu. Aron Óli hlaut að auki viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í ensku og stærðfræði. Guðrún Óskarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góða ástundun og árangur í stærðfræði. Guðrún hlaut einnig viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum. Gezley Ann Ilustre hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í tungumálum (spænsku, frönsku, dönsku, ensku og íslensku). Sigurbjörg Eva Helgadóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í sögu. Sigurjón Bergur Eiríksson hlaut viðurkenningar fyrir miklar framfarir í sögu og frábæran árangur og þrautseigju. Sigurjón Bergur fékk einnig viðurkenningu fyrir mikinn áhuga, vinnusemi og jákvæðni sem skilaði sér með góðum árangri og mikilli framför í myndlist. Katla Björg Ómarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur og vinnusemi í íþróttum og íþróttافرæði. Írena Birta Gísladóttir hlaut viðurkenningu fyrir fyrirmyndar þátttöku í handverki og hönnun. Aðalsteinn Sakarías Jóhannsson hlaut viðurkenningu fyrir hugmyndaauðgi, skopskyn og vinnusemi í myndlist. Bjarni Friðrik

Ófeigsson hlaut viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í rafmagnsgreinum. Kristbjörg Harpa Thomsen hlaut viðurkenningu fyrir ágæta frammistöðu og áhuga í matvælagreinum. Auður Erla Gunnlaugsdóttir og Móeiður Sigrún Guðlaugsdóttir hlutu viðurkenningar fyrir frábæran árangur og góða ástundun í hárgreiðslu. Þorkell Ingi Sigurðsson, Sesselja Dan Róbertsdóttir og Sveinn Ægir Birgisson hlutu viðurkenningar fyrir vel unnin störf að félagsmálum.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2016 voru sendir út 841 greiðsluseðill vegna dagskóla. Fleiri voru skráðir til náms sem ekki skiluðu sér en þeir sem greiddu greiðsluseðla voru 772 talsins. Þann 9. september voru dagskólanemendur 760 og er sá dagur notaður til viðmiðunar fyrir þá nemendur sem hófu nám þennan vetur. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 760 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 207.

Í upphafi vorannar voru skráðir nemendur í dagskóla 708. Við upphaf annar lögðu nemendur í dagskóla undir 20.502 nýjar framhaldskólaeiningar en við lok annarinnar stóðust 15.836 einingar. Þannig töpuðust 22,8% eininga yfir önnina. Hlutfall tapaðra eininga á vorönn er því heldur lægra en í fyrra, þótt markmiðum sé engan veginn náð varðandi minnkun brottfalls.

Í töflu 1 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2016 þann 9. september.

Eitthvað var um að nemendur skiptu um brautir á tímabilinu eftir að þessi staða var tekin og sumir voru skráðir á fleiri en eina braut.

Braut	Heiti brautar	karlar	konur	Fjöldi	hlutfall af heild
AB	Atvinnulífsbraut	1	0	1	0,13%
AN	Almennt nám	2	0	2	0,26%
AN2	Almenn námsbraut (stefnt á tveggja ára braut)	1	1	2	0,26%
AN4	Almennt bóknám (stefnt á stúdentspróf)	1	1	2	0,26%
AU	Almenn braut - undirbúningsnám	1	1	2	0,26%
FB	Framhaldsskólabraut	2	1	3	0,39%
FÉ	Félagsfræðabraut	7	18	25	3,29%
GB	Grunnnám bíliðna	12	1	13	1,71%
GBM	Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina	9	0	9	1,18%
GFM	Grunnnám ferða- og matvælagreina	8	3	11	1,45%
GR80	Grunnnám rafíðna	19	0	19	2,50%
GRB	Grunnmenntabré	24	9	33	4,34%
HE	Hestamennska	5	8	13	1,71%
HÚ1	Húsasmíði, samn.b. iðnnám	1	0	1	0,13%
HÚ8	Húsasmíðabraut	18	1	19	2,50%
ÍÞ	Íþróttabraut	16	5	21	2,76%
ÍÞB	Íþróttabraut	6	1	7	0,92%
LN1	Listnámsbraut, fyrri hluti	4	7	11	1,45%
LNB	Listnámsbraut	1	7	8	1,05%
MB	Málabraut	1	5	6	0,79%
MG	Málmiðnaðarbraut, grunnnám	23	1	24	3,16%
NÁ	Náttúrufræðibraut	16	12	28	3,68%
ÓTN	Ótilgreint nám	2	1	3	0,39%
SB	Starfsbraut	9	3	12	1,58%
SB1	Starfsbraut, fyrri hluti	26	19	45	5,92%
SJ	Sjúkraliðabraut	5	9	14	1,84%
SJ-brú	Sjúkraliðabraut	0	3	3	0,39%
ST-1	Stúdentsbraut - opin lína	104	118	222	29,21%
ST1-A	Stúdentsbraut-Alþjóðalína	4	13	17	2,24%
ST1-F	Stúdentsbraut-Félagsgreinalína	14	28	42	5,53%
ST1-N	Stúdentsbraut-Náttúrufræðilína	25	24	49	6,45%
ST1-VH	Stúdentsbraut-Viðskipta- og hagfræðilína	15	10	25	3,29%
ST2	Stúdentsbraut-starfsnám	5	1	6	0,79%
ST2-H	Stúdentsbraut-Hestálína	2	14	16	2,11%
ST2-Í	Stúdentsbraut-Íþróttalína	13	7	20	2,63%
ST2-L	Stúdentsbraut-Listalína	2	14	16	2,11%
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	7	2	9	1,18%
VSS-2	Viðbótarnám til stúdentsprófs	1	0	1	0,13%
		409	343	760	100%


Tafla 1: Dreifing dagskólanemenda á brautir haustið 2016

Aldur	fjöldi H'16
yngrri en 16 ára	0
16 ára fæddir 2000	173
17 ára fæddir 1999	11
eldri en 17 ára	23
Samtals	207

Tafla 2: Aldursdreifing nýinnritaðra haustið 2016


Góð skólasókn er lykill að góðum árangri í námi. Veturinn 2016-17 voru skólasóknareinkunnir reiknaðar út frá raunmætingu en það þótti ekki sanngjarnt. Því var aftur tekin upp sama einkunnaregla og áður þannig að samanburður við seinasta skólaár gæti litið út fyrir að vera hagstæðari en tilefni gefur til. Eldri annir ættu að gefa eðlilegan samanburð. Hér má sjá skólasóknareinkunnir veturinn 2016-17. Það má greina slakari skólasókn á vorönn en haustönn eins og venjulega.

Mynd 1 sýnir dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2016-17.



Mynd 1: Dreifing skólasóknareinkunna, veturinn 2016-17

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 2 sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2016 og mynd 3 sýnir fjölda staðinna eininga í haustannarlök.




Mynd 2: fjöldi eininga haust 2016




Mynd 3: fjöldi staðinna eininga-fjöldi nemenda

Á haustönn 2016 luku 69 einstaklingar 0 einingum en þá voru 760 nemendur skráðir í nám við dagskóla. Af þeim voru 364 nemendur sem féllu í einum eða fleiri áföngum eða 47,9%.

Nemendur sem ekki standast áfanga við skólann falla í mismörgum áföngum. Mynd 4 sýnir í hversu mörgum áföngum þessir nemendur falla. Langflestir þeirra nemenda sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Þar sem fjöldi nemenda er mismikill eftir önnur sýnir mynd 5 fall nemenda sem hlutfall af heildarfjölda nemenda skólans. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum á haustönn er um 18,8% en var um 20% í fyrra.




Mynd 4: fallnir áfangar -fjöldi nemenda




Mynd 5: Fjöldi falláfanga - hlutfall af heildarfjölda nemenda í dagskóla á viðkomandi önn

Einkunnadreifing gefur vísbendingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið, F fyrir fallið og H fyrir hætt. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára. Mynd 7 sýnir svo einkunnadreifingu sem hlutfall af nemendafjölda á viðkomandi önn.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2016-17



Mynd 7: Einkunnadreifing veturinn 2016-17, sem hlutfall af einkunnum annarinnar.

1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Tveir fundartímar eru fastir í töflu allra kennara (einn hjá Braga kennurum). Á þriðjudögum var tími að lokinni kennslu, þ.e. kl. 14:50. Sá tími var ætlaður fyrir kennarafundi, sjálfsmatsfundi, og aðra fundi fyrir kennara/starfsfólk. Á miðvikudögum, milli kl. 10:25 og 11:20, voru fundir til faglegs samráðs og deildarfunda. Dagskrá þriðjudagsfundanna er skipulögð á Áttufundum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2016 til 2017, sem hér greinir.

Þriðjudagaról haust 2016

- 23.08. Samráð í fögum
- 30.08. Samráð í fögum / Kennslustjórafundur
- 06.09. Kennarafundur
- 13.09. 35 ára afmæli FSu
- 20.09. Aðalfundur Kennarafélags FSu
- 27.09. Sjálfsmat
- 04.10. Deildafundur: áfangar í boði
- 11.10. Kennarafundur: val nemenda
- 18.10. Kennarafundur
- 25.10. Kennarafundur
- 01.11. Kennarafundur
- 08.11. Samráð í fögum
- 15.11. Kennarafundur
- 22.11. Skólafundur með nemendum
- 29.11. Samráð í fögum

Þriðjudagaról vor 2017

- 10.01. Kennarafundur
- 17.01. Kynning á Erasmus verkefnum
- 24.01. Kennarafélagsfundur
- 31.01. Sjálfsmatsfundur
- 07.02. SKOH fyrirlestur
- 14.02. Kennarafundur
- 21.02. Námskrárvinna
- 28.02. Fundur með kennurum kjarnagreina í grunnskólum Suðurlands
- 07.03. Samráð vegna valdags
- 14.03. Starfamessa
- 21.03. Undirbúningur valdags
- 28.03. Námskeið í Office 365
- 04.04. Kennarafundur: kynning á niðurstöðum R&G
- 11.04. Páskafrí
- 18.04. Páskafrí
- 25.04. Fundur vegna námsferðar til Spánar
- 02.05. Kennarafundur
- 09.05. Samráð í deildum

1.4 Stiklur úr skólastarfinu

Nýnemaferð

Í byrjun september var farið í nýnemaferð. Ferðin tókst afar vel, en skipulag hennar var alfarið á höndum mentorahóps FSu. Farið var með rútum í Félagslund í Flóahreppi. Þar voru hóparnir saman að leysa þrautir, grilla pylsur og fara í leiki. Einnig var haldinn kosningafundur vegna kosningu fulltrúa nýnema í nemendaráð, en 8 nemendur buðu sig fram. Haldnar voru framboðsræður og kynningar. Nemendur létu vel af ferðinni og ekki skemmdi blíðviðrið fyrir. Þrautirnar voru mjög fjölbreyttar, en meðal annars áttu hóparnir að hanna brúðarkjól úr eldhúsrúllum, búa til listaverk úti í náttúrunni, taka upp myndband af flöskuflippi, búa til sögur, hanna plakát og keppa í hindrunahlaupi.

Fimmvörðuháls

Nemendur í útivistaráfanga FSu gengu yfir Fimmvörðuháls þriðjudaginn 6. september. Um nokkuð stóran hóp var að ræða eða 38 nemendur og þrjá kennara. Þessi leið er um 25 km og nokkuð krefjandi en nemendur stóðu sig frábærlega vel. Blíðskaparveður var allan tímann með skyggni í allar áttir. Þegar komið var niður í Bása eftir u.þ.b. 10 klst göngu, voru það þreyttir en ánægðir göngugarpar sem tóku til við að grilla úrbeinuð lambalæri sem matvælabraut skólans hafði séð um að útbúa. Allir voru greinilega orðnir svangir því vel var borðað, enda bragðaðist maturinn líka einkar vel. Gisti hópurinn í skála Útivistar. Á heimleiðinni var tekið stutt stopp til að ganga inn í og skoða Nauthúsagil. Ferðin gekk vel með fjörugum hópi nemenda sem höfðu gleðina að leiðarljósi.

Áfangamessa

Í október var haldin í fyrsta sinn svokölluð "áfangamessa". Þar kynntu kennarar námsgreinar á áfanga sem verða í boði á næstu önn og þannig geta nemendur betur áttað sig á því fjölbreytta námsvali sem er í boði við skólann. Viðburðurinn heppnaðist mjög vel og verður líklega fastur liður í skólastarfinu á önn hverri.

Góðgerðarvika

Í byrjun októbermánaðar ríkti gleði, glens og gjafmildi innan veggja skólans, en þá var haldið hátíðlega upp á góðgerðadaga. Þeir voru haldnir til að safna peningum fyrir þurfandi börn í Nígeríu með alls kyns uppákomum. Nemendur skólans tóku upp á ýmsu, augabrúnir voru

gæddar hinum ýmsu litum, gengið var í skólann frá Eyrarbakka, riðið til matar í pylsuvagninn og rennt sér á snjóbotu niður stiga skólans svo eitthvað sé nefnt. Dögunum lauk svo með pompi og prakt í lðu.

Boxið

Í nóvember tók lið frá FSu þátt í úrslitum BOXINS – framkvæmdakeppni framhaldsskólanna. Þetta er í sjötta sinn sem keppnin er haldin og í fjórða skipti sem FSu tekur þátt og hefur í öll skiptin komist í úrslitin.

Úrslitin voru að venju haldin í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, en hann ásamt Samtökum iðnaðarins og Félagi framhaldsskólanema skipuleggja keppnina.

Um þrautabraut er að ræða sem átta fyrirtæki, öll í Samtökum iðnaðarins, sjá um. Í ár voru það þessi fyrirtæki:: Trefjar, Marel, Verkís, Íslenskir aðalverktakar, CCP, Orkuvirki, ORF Líftækni og Matís.

Þrautirnar voru ólíkar, en allar bráðskemmtilegar og reyndu á fjölþætta styrkleika. Lið FSu gekk bráðvel þó ekki hafi það vermt fyrstu þrjú sætin, en bæði Verkís og Íslenskir aðalverktakar sáu ástæðu til þess að verðlauna þau sérstaklega fyrir vel unnið verk og góðan liðsanda og samvinnu.

Sem fyrr segir komast átta framhaldsskólar í úrslitakeppnina og þeir sem öttu kappi ásamt FSu voru Menntaskólinn í Hamrahlíð sem sigraði, Kvennó sem hreppti annað sæti, Menntaskólinn í Reykjavík sem vermdi þriðja sætið, Tækniskólinn, Menntaskólinn á Laugarvatni, Fjölbrautaskólinn í Breiðholti og Menntaskólinn í Kópavogi.

Lið FSu skipuðu þau Aron Óli Lúðvíksson, Eydís Arna Birgisdóttir, Ísak Þór Björgvinsson, Sigurður Smári Davíðsson og Þórir Gauti Pálsson og voru þau sér og skólanum til mikils sóma. Liðsstjóri var Ágústa Ragnarsdóttir.

Skólafundur

Skólafundur FSu var haldinn þriðjudaginn 22. nóvember. Þetta var samráðsfundur alls starfsfólks skólans, kennara nemenda og annarra starfsmanna. Skólafundur mun verða árlegur viðburður í nýrri námskrá. Að þessu sinni einbeittu fundargestir sér að ýmsum atriðum tengdum námi og kennslu. Þau voru: nútímavæðing náms og kennslu, samband atvinnulífs og skóla og jafningjafræðsla nemenda. Margar hugmyndir komu fram á þessum

fundi, sumar hugmyndir komu oft fram. Unnið verður með gögn af fundinum til að móta áframhaldandi framþróun náms og kennslu við skólann.

Dansandi krossfiskar

Skólinn fylltist af dansandi og trommandi krossfiskum föstudaginn 2. desember. Þar voru á ferð dimmitantar, nemendur sem stefna á að ljúka námi á haustönn. Krossfiskarnir voru systur og bræður Péturs krossfisks sem er besti vinur Svamps Sveinssonar. Krossfiskarnir stigu dans og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þeir sér á kjötsúpu með starfsfólki og héldu svo út í óvissuferð.

Flóafár

Landsliðið sigraði hið árvissa Flóafár sem fór fram í febrúar. Í Flóafári keppa lið undir stjórn nemenda í þrautum sem starfsmenn skólans útbúa. Keppt er um stig fyrir þrautarlausnir og að klára á góðum tíma. Skólinn allur er undirlagður, hver krókur og kimi notaður og mikill metnaður hjá öllum liðum að vera með flottan heildarsvip, útbúa sitt svæði, halda góðum liðsanda, semja skemmtiatriði og skipuleggja sig vel. Fimm lið tóku þátt að þessu sinni, hvert með sinn einstaka stíl, Landsliðið, Sailors, Indjánar, Beta house og Circus. Sem fyrr sagði sigraði Landsliðið, en í 2. sæti varð Sailors. Veittar voru sérstakar viðurkenningar fyrir ákveðin atriði: Indjánar sigruðu í borðalagningu, Sailors fengu viðurkenningu fyrir besta herópið og Circusliðið fyrir besta svæðið, Indjánar fengu verðlaun fyrir bestu búningana og viðurkenningu fyrir besta skemmtiatriðið fékk Landsliðið.

Starfsmenn keppa svo innbyrðis um besta búninginn, en það voru þær Inga Magnúsdóttir og Helga Dögg Sigurðardóttir sem fengu viðurkenningu fyrir sína búninga, en þær mættu sem Jógagúrúar.

Keppnin fór einstaklega vel fram, allir stóðu sig mjög vel og dagurinn góður endir á vel heppnaðri viku með kæti og gleði að leiðarljósi eins og FSu-ingum er tamt.

Vígsla Hamars og starfamessa

Nýtt verknámshús, nýji Hamar, var vígður formlega þriðjudaginn 14. mars við hátíðlega athöfn að viðstöddum mennta- og menningamálaráðherra, Kristjáni Þór Júlíussyni sem afhenti skólameistara, Olgu Lísu Garðarsdóttur lykil að byggingunni. Séra Guðbjörg Arnardóttir, sóknarprestur Selfosskirkju blessaði húsið og Gunnar Þorgeirsson, formaður

Sambands sunnlenskra sveitarfélaga tók til máls. Héraðsnefnd Árnesinga afhenti skólanum peningagjöf til kaupa á trágróðri til plöntunar á lóð hússins.

Sama dag var mikið um að vera í skólanum, þar sem Starfamessa var haldin í FSu þar sem um 30 fyrirtæki kynntu starfsemi sína.

Starfameissan miðar að því að kynna fyrir nemendum 9. og 10. bekkjar grunnskóla og nemendum á 1. og 2. ári í framhaldsskólum á Suðurlandi störf á sviði iðn-, verk- og tæknigreina ásamt starfsumhverfi og fyrirtæki í landshlutanum þar sem fólk með slíka menntun starfar. Áhersla er lögð á að nemendurnir öðlist innsýn í áðurnefnd störf og mögulegar námsleiðir að þeim störfum.

Opið hús

Þriðjudaginn 4. apríl var opið hús í FSu. Þá var kynning á FSu og námsframboði fyrir framtíðarnemendur og foreldra.

Gettu betur

Lið FSu tók þátt í Gettu betur og komst í 8-liða úrslit þar sem liðið tapaði fyrir liði Menntaskólans á Akureyri. Liðið var skipað þeim Ísaki Þór Björgvinssyni, Jakobi Burgel og Vilborgu Maríu Ísleifsdóttur. Liðsstjóri var sem fyrr Hannes Stefánsson.

Morfís

FSu tók þátt í Morfís og komst í sextán liða úrslit. Fyrir FSu kepptu Andrea Victorsdóttir, Gabríel Werner Guðmundsson, Krístrún Ósk Baldursdóttir, Sigrís Erla Ragnarsdóttir.

Háskóladagurinn í FSu

Háskóladagurinn var haldinn miðvikudaginn 29. mars. Þar kynntu allir háskólar landsins námsframboð sitt.

Vísnakvöld kórs FSu

Kór FSu hélt vísnakvöld í sal skólans fimmtudaginn 23.mars.

Málstofa sjúkraliðanema

Tíu nemar kynntu lokaverkefni sín í hjúkrunarfræði á málstofu sjúkraliðanema í lok vorannar.

Nemendurnir munu útskrifast á haustönn að loknu þriggja mánaða verknámi.

Verkefnin voru fjölbreytt og fróðleg, en erindin fjölluðu meðal annars um jaðarpersónuleikaröskun, gláku, kvíða meðal barna og unglinga, hjartabilun og kransæðasjúkdóma. Gestir sem komu til að hlusta og fagna með hópnum voru mjög ánægðir. Á eftir var boðið upp á kökur og kaffi.

Kórinn fer á flakk

Kór FSu fór í velheppnaða ferð til Dublin í lok vorannar.

Af jöklaferð

25. apríl gengu nokkrir vaskir nemendur, ásamt kennurum á Eyjafjallajökul. Dagurinn var tekinn snemma og keyrt austur að Seljavallalaug þar sem gangan hófst. Förinni var heitið upp á topp jökulsins sem er í 1666m hæð. Í byrjun var veðrið mjög gott, hiti í lofti, sól og logn. Þegar líða tók á daginn fór veðrið því miður versnandi. Fyrst þykknaði upp svo að skyggni varð ekkert, svo fór að blása og að lokum bættist úrkoma við. Þegar hér var komið sögu voru flestir komnir í öll fötin sín, með brodda á fótunum og ísexi í höndunum. Að sjálfsögðu gengu menn tengdir saman í línu eins og vera ber á jökli. Þegar hópurinn var kominn í 1320m hæð tóku fararstjórar þá ákvörðun að snúa við. Jökullinn varð því ekki sigraður í þetta sinn. Í svona ferðum er betra að snúa við frekar en að tefla á tvær hættur.

Eðlur heimsækja skólann

Skólinn fylltist af grænum eðlum föstudaginn 5. maí. Þar voru á ferð dimmitantar, nemendur sem stefna á að ljúka námi á vorönn. Eðlurnar voru systur og bræður Pascal, eðlu, sem birtist í teiknimyndinni Tangled. Eðlurnar stigu dans og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þeir sér á kjötsúpu með starfsfólki og héldu svo út í óvissuferð.

Námsferð til Valencia

Laugardaginn 27. maí héldu starfsmenn skólans í vikulanga ferð til Valencia á Spáni. Heimsóttir voru þrír skólar, einn í Valencia og tveir skólar í bænum Alcoi en þeir eru þáttakendur í Erasmus+ verkefni ásamt FSu.

Þakkir fyrir vel unnin störf

Á brautskráningu í vor voru tveir starfsmenn kvaddir og heiðraðir við starfslok, Hannes Stefánsson og Jóna Ingvarsdóttir. Skólameistari afhenti starfsmönnunum bókagjöf við þetta tækifæri. Hannes hóf störf við skólann árið 1984. Hann kenndi aðallega þýsku en einnig íslensku, íslensku sem erlent tungumál og latínu auk þess sem hann hafði umsjón með Gettu betur lið skólans til langs tíma. Jóna hóf störf við skólann árið 2000. Hún kenndi ýmsar greinar á starfsbraut. Fjölbrautaskóli Suðurlands óskar þeim alls hins besta í framtíðinni með þökkum fyrir frábært starf.

2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Sigursveinn Már Sigurðsson

2.1.1 Enska

Kennarar og áfangar sem þeir kenna á hvorri önn

	Haustönn 2016	Vorönn 2017
Guðfinna Gunnarsdóttir	ENSK3FO05	ENSK3PC05
	ENSK2OL05	ENSK2YL05 (fjarnám)
	ENSK2OL05 (fjarnám)	ENSK2HC05
	ENSK3PG05	ENSK1HA05
Helgi Þorvaldsson	ENSK1HA05	ENSK2HB05
	ENSK2HB05	ENSK2OR05
	ENSK2FO05	ENSK3PB05
	Kennsla Sogn	Kennsla Sogn
Kristjana Hrund Bárðardóttir	ENSK1HE05	ENSK1HA05
	ENSK1RX05	ENSK1RX05
	ENSK2ER05	ENSK3YL05
	ENSK3FO05	
Paola Daziani	ENSK2OL05	ENSK3YL05
	ENSK2OR05	ENSK2OR05
	ENSK2HC05	ENSK2YL05
Sveinn E. Magnússon	ENSK1HA05	ENSK2HB05
	Kennsla Litla Hraun	Kennsla Litla Hraun
Ægir Pétur Ellertsson	ENSK3PA05	ENSK3PB05
	ENSK2HB05	ENSK2HC05
	ENSK2HC05	ENSK2OL05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu. Fjöldi áfanga, nemenda og hvernig til tókst

Þar sem miklar breytingar hafa verið á námsskrá og margir áfangar nýskrifaðir og kenndir, er stöðugt verið að þróa efni, aðferðir og námsmat í deildinni. Boðið var upp á nýja áfanga á 2. þrepi, fótboltaensku (ENSK2FO05), kennari HP og English in real life (ENSK2ER05) kennari KHB. Fótboltaenskan sem kennd var á haustönn kom ekki nægilega vel út. Fáir voru innritaðir

og enn færri luku áfanganum svo varla er grundvöllur fyrir áframhaldi hans. English in real life gekk mjög vel, þar fór hluti nemenda (11) m.a. í vel heppnaða ferð til London þar sem þeir lærðu að bjarga sér í daglegu lífi. Nemendur æfðu sig í atvinnuviðtölum, gerðu ferilskrá ásamt því að lesa kjörbók að eigin vali og ýmisleg fleiri hagnýt verkefni. Áfanginn er í boði á haustönn og rúmlega 50 nemendur búnir að velja hann. Kennsluaðferðir og námsmat í ENSK2OR05 er áfram í þróun þar sem tilraunir hafa verið gerðar með verkefnadreifingu og vinnu nemenda. Áfangar í yndislestri á 2. og 3. þrepi eru áfram í mótun, yndislestur hefur verið að koma vel út og kennarar sífellt að bæta við langan lista af skáldsögum fyrir nemendur. GG kenndi tvo nýja áfanga 3.þrepi, ENSK3PG05 á haustönn, þemaáfanga um stríð sem gekk mjög vel og gerðar voru tilraunir með ólík verkefnaform og ENSK3PC05, viðskiptaenskuáfanga á vorönn sem gekk einnig mjög vel. Að auki kenndi GG yndislestur í fjarnámi á vorönn, þar sem fésbókin var notuð til að halda utan um nemendur og til þess að taka munnleg próf og reyndist virka vel.

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.

Kennarar nota mismunandi námsmat eftir áföngum. Þar á meðal eru lokapróf, símat, verkefnamiðað námsmat með leiðsagnarmati í bland. Aukin áhersla hefur verið lögð á að efla munnlega færni og munnleg próf. Sumir telja að lokapróf henti betur á neðri stigum til þess að tryggja að nemendur fari ekki upp um þrep án þess að hafa náð tökum á grundvallatriðum tungumálsins á meðan aðrir telja sig geta náð því sama fram með símati. HP: „Almennt um símat versus lokapróf þá er undirritaður á þeirri skoðun að próf séu nauðsynleg á neðri stigum sem síða til að koma í veg fyrir að nemendur sem ekki hafa náð tökum á grundvallatriðum tungumálsins geti farið upp um áfanga eftir áfanga. Reynslan sýnir hinsvegar að símat getur gert nemendum þetta kleift vegna þess að samvirkusemi og iðni eru oft hærra metin í símatsáföngum en raunveruleg kunnátta í faginu.”

Mikilvægt er að finna tíma við lok anna til að bera saman bækur í námsmati og skoða niðurstöður. Stefnt er að því að safna saman námsmatsniðurstöðum til að geta borið saman námsárangur í einstökum áföngum milli ára. Þá ætti að vera auðveldara sjá, bæði hvernig nýjir áfangar eru að koma út í nýju kerfi og hvort að það sé merkjanlegur munur á námsmatsaðferðum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt.

ÆPE sótti sumarnámskeið á vegum Félags Enskukennara í York í Englandi 25-29. júní. KHB sótti námskeiðið Hugþjálfun – leið til árangurs hjá endurmenntun HÍ í apríl 2017. GG sótti námskeið í leiklist og spuna tengd ritun í Leiklistarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu.

New Headway Upper- intermediate var tekin inn í ENSK2HB og ENSK2HC og er þá kennd í tveimur áföngum, sem er gott fyrir nemendur. GG notaði heimildarmyndir og skáldsöguna Slaughterhouse 5 í ENSK3PC05, heimildarmyndirnar voru gríðarlega áhugavert efni til að kynna fyrir nemendur. Nemendur fóru einnig á stúfana á alnetinu í heimildaefnisleit sem þeir deildu svo með samnemendum sínum, það virkaði vel. Um 40 nýjir titlar voru settir inn í áfanga í yndislestri.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs.

Skoða þarf hvort að ekki megi auka við tíma þar sem fagleg vinna er í forgrunni. Tekinn sé frá tími í skóladagatali, mögulega nokkrir hálfir dagar, t.d. einn í mánuði þar sem unnið er með ákveðin þemu þar sem hitað væri upp með fræðslufyrirlestri utan frá t.d. gætu kennarar í íslensku og ensku átt samtal um kennsluaðferðir í ritun og lestri þar sem þessari deildir eiga meira sameiginlegt en enska og danska eða enska og 3. mál. Einnig væri hægt að setja áherslu á þverfaglega vinnu og samstarf milli deilda og ýta þannig undir meiri samvinnu til dæmis milli starfsgreina og bóklegra greina. Til þess að okkar grein geti þróað sig áfram og unnið með nýjungar þarf að búa til pláss í vinnutíma, með sveigjanlegri kennslu er hægt að senda nemendur út að vinna á nemendatíma, en kennarar geta þá unnið að þróun nýjunga og útfærslu á meðan.

Áfram verði haldið með samtal við fulltrúa grunnskóla, þeir tveir fundir sem haldnir voru með grunnskólakennurum á skólaárinu voru gagnlegir og góðir. SEM stingur upp á að tekin verði upp lokapróf í öllum áföngum. HP stingur upp á að ENSK2OR05 verði gerður að skyldu á 2. þrepi fyrir þá sem ætla upp á 3. þrep í ensku.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Skoðað verði hvort festa megi kaup á hugbúnaði til að fara yfir ritgerðir til að koma í veg fyrir ritstuld. Sumir vilja fá 60 mínútna kennslustundir og fækkun kennsludaga á móti.

Enn og aftur er beðið um meiri tíma á skólaárinu (miðjum starfstíma) fyrir faglega vinnu.

Annað

Í raun má segja að ekki verði hægt að meta skil milli skólastiga og hvernig nýtt námsmat við lok grunnskóla og ný námsskrá í FSu kemur heildrænt út fyrir en við förum að útskrifa nemendur sem hafa byrjað í nýja kerfinu. Okkar tilfinning er samt sú að sú þrepaskipting og áfangar sem þar er boðið upp á endurspegli þörfina sem fyrir hendi er sem og að nemendur sem koma nú upp úr grunnskóla sé betur raðað inn á þrep. Það er kostur að geta boðið upp á getuskipt nám með mismunandi hraða á yfirferð og fjölbreyttum leiðum í námi.

2.1.2 Íslenska

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Bryndís Guðjónsdóttir	ÍSLE3HR05	ÍSLE3HR05
Elín Una	ÍSLA1GA05	ÍSLA1GA05
	ÍSLA1GB05	ÍSLA1GB05
	ÍSLA2ÍA05	ÍSLA2ÍA05
	ÍSLA2ÍB05	ÍSLA2ÍB05
	ÍSLA3MA05	ÍSLE3NJ05
	ÍSLA3MB05	
	ÍSLE3NB05	
	ÍSLE2VI05	
Gísli Skúlason	ÍSLE3HR05	ÍSLE3HR05
	ÍSLE1MR05	ÍSLE2BB05
Guðbjörg Grímsdóttir	ÍSLE2OS05 + fjarnám ÍSLE2OS05	

	<i>HUGI2NÚ05</i>	ÍSLE1DE05
	<i>ERGÓ1AA05</i>	<i>ERGÓ1BB05</i>
	<i>BRAG1SC01</i>	
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSLE2OS05 + fjarnám	ÍSLE2OS05
	ÍSLE1FA05	ÍSLE1FB05
		ÍSLE1LR05
Jón Özur Snorrason	ÍSLE1MR05	ÍSLE2BB05 (2)
	ÍSLE2AP05 (2)	ÍSLE2UT05
	ÍSLE3HR05	ÍSLE3KO05
Katrín Tryggvadóttir	ÍSLE1LR05	ÍSLE1DE05
	ÍSLE3HR05	ÍSLE2YL05
	ÍSLE3PS05	
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	ÍSLE2VI05	ÍSLE3MU05
		ÍSLE3NJ05
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSLE3NB05	ÍSLE3KB05
	ÍSLE1MR05	GOÐI1SX02
	ÍSLE3HR05	<i>Félagsfræði</i>
	GOÐI1SX02	

Eftir tveggja ára innleiðingarferli á nýjum áföngum og fyrirkomulagi sem sett var fram í nýrri Aðalnámskrá má segja að kostir og gallar þess að breyta íslenskuáföngum samkvæmt því séu nú farnir að líta dagsins ljós. Val nemenda er mjög mikið og þykir mörgum það gott. Kennsluhættir hafa tekið breytingum og eru sífellt að verða fjölbreyttari. Með auknu

framboði áfanga rofnar þó samfella í námi sem veldur því að nemendur hafa ekki alltaf þann grunn sem talið er að þeir þurfi að hafa þegar þeir koma upp á 3. þrep. Vinna kennara eykst einnig og þeir kenna ekki sama áfanga önn eftir önn eins og áður var nema með örfáum undantekningum.

NÝJUNGAR Í KENNSLUHÁTTUM Á SKÓLAÁRINU OG MAT Á ÞEIM

Á skólaárinu hafa kennarar verið með töluverðar nýjungar og kennsluhættir eru að breytast þegar litið er á heildina. Símat er orðið í öllum áföngum og á vorönn voru engin lokapróf lögð fyrir nemendur í íslensku. Þá er leiðsagnarnám [formative assessment] farið að skjóta upp kollinum.

FYRSTA ÞREP

ÍSLE1FA05 OG ÍSLE1FB05, Fornám: Fornámið var í gangi báðar annir, a og b. Um áramót var nálægt helmingur nemenda útskrifaður úr hópnum. Kennsla var í formi símats og nokkrar aðferðir leiðsagnarnáms prófaðar. T.d. voru viðtöl við nemendur, bæði í upphafi annar og á meðan á náminu stóð og þau gáfust einstaklega vel og mynduðu tengsl sem erfitt hefði verið að mynda án þeirra. Í þróun eru sérstök blöð sem notuð voru í fyrstu viðtölunum, nemendum og kennara til leiðsagnar. Stefnt er að því að innleiða leiðsagnarnám að fullu í áfangana á næsta skólaári.

ÍSLE1LR05, Lestur og ritun: Áfanginn er nánast eins frá ári til árs. Þetta er dæmigerður símatsáfangi sem nýtir matsblöð nokkuð mikið. Eina sem hefur breyst í honum er að svolítið hafa verið prófaðar leiðsagnarnámsaðferðir og meira var um viðtöl en stundum áður.

ÍSLE1DE05, Delludagar: Áfanginn var kenndur í annað sinn í vetur og var þróaður svolítið en þarfnast frekari þróunar. Auðvelt væri t.d. að innleiða leiðsagnarnám í áfangann.

ÍSLE1MR05, Mál og ritun: Sambærilegur áfangi og Delludagar. Áfanginn gekk að ýmsu leyti vel en brottfall var mikið strax á fyrri hluta annar. Hóparnir urðu því fámennir og það hefur áhrif á kennslu. Þeir sem áfram héldu stóðu sig ágætlega. Lögð var áhersla á skapandi verkefni og ritun, auk þess sem reynt var að efla sjálfstæð vinnubrögð.

ANNAÐ ÞREP

ÍSLE2OS05, Orðspor: Áfanginn er í sífelldri þróun og hefur tekið breytingum í vetur og er nú að verða mjög heilsteyptur og markviss. Leiðsagnarnám hefur verið í skoðun hjá kennurum áfangans og er að verða áberandi í ýmsum þáttum hans. Leiðsagnarnámið er nú í formi matskvarða, viðtala, markvissrar endurgjafar og einnig taka nemendur þátt í mati ákveðinna atriða áfangans svo eitthvað sé nefnt. Stefnt er að því að innleiða leiðsagnarnám að fullu í áfangann á næsta skólaári.

ÍSLE2YL05, Yndislestur: Í YL var skyldubókum breytt og einnig vangaveltu bók. Í henni áttu nemendur í þetta skiptið að skrifa formlegar efnisgreinar með lykilsetningu, umræðu um efnið og niðurstöðu.

ÍSLE2VÍ05, Víkingar: Fjölbreyttur og skemmtilegur áfangi sem gekk vel.

Aðrir áfangar 2. þreps á skólaárinu voru allir með símati: ÍSLE2BB05, barnabókmenntir; ÍSLE2AP05, afþreyingarbókmenntir; ÍSLE2UT05, uppistand og tjáning.

ÞRIÐJA ÞREP

ÍSLE3HR05, Heimildaritun: Áfanginn er í sífelldri þróun og vonandi þróast hann smátt og smátt í heildstæðan og góðan áfanga.

ÍSLE3PS05, Þjóðskáldin: Áfanganum var breytt talsvert. Bókmenntasagan var felld út. Það er alveg spurning hvort það var til bóta því nemendur náðu tæplega heildarsýn á tímabilið. Þá vantar grunninn fyrir bókmenntirnar til að byggja á. Bókmenntalestur var aukinn. Ég held að bókmenntaáfangarnir séu að verða einsleitari og nemendur séu að fá svolítið mikið nóg af bókmenntum. Ég held að það þurfi aftur að setja inn málnotkunarverkefni og þælingar um meðferð málsins. Ritun, sögur og ljóð eru ágæt en mega ekki verða einráð í áföngum.

ÍSLE3NB05, Nútímabókmenntir; Áfanginn var kenndur með svipuðum hætti og vorið 2016. Að þessu sinni var bókin „Konan við 1000“ kennd í annað sinn. Bókin er viðamikil, kemur víða við í sögu Íslands og Evrópu og býður upp á margar tengingar við sögu, tungu og menningu. Það er því mjög skemmtilegt að láta nemendur vinna með hana. Bókmenntafræðihluti áfangans er hins vegar með mjög hefðbundnu sniði og mætti e.t.v. skoða kennsluefni og kennsluaðferðir með nýjungar í huga.

ÍSLE3NJ05, Njála - Áfanginn var kenndur í fyrsta sinn og því var allt sem í honum var gert nýjung. Áfanginn gekk vel og var lögð sérstök áhersla á túlkun, skilning, ályktanir og rökstuðning. Nemendur fengu góða þjálfun í ritun og þurftu að skila inn vangaveltubókum, ritunarverkefnum og skrifa fjórar tímaritgerðir. Munnlegt próf gildi 15%.

ÍSLE3MU05, munnmælasögur: Nýr áfangi með símatsverkefnum sem byggður var upp frá grunni á vorönn.

ÍSLE3KO05, kvennabókmenntir: Nýr áfangi með símati.

Íslenska sem annað mál

ÍSLA, Íslenska sem annað mál: Áfanginn var kenndur með hefðbundnu sniði. Þær breytingar gengu þó í gegn að nú voru teknar inn bækurnar Íslenska fyrir alla 1-4 fyrir alla nemendur. Nemendur hafa því nú allir eina „vinnubók“ til að vinna í ásamt öðrum verkefnum sem við leggjum fyrir. Þetta gefur meiri „kjölfestu“ í námið að mati kennara áfangans.

Annað sem nefnt er um nýjungar án tengingar við ákveðna áfanga:

Einn kennari segir: Nýjungarnar felast einkum í því að kenna nýsamsetta áfanga. Ég er ennþá að átta mig á hinu nýja fyrirkomulagi áfanganna. Breytingin á framhaldsskólanum kallaði á uppstokkun efnisins og hafa því fjölmargar nýjar kennslubækur (einkum sögur til lestrar og greiningar) verið valdar til kennslu. Aðferðirnar færast alltaf fjær beinni kennslu (fyrirlestrum með glærum) og nær leitarnámi, hópavinnu, einstaklingsvinnu, rannsóknunum, hugkortagerð, stuttmyndagerð, sjálfstæðum vinnubrögðum o.s.frv.

Og annar segir:

Það má segja að ég er reyni að nýta fjölbreytilegar kennsluaðferðir og reyni að gefa nemendum mínum möguleika á fjölbreytilegum skilum á verkefnum. Á haustönn lét ég nemendur vinna saman að hljóðupptökum sem skil á einu verkefninu sem á vorönninni varð að hljóð- og myndatöku. Við skil á verkefnum í ferlisrituninni leyfi ég nemendum að hafa fjölbreytilegt val á skilum t.d. efnið sett upp í bæklingi, á veggspjaldi eða sem greinum. Í

mörgum verkefnum er hópavinna og á vorönninni hef ég meira notað paravinnu sem mér finnst skila meiri árangri.

Þar sem þessi áfangi er ferlisritunaráfangi og því e.t.v. frekar þurr þá finnst mér að með því að láta nemendur vinna í pörum það skili bestum árangri. Nemendur ræða þá málín og eru sammála um niðurstöður.

Sá þriðji segir:

Ég hef lagt áherslu á ritun og skapandi verkefni, einnig hef ég reynt að efla sjálfstæð vinnubrögð hjá nemendum.

Því miður virðast sumir nemendur uppteknir af vinnu og símanotkun sem gerir það að verkum að námið mætir afgangi.

Sá fjórði segir:

Ég færði mig til innan byggingarinnar. Var ekki alltaf inni í stofunni. Skipti hópnum í nokkrar lausar stofur, notaði kjallarann, fór fram á gang og þess háttar. Allt uppbrot finnst mér gefast vel. Að skipta um umhverfi getur skipt verulegu máli við að skapa nýtt eða viðeigandi andrúmsloft.

NÁMSMAT. SÍMAT/LOKAPRÓF. MAT Á NÁMSMATSADFERÐUM

„Símat er að mörgu leyti jákvæð leið en hins vegar verður að vanda til verka og úthugsa námsmat við upphaf og setja inn ýmsa varnargarða, ef við getum notað þá líkingu,“ segir einn kennarinn og bætir við „þ.e. að þau flæði ekki í gegn án þess að hafa haft kannski of lítið fyrir hlutunum. En meginmarkmið ætti jú alltaf að vera að nám fari fram og það er sannarlega jákvætt er vera sífellt að leita hinnar fullkomnu leiðar til náms.“

Almennt er eingöngu símat í áföngum í íslensku sem byggir á verkefnum úr efni áfangans jafnt og úr lesefni hans. Að sögn eins kennara áfanganna LR, DE, YL og HR hentar símat t.d. nokkuð vel þar. Þar er því líklega engin ástæða til að prófa í annarlok. En skiptar skoðanir eru um hvort það ætti að taka upp próf að nýju.

Símatið byggist almennt á verkefnum sem unnin eru á önninni en einnig á prófum. Verkefnin eru mjög fjölbreytt og má nefna einstaklingsverkefni, paraverkefni, hópverkefni, alls konar

ritanir s.s. sögur, hugleiðingar, rökfærslur, myndasögur, hugtakakort, hljóðupptökur, sjónvapsþætti o.m.fl. Prófin eru einnig fjölbreytt; munnleg og skrifleg próf en þar má sjá mikla fjölbreytni í verkefnum s.s. krossapróf, beinar spurningar og ritgerðarspurningar, tengingar, skilgreiningar, tjáningu, túlkanir, skapandi verkefni o.m.fl.

Einkunnir eru oftast birtar jafnóðum á múðlu sem hefur bæði kosti og galla. Nemendur eiga að geta séð stöðu sína frá degi til dags, þó með þeim fyrirvara að þeir átti sig á vægi verkefna og geti metið hvert stefnir miðað við það. Þetta er góðra gjalda vert en því miður eru einnig nokkrar hindranir sem staðið er frammi fyrir. Of margir nemendur sleppa t.d. hluta af námsefninu í sumum áföngum. Þeir reikna út að hvenær þeir eru búnir að ná 4,5 og þar með finnst þeim nóg komið þar sem þeir séu búnir að ná áfanganum. Metnaður nemenda er því ekki alltaf nægur þegar um símat er að ræða.

En það eru fleiri hindranir sem við stöndum frammi fyrir varðandi símatið. Þannig kemst einn kennarinn að orði: Verðum að lotubinda annirnar skýrar og betur sérstaklega eftir að þær voru lengdar. Auk þess þarf að skilgreina betur gildi (mikilvægi) mætingar í símatsáfanga. Lokapróf þarf ef til vill að taka upp að nýju. Það er losaragangur á mætingu margra nemenda og gengur það ekki upp í símatsáföngum. Setja þarf viðmið um lágmarks raunmætingu. Ef henni er ekki náð fer nemandinn í lokapróf.

Nánari lýsing á símati í HR kemur frá einum af mörgum kennurum áfangans:

Þessi áfangi er símatsáfangi en þó eru fjögur smápróf með 5% vægi inn á önninni. Í lok annarinnar er vægi lokaritgerðar 40% sem er auðvitað nokkuð mikið vægi en þó nauðsynlegt vegna þess að þetta er mikið verkefni. 20 % af áfanganum er flutningur á lokaritgerðinni og er það hugsað sem nokkurskonar vörn. 20% eru önnur verkefni þar sem nemendur hafa tækifæri til að nota mismunandi tegundir af skilum á flestum þeirra. Ég held að þar sem þessi áfangi er aðferðaáfangi þá er hann nokkuð fastmótaður í aðferðum við námsmat. Við notum leiðsagnarmat við fyrirgjöf á ritgerðinni sjálfri og í vörninni þar sem nemendur eru meðvitaðir um gildi og vægi hvers þáttar. Nemendur koma að lokum í einstaklingsviðtöl til kennara þar sem farið er vel yfir ritgerðina og allt námsmatið. Ég er með sjálfsmat og jafningjamat sem er 20 % af vörninni.

Eins og áður hefur komið fram eru lokapróf orðin ansi fá í FSu og sumir sakna þeirra. Ástæðan fyrir því að ýmsir áfangar eru án lokaprófs er ekki andúð á lokaprófum, heldur það mat kennara að símat henti betur þeim viðfangsefnum og markmiðum sem sinnt er í ýmsum áföngum. Kostir lokaprófa eru þeir að þau fá nemendur til að lesa allt námsefnið og þar með að ná ákveðinni heildarsýn á allt efnið sem ekki fæst á sama hátt í símati. Í áfanganum þS telur kennari t.d. að próf sé nauðsynlegt í annarlök. Einnig má benda á að þar sem leiðsagnarnám er notað gæti verið eðlilegra að meta í lok áfanga en í honum miðjum þar sem markmið leiðsagnarnáms er að ýta nemendum stöðugt áfram og fá þá til að endurmeta og bæta.

Annar kennarinn í DE efast um munnlega prófið í lok og segir að það bæti nánast engu við efni áfangans né þekkingu, leikni eða færni nemandans. Nauðsynlegt er samt að hafa munnlegt verkefni í lok áfangans sem ekki útheimtir langan tíma í yfirferð.

Margir af íslenskukennurunum eru hlyntir því að vinna meira með leiðsagnarnám/leiðsagnarmat. Sumir telja að það hafi þó einhverja annmarka s.s. að það liggi misvel að áföngunum. Þannig sé það ákaflega hentugt í áföngum eins og heimildaritun þar sem í langan tíma er unnið að sama verkefninu í allmargar vikur með nokkrum hlutaskilum. Síðan fái nemendur ritgerðir með athugasemdum og mati til endurbóta og gera síðan kennara grein fyrir þeim breytingum og hvað þeir lærðu af ferlinu.

Kennarar orðsporsáfangans telja að leiðsagnarnám henti mjög vel þar og reyndar í öllum áföngum. Það þurfi þó að sníða það að hverjum áfanga fyrir sig og finna réttu leiðsagnarnáms leiðirnar.

Æskilegt væri að taka upp meira leiðsagnarmat, en það er hægara sagt en gert og gengur misvel eftir áföngum, segir einn kennarinn. Til dæmis liggur það nokkuð vel við í Heimildaritun það sem unnið er að sama verkefninu í allmargar vikur með nokkrum hlutaskilum.

Margir eru s.s. tilbúnir til að taka upp leiðsagnarnám og telja það hafa ýmsa kosti. Það kemur þó fram að þó kostir þess vegi þungt verði að finna leiðir til þess að kennarar geti sinnt matinu jafnframt því að fram fari nám og kennsla. Einn kennari nefnir t.d. að þó hann hafi haft einlægar fyrirætlanir um að taka upp leiðsagnarmat í byrjun haustannar og aftur á

vorönninni í hinum íslenskuáföngunum og Ergó hafi það allt runnið út í sandinn, einkum vegna þess að hann fann ekki leiðir til að sinna slíku meðfram öðrum skyldum kennarans.

NÁMSKEIÐ SEM KENNARAR HAFA SÓTT

Nokkuð var um að kennarar sætu námskeið í hinum ýmsu atriðum sem oftast tengjast kennslu þeirra á einn eða annan hátt.

Bryndís Guðjónsdóttir:

- Var í HÍ í haust í áfanga sem heitir Almenn kynjafræði sem er 10 eininga áfangi

Gísli Skúlason:

- Ráðstefna á vegum Microsoft á Íslandi, til að kynna Office 365 og möguleika þess fyrir skóla.
- Námskeið í FSu um Office 365, leiðbeinandi Elín Jóna Traustadóttir úr ML.
- Námskeið á vegum Forlagsins og lðnú um rafbækur og danskt forrit sem forlögin eru að taka upp til rafbókagerðar.
- Matreiðslunámskeið hjá Jözuri og Jórunni.

Guðbjörg Grímsdóttir:

- Námskeið í skapandi skrifum 12.-14. maí

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir:

- Sumarnámskeið móðurmálskennara um menningararfinn að Hólum í Hjaltadal.
- Átta kvölda Njálunámskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands 12.9 – 9.11 sem Ármann Jakobson kenndi.
- Skapandi skrif, helgarnámskeið helgna 12.-14. maí.
- Námskeið í rímnakveðskap hjá Arnheiði 9 klst
- Matreiðslunámskeið hjá Jóni Özuri og Jórunni kvöldnámskeið

Katrín Tryggvadóttir:

- Njálunámskeið í HÍ
- Fjögur námskeið um handverk víkinga hjá Hfí.
- Tvö önnur námskeið hjá Hfí

Ragnhildur

- Sumarnámskeið móðurmálskennara á Hólum í Hjaltadal – Menningararfurinn allur?
- Njálunámskeið hjá Endurmenntun, kennari Ármann Jakobsson – kennt í 8 vikur.
- Námskeið í rímnakveðskap hjá Arnheiði – 9 klst.

Rósa Marta Guðnadóttir:

- Sótti námskeið íslenskukennara á Hólum í Hjaltadal sem nefnist Menningararfurinn allur.
- Átta kvölda Njálunámskeið á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands 12.9 – 9.11 sem Ármann Jakobson kenndi.
- Ég starfa með DKG sem eru samtök kvenna í fræðslustörfum sem heldur reglulega fræðslufundi yfir veturinn.
- Ég sótti þing samtakanna á Akureyri vorið 2017, þema þingsins er forysta og faglegt lærdómssamfélag.

NÝJAR KENNSLUBÆKUR OG NÝ KENNSLUGÖGN Á ÁRINU OG MAT Á ÞEIM

Segja má að í ýmsum áföngum séu allar bækur nýjar fyrir kennaranum því algengt er að kennari sé að kenna áfanga í fyrsta sinn eða eins og einn kennarinn segir: „Segja má að öll kennslugögn séu ný í nýju umhverfi. Stöðugt er verið að tileinka sér nýtt efni og setja saman ný verkefni. Eftirfarandi má nefna sem nýjar kennslubækur: Sölva saga unglings í ÍSLE1MR05. Bósa saga, Dalalíf eftir Guðrúnu frá Lundi og Dimma eftir Ragnar Jónasson auk þjóðsagna og þriggja kvikmynda í ÍSLE2AP05. Maðurinn sem hataði börn eftir Þórarin Leifsson í ÍSLE2BB05. Óreiða á striga eftir Kristínu Mörju Baldursdóttur í ÍSLE3KO05. Comedi Writing eftir Gene Perret og How to be a Stand Up Comedian eftir Simon Cavalli í ÍSLE2UT05.“

Dæmi um nýjungar á fyrsta þrepi:

Kennari fornámsins samdi heildstæð verkefnahefti sérstaklega fyrir fornámið. Efnið gafst mjög vel, sérstaklega fyrra heftið. Vankantar verða sniðnir af verkefnunum á næstu önn og þau þróuð enn betur svo þau falli ennþá betur að leiðsagnarmati. Á fyrri önninni í fornámi lásu krakkarnir valbækur við hæfi. Nemendur sóttu í að lesa og lestur varð nokkuð mikill fyrir bragðið. Á vorönninni lásu allir bókina Annað land sem fjallar um fljóttafjölskyldu í Svíþjóð og

hvernig þeim gengur að fóta sig í nýju landi. Bókin gafst vel og nemendur voru margs fróðari um málefni flóttamanna á eftir. Sama bók var lesin í LR á þessari önn en á næstu önn gengur það ekki og því þarf að taka Indjánann upp aftur sem lesbók áfangans eða finna nýja bók og semja við hana verkefni.

Í MR var verðlaunabókin Sölva saga unglings lesin og gafst það vel. Áður hafði hún verið í DE en er því farin af lista þar.

Dæmi um nýjungar á öðru þrepi:

Í YL voru settar inn nýjar bækur sem skyldulesning. Leslistinn var uppfærður og talsvert mörgum bókum skipt út

Dæmi um nýjungar á þriðja þrepi:

Í ÞS voru engar bækur nýjar þar sem bókmenntirnar eru allar aldargamlar og vel það. Hins vegar voru ljóð og sögur lesnar sem legið höfðu í hvíld um nokkurn tíma.

TILLÖGUR AÐ STARFSÁÆTLUN NÆSTA SKÓLAÁRS

Almennt vilja kennarar byggja á því sem þegar hefur verið gert og reyna að sníða vankantana af. Margir benda þó á að samfella í íslenskunámi hafi rofnað við nýja námskrá. Sumir vilja binda einn áfanga á öðru þrepi til að leysa þennan vanda. Um það þarf að ræða og taka ákvörðun á næstu önn. Áfram þarf að ræða um faglegt efni og bæta þar í.

Nauðsynlegt hlýtur að vera að ræða valið sérstaklega. Mjög margir áfangar eru í boði á 2. þrepi og enn fleiri á 3. þrepi. Þetta er hamlandi þáttur fyrir kennara þótt nemendum þyki valið gott. Mikið framboð áfanga þýðir að áfangar eru sjaldan kenndir með þeim afleiðingum að erfitt er að þróa þá. Kennarar fá þá ekki að kenna áfanga tvær annir í röð og svo hentar jafnvel ekki að þeir fái áfangann næst þegar hann er kenndur. Þetta er minna vandamál á fyrsta þrepi en hinum þrepunum þar sem val er ekki mikið þar. Á fyrsta þrepi mætti hafa einn áfangann í stað DE og MR. Á öðru þrepi eru sjö áfangar í boði og tíu áfangar á þriðja þrepi. Þetta er gríðarlega mikið val miðað við það sem áður var. Hugsanlega mætti breyta valinu þannig að tveir 5 feininga skylduáfangar væru í íslensku, einn á 2. þrepi og einn á 3. þrepi.

Síðan væri hægt að hafa hina áfangana ýmist 2, 3, 4 eða 5 feiningar. Þannig fengju nemendur meira val og meira yrði um að kennarar endurkenndu áfanga.

ÚRBÆTUR SEM SKÓLAYFIRVÖLD GÆTU BEITT SÉR FYRIR

Skólayfirvöld mættu gjarnan stuðla að meiri umræðu innan skólans um nám og kennslu. Nú eru kennarafundir tíðir en umræðan lítil nema þá í fámennum hópum sem skila punktum inn í möppur og þar með deyr umræðan. Hvert stefnir skólinn? Hvert viljum við að hann stefni, og hvaða leiðir viljum við fara að því marki? Einnig mætti kanna hug nemenda meira og víðar en gert er með GNOKinu, um skólann í heild, kosti hans og galla og hvað mætti bæta. Á þeim stuttu stundum sem teknar hafa verið í slík umræðuefni verður sjónarhornið gjarnan mjög þröngt, um mætingar og skó svo dæmi sé tekið, en stóru málin verða útundan.

Efla þarf skólaandann. Auka menningarlegar uppákomur og líf í Loftaölum. Kalla hljómsveitir fram úr skúmaskotum. Auka þarf metnað. Gera þarf skýr mörk varðandi námið þannig að nemendur viti til hvers er ætlast af þeim, það er allur gangur á því sem hefur í för með sér að sumir nemendur telja að þeir geti tekið próf og skilað verkefnum þegar þeim sýnist

Endurnýja þarf skýrvarpa og hátalara í stofu 205. Síðan ætti að leggja áherslu á samvinnu og virðingu.

Fjölga tölvum til útláns á bókasafni svo auðveldara sé að gera þá kröfu að nemendur mæti með tölvur í tíma.

ANNAÐ

Nú er búið að kenna íslensku samkvæmt nýju fyrirkomulagi í tvö ár. Margt ágætt hefur komið út úr því s.s. að krakkarnir hafa mikið val og geta því farið nokkuð þær leiðir sem þeim hentar. Hins vega þarf að bæta ákveðin atriði. Ákveðið hafði verið að allir kennarar sem kenndu á 2. þrepi ættu að kenna uppbyggingu 5 efnisgreina ritunar, það hefur ekki gengið eftir þótt einhver ritun sé í öllum áföngum. Kennarar sem kenna á 3. þrepi hafa sumir hverjir kvartað undan því að nemendur kunni ekki ákveðna færni í ritun. Úr því mætti bæta með því að hafa a.m.k. einn skylduáfanga á 2. þrepi sem kenndi ýmis grunnatriði. Þetta gæti t.d. verið Orðsporið (ÍSLE2OS05) en sá áfangi tekur bæði á málvari, tjáningu og ritun og því góður

undirbúningsáfangi fyrir frekara íslenskunám. Það að hafa svona grunn er því nauðsynlegra þar sem námsmat í grunnskólum er orðið þannig að ákveðið meðaltal er tekið af getu nemenda og því geta þeir komist upp á 2. þrep án þess að kunna mikið í ákveðnum þáttum íslenskunnar s.s. ritunar.

Einn af reyndustu kennurum deildarinnar segir: Samfella í námi nemenda er horfin.

Nám nemenda er tilviljanakennt. Það er ekki lengur hægt að byggja ofan á það sem hægt var að reikna með að nemendur kynnu eða í það minnsta hefðu séð eða heyrt áður. Undanfarar áfanga eru engir.

Tími kennara er illa nýttur þar sem þeir kenna alltaf nýja og nýja áfanga og geta aldrei byggt upp einhverja þekkingu og leikni í kennslu ákveðinna áfanga.

Margir áfangar ná ekki að þróast og breytast á eðlilegan máta því það líður of langur tími á milli þess sem þeir eru kenndir. Svo er engin vissa fyrir því að sami kennari kenni áfangann aftur.

Annar segir: Finnst mjög skemmtilegt að fá frjálsar hendur til að móta áfanga. Vildi gjarnan sjá að íslenskan yrði tekin í gegn. Það þarf að vinna að því að íslenskan hafi ákveðna uppbyggingu í ritun og áfangar endurskoðaðir og endurbættir í samræmi við aðalnámskrá.

Enn einn: Samræma þarf námsmatsviðmið til að styrkja símatsáfangana.

AÐ LOKUM

Eftir tveggja ára innleiðingarferli á nýjum áföngum samkvæmt því fyrirkomulagi sem sett var fram í Aðalnámskrá má segja að bæði kostir og gallar hafi komið fram. Val nemenda er mjög mikið og þykir þeim það gott. Í gamla kerfinu voru kenndir sex áfangar sem telja má á 2.-3. þrepi en í nýju kerfi eru þeir orðnir sextán. Á 2. þrepi eru sjö áfangar. Orðsporssáfanginn er kenndur á hverri önn en hinir sex, aðra hvora önn. Á 3. þrepi er heimildaritun skylduáfangi, sem kenndur er á hverri önn en því til viðbótar eru níu áfangar í boði sem kenndir eru þriðju hverja önn.

Það gefur auga leið að með svo miklu framboði og minnkandi nemendafjölda næst ekki að kenna alla áfangana í beit. Það leiðir til þess að kennurum finnst þeir ekki ná að þróa áfangana nógu vel. Samfella er heldur ekki til staðar á sama hátt og var. Spurning er því hvort ekki verði að endurskoða með hvaða hætti framboð verður framvegis.

Hægt er að fara ýmsar leiðir s.s.

- fækka áföngum, sérstaklega á 3. þrepi.
- skipta áföngum 2. og 3. þreps í tvo undirflokka, a og b og samræma þær námslegu kröfur og atriði sem t.d. væru sett í ritun og slíku. Þannig myndi myndast samfellan sem menn nú sakna.
- sameina áfanga og taka það besta úr þeim.
- hafa tvo 5 f-eininga skylduáfanga og minnka aðra áfanga í 3 f-einingar og kenna þá ávallt tvo og tvo fyrirframákveðna áfanga í sama stokki. Þannig gæti nemandi valið tvo þriggja eininga áfanga saman til að fullnýta tímann í töflu og forðast göt.

Selfossi, 23. maí 2017,

Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir

2.1.3 Ergó

Fagstjóri: Gísli Skúlason

skólaárið 2016-2017

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Aníta Ólöf Jónsdóttir og	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Ægir Sigurðsson	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Bryndís Guðjónsdóttir	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05

Úlfur Björnsson	ERGÓ1AA05	
Ólafur Einarsson		ERGÓ1BB05
Gísli Skúlason og	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Jón Grétar Hafsteinsson	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Guðbjörg Grímsdóttir og	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Ronald Guðnason	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Ingunn Helgadóttir og	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	ERGÓ1AA05	ERGÓ1BB05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Á síðasta skóla ári var ákveðið að hætta með lífsleikni í FSu en taka þess í stað upp tvo áfanga fyrir nýnema, Ergó AA og BB. Skyldi fyrri áfanginn líkjast nokkuð lífsleikninni en sá síðari að fjalla um umhverfismál

Af þessu leiðir að margt var nýtt í þessum áföngum, einkum þeim síðari. Kennsluhættir tóku þó nokkurt mið af lífsleikninni, svo og verkefni sjálf að hluta til, ekki síst vegna þess að mjög naumur tími gafst til að undirbúa áfangana báða. Ef festa á þessa áfanga í sessi þarf að vinna þá mun betur, og til þess þurfa kennararnir, 10 talsins, að fá ráðrúm og tækifæri.

Á vorönninni beittum við nokkuð þeirri gamalkunnu aðferð að sýna vel valinn fræðslupátt um viðfangsefnið/þemað í byrjun, ræða málín og leggja svo fyrir verkefni sem yfirleitt voru unnin í hópum. Þetta gafst nokkuð vel en hefði að líkindum mátt vera fjölbreyttara í heildina. Sömuleiðis verður að hafa í huga að fáir slíkir þættir eru aðgengilegir með íslensku tali og í sumum tilfellum notuðum við ótextaða þætti með ensku tali, sem nemendur skildu misvel.

Annað sem hélt utan um efnið var fjölmiðlamappa um umhverfismál sem nemendur skiluðu inn vikulega, 2-3 fréttum á viku með umfjöllun. Markmiðin voru meðal annars að vekja nemendur til umhugsunar, fá þá til að fylgjast með umræðu um þessi mál og taka afstöðu. Í mörgum tilfellum gafst þetta vel en of margir voru þó lítt eða óvirkir í þessum námsþætti. Hugsanlega var of stór biti að láta þetta verkefni ná yfir alla önnina

Gefum Guðbjörgu Grímsdóttur orðið:

Ergó A byggði mikið á gömlu lífsleikninni sem er gott og gilt. Það var það auðveldasta í stöðunni þar sem ekki hafði unnist tími til að vinna áfangann og skoða hann vel áður en lagt var af stað. Ég myndi

vilja sjá þennan áfanga svona frekar praktískan, þ.e.a.s. að hér sé verið að kenna og þjálfar nemendur í vinnubrögðum af ýmsu tagi. Þetta á að vera meira verklegt en bóklegt að mínu mati. Nemendur eiga að tileinka sér vinnubrögð sem nýtast þeim vel í öðrum fögum og síðan eftir jól í Ergó B.

Ergó B er ætlað að byggja á þeim vinnubrögðum sem nemendur lærðu á haustönninni. Það gekk svona upp og niður. Ég fann fljótt að mér fannst þessi aðferð ekki virka sem ég og samkennari minn notuðum og fór þá að hugsa nýjar leiðir. Ég kom með þá hugmynd að vinna eitt stórt verkefni í stað margra smárra. Ég vann skipulagið, námsmátið og fleira. Þetta fór þannig að einn hópur slóst í för með okkur þannig að tveir hópar af fimm ákváðu að prófa þessa leið. Við fullunnum verkefnin og rammann og lögðum af stað. Þetta var skemmtilegt ferðalag. Við vorum sannfærð um að við hefðum gert rétt, við hefðum ekki náð sömu vinnugleði og virkni með óbreytt ástand. Við sáum hverju við myndum breyta, hvað gekk vel og hvað ekki.

Núna í lokin erum við að endurmeta ferlið, verkefnin og rammann. Erum sannfærð um að þessi leið virki og viljum kenna með þessu sniði á næstu vorönn (ef við kennum Ergó áfram). Munum kynna samkennurum okkar hvað við gerðum, hverju við viljum breyta og fleira.

Ronald Guðnason segir:

Allur áfanginn (áfangarnir) voru í mótun og ekki nógu skýr markmið og efnisinntak, þannig að kennsluhættir voru svolítið samkvæmt því. Það var nýtt fyrir mér að kenna saman með öðrum kennara, sem var mjög gott en krefst þó mikils samráðs.

Aníta Ólöf Jónsdóttir segir:

Hefði verið gott að hafa aðeins minna efni undir á haustönn, t.d. að geta einbeitt sér meira að heimildavinnu og fjármálalæsi.

Bryndís Guðjónsdóttir hafði þetta að segja:

Þar sem þessi áfangi er alveg glænýr varð öll kennsla áfangans ný ef svo má segja. Við vorum með fjölbreytilegar kennsluaðferðir og skil í öllum þáttum kennslunnar.

Eitthvað nýttum við úr gömlu Lkn eins og hópeflið og slíkt. Á báðum önnum notuðum við innlagnir, fyrirmæli á moodle, myndbönd, kvikmyndir o.fl. við kennsluna. Nemendur hafa fengið mikla möguleika á að skila verkefnum sínum og lausnum á fjölbreytilegan hátt og t.d. í lokaverkefnum annanna hafa nemendur nánast fengið frjálst val á hvaða hátt þeir skiluðu lausnum sínum.

Þessi kennsla hefur verið nokkuð fjölbreytileg og nauðsynleg því mörgum finnst þetta efni vera þungt. Flest verkefnin eru hópaverkefni og því nauðsynlegt að hafa sem fjölbreytilegustu kennsluaðferðir til að reyna að ná til allra nemendanna sem hafa mjög fjölbreytilegan grunn.

Ólafur Einarsson segir:

Þegar nemendur byrjuðu á vorönn voru þó nokkrir neikvæðir hópnum. Það má líklega rekja það til þess að viðkomandi hafði fallið í fyrri hlutanum. Þetta skapar neikvæða stemmingu hjá þeim og það smitar út frá sér. Er þetta þá afplánun hjá þeim? Það er ekki gott fyrir samnemendur og áfanga sem nær eingöngu byggir á hópvinnu.

Ægir Sigurðsson hafði þetta að segja:

Verið var að kenna áfangann í fyrsta skipti og lítill tími gafst til undirbúnings. Miðað við það þótti mér takast vel til. Ég hef sjálfur ekki kennt áður með öðrum kennara en samstarf okkar Anítu var mjög gott. Ég tel að efni áfanganna eigi mjög vel við á fyrsta ári í framhaldsskóla og yfirleitt voru nemendur áhugasamir og unnu ágætlega. Þegar svona áfangi er kenndur í fyrsta skipti er eðlilegt að ekki gangi allt upp eins og lagt var upp með, en flest gekk upp hjá okkur Anítu og vorum við nokkuð ánægð með hvernig til tókst. Lokaverkefni í ERGÓ1BB05 var þó heldur langt, það hefði vel mátt stytta og nota frekar einhverja tíma til verklegra „æfinga“ tengdum umhverfisvernd.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Báðir áfangarnir eru símatsáfangar, með allmörgum verkefnum og stærra verkefni í lokin. Allmargir nemendur virtust áhugalitlir, unnu lítið sem ekkert og féllu þar af leiðandi, án þess að virðast gera sér mikla rellu út af því.

Bryndís segir:

Þessi áfangi er símatsáfangi með fjöldann allan af smáverkefnum og í lokin stór verkefni. Nemendur héldu dagbók á haustönninni sem skilað var vikulega en á vorönn var fréttaumfjöllun þar sem nemendur skiluðu tveimur fréttum í viku. Í lokaverkefninu var vangaveltubók sem gildi helming af einkunn. Nemendur komu í viðtöl einir eða í hópum til að fá leiðsögn og mat á vinnu sína. Við vorum með jafningjamat í allmörgum verkefnum sem giltu 10% til 20% af einkunn.

Þar sem þessi áfangi er fjölbreytilegur tel ég að það sé æskilegt að hafa símat í honum. Sú námsmatsgerð kemur vel út.

Leiðsagnarmat var prófað í áföngunum, mismikið þó eftir hópum. Duglegust við það voru líklega Guðbjörg, Tómas og Ingunn. Í þessum sömu hópum voru líka stærstu lokaverkefnin á vorönninni. Líklega væri vænlegt til árangurs að auka hlut leiðsagnarmats í þessum áföngum, þó ekki hafi það skipt sköpum fyrir nemendur í öllum tilfellum á þessum vetri.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Sjá skýrslur annarra deilda.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Bryndís segir:

Mikið af efni er nýtt af vef. Margt af þessu var gott en þar sem nemendur eru ekki allir sterkir í ensku er það e.t.v. ekki það allra besta. Hætta er á að við ofmetum getu þeirra í ensku þar sem nemendur eru ekki allir sterkir í námi.

Mest var notast við heimildir og efni af netinu. Það hefur bæði kosti og galla eins og gefur að skilja. Kannski væri til bóta að taka saman grunnupplýsingar um umhverfismál fyrir seinni áfangann, þekkingargrunn sem hægt væri að kenna og ganga að í verkefnavinnu.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Guðbjörg segir:

Ég myndi vilja sjá að Ergókennarar fengju tíma til að fullvinna betur báða áfangana þannig að skilin á milli þeirra séu skýr, að seinni áfanginn nýti það sem nemendur tileinka sér í fyrri áfanganum og markmiðin séu skýr. Einnig myndi ég vilja að nemendur upplifðu mun á áföngunum, ekki bara innihaldi heldur líka kennsluaðferðum. Þannig að þegar nemandi er að lýsa áföngunum þá komi munur þeirra berlega í ljós. Þetta eru áfangar sem eru í þróun og eiga að vera það áfram, þannig verða þeir sem mest lifandi og skemmtilegir.

Bryndís segir:

Spennandi væri að hafa umhverfismessu á vorönninni þar sem nemendur kynntu lokaverkefni sín t.d. í sal á borðum sem væri svipað og þegar nemendur kynntu áhugamál sín í lkn.

Aníta segir:

Vantaði að hafa ferð, t.d. eftir páska. Fara í ferð þar sem nemendur geta fengið að spreyta sig á viðfangsefninu, annaðhvort að sjá með eigin augum sorpið við strendur Íslands og hreinsa það upp og fara með á viðeigandi urðunarstöð. Eða fara til RVK og heimsækja nokkra mismunandi staði, t.d. HR (sem er að gera góða hluti í flokkun á sorpi), Landvernd, fyrirtækið Grænir símar o.fl. Væri hægt að hafa mismunandi stöðvar. Einnig er sniðugt að vera í samstarfi við Landvernd varðandi Hekluskóga, taka þátt í því verkefni með einhverjum hætti.

Ronald hefur verið gagnrýninn á Ergóáfangana og tilveru þeirra, eins og líklega fleiri raungreinakennarar. Hann segir:

Mín persónuleg tillaga er sú að fella niður annan áfangann og sameina þessa tvo í einn. Mér finnst óeðlilegt að stytta heildarnámstímann en lengja hann að óþarfi með ERGÓ, nemendur eiga í fullt í fang með að ljúka öðrum skylduáföngum á sínum námsbrautum. ERGÓ hefur kostað þá dýrmætan tíma og tekið þátt í að drepa niður áhuga nemenda á skólanum almennt.

Ólafur Einarsson segir:

Það er ljóst að fyrir nemendur á náttúrufræðilínu þá er mikil skörun við námsefni ERGÓ í ýmsum greinum á vorönn. Það sem var fjallað um er tekið fyrir í ýmsum áföngum sem þessir nemendur taka s.s. umhverfisfræði, landafræði, jarðfræði og líffræði. Nemendur á náttúrufræðilínu ættu a.m.k. að sleppa við seinni hluta ERGÓ vegna þessarar skörunar og til þess að auka möguleika á vali hjá þeim.

Á samráðsfundi í lok annar var nokkuð rætt um lokaverkefni beggja áfanganna, sem áttu að vera opin en reyna jafnframt á þekkingu og vinnubrögð nemendanna. Þetta þótti ekki takast nógu vel, einkum í seinni áfanganum þar sem vinnan skilaði ekki nógu góðum árangri. Ekki voru þó kennarar sammála um hvernig bregðast ætti við, hvort betra væri að stýra verkefnum og vinnu nemenda meira eða reyna að efla sjálfstæði nemenda frekar þó árangurinn yrði kannski ekki jafn sýnilegur. Hugsanlega hafa markmið verkefnisins ekki verið nógu ljós í hugum nemendanna.

Einnig var rætt um samfellu áfanganna, sem ekki þótti nógu góð. Kom til dæmis fram það viðhorf að leggja ætti meiri áherslu á vinnubrögð í fyrri áfanganum, sem svo ætti að nota í þeim síðari. Hér má hafa í huga að námstækni, sem var allstór hluti af Lífsleikninni og átti að færast í Braga, er víst aðeins eins tíma fyrirlestur þar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Meðal þess sem olli erfiðleikum í þessum áföngum var hve getumunur einstaklinga var mikill milli hópa. Í einhverjum tilfellum var vinnuandi mjög lélegur meðan aðrir hópar virkuðu vel. Þetta verður að fyrirbyggja með því að skoða hvernig nemendur raðast í töflugerðinni, til dæmis þannig að nemendur með lágar einkunnir og lélegan grunn dreifist sem mest á hópana.

Svo er lífsnauðsynlegt að skapa kennurum í ERGÓ tækifæri til samráðs á dagvinnutíma. Annars er óvinnandi vegur að móta áfangana og vinna þá faglega. Til dæmis væri góð byrjun að fjölga þeim þriðjudagstímum sem kennarar fá til samráðs.

Auk þess er ekki vænlegt til árangurs að nota Ergó sem uppfyllingaráfanga til að kennarar nái að uppfylla vinnumatið.

Að lokum

Kennarar í ergó eru að því er virðist nokkuð sammála um að þessir áfangar hafi ekki tekist nógu vel í þessari fyrstu tilraun. Kannski kemur það ekki á óvart miðað við þann tímaskort sem ríkti í undirbúningi og mótun þeirra.

Svo má líka spyrja hvort grunnhugmyndin sé ekki að virka nógu vel; að hafa tvo þetta stóra áfanga fyrir alla nýnema þegar námið í framhaldsskóla er að öðru leyti skorið niður. Það er að sjálfsgöðu slæmt ef duglegir nemendur upplifa þessa áfanga sem afplánun eða töf á námsframvindu, en um það vitum við reyndar ekki nóg til að slá því föstu að svo sé.

Ég vitna að lokum í orð Ægis Sigurðssonar:

Ég er alls ekki jafn neikvæður á gengi áfanganna eins og mér finnst koma fram í skýrslunni. Miðað við þann litla tíma sem gafst til undirbúnings þótti mér takast nokkuð vel til, en kannski var það vegna þess að ég var með mjög góðan samkennara og hóparnir voru nokkuð góðir bæði fyrir og eftir áramót. Ég held að nemendur hafi lært ansi mikið hjá okkur og mér finnst námsefnið mjög mikilvægt.

Gjört í maí 2017.

Gísli Skúlason.

2.1.4 Bragi

Fagstjóri: Guðfinna Gunnarsdóttir

Mentorar haust 2016	BRAG1SA01 -haust16-kennarar	BRAG1SC01- haust16-kennarar	BRAG1SB01 -Vor17- kennarar	Náms- og starfsráðgjafar
Alexander Már Egan	Ágústa Ragnarsdóttir	Aníta Jónsdóttir	Ágústa Ragnarsdóttir	Agnes Ósk Snorraddóttir
Birta Óskarsdóttir	Guðmundur Björgvin Gylfason	Guðbjörg Grímsdóttir	Guðmundur Björgvin Gylfason	Bjarney Sif Ægisdóttir
Borgar Ben Sigurðsson	Hafðís Garðarsdóttir	Guðfinna Gunnarsdóttir	Hafðís Garðarsdóttir	Anna Fríða Bjarnadóttir
Dagur Snær Elísson	Hrefna Clausen	Ida Lön	Hrefna Clausen	
Drífa Björt Ólafsdóttir	Hulda Finnlaugsdóttir	Kristjana Hrund Bárðardóttir	Jón Sigursteinn Gunnarsson	
Egill Snorrason	Jón Sigursteinn Gunnarsson	Svanur Ingvarsson	Linda Larsen	
Eiður Smári Guðmundsson	Linda Larsen	Tómas D. Ibsen Tómasson	Óskar Jónsson	
Eysteinn Aron Bridde	Óskar Jónsson		Pelle Carøe	
Gabriel Werner Guðmundsson	Pelle Carøe		Ragnheiður Eiríksdóttir	
Gísli Frank Olgeirsson	Ragnheiður Eiríksdóttir		Ronald Guðnason	
Guðbjartur D. Guðmundsson	Ronald Guðnason		Þorbjörg Vilhjálmisdóttir	
Írena Björk Gestsdóttir	Ægir Sigurðsson		Ægir Sigurðsson	
Jóhann Karl Ásgeirsson				
Justine Riskute				
Jökull Hermannsson				
Kristbjörg Harpa Thomsen				
Rannveig Harpa Jónþórsdóttir				
Rannveig Óladóttir				
Sigurbjörg Agla Gísladóttir				
Þóra Jónsdóttir				
Þórdís Eva Harðardóttir				
Teitur Örn Einarsson				

Bragi – kennarar og nemendur

Markmið braga heilt yfir er að nemendur aðlagist vel nýju skólastigi og skólaumhverfi.

Nemendur fá að kynnast þjónustu og úrræðum sem í boði eru. Unnið er með hópefli, námstækni, forvarnir og heilsueflingu. Jafnframt er mikil áhersla lögð á að nemendur kynni sér vel námsframboð og byggji upp sinn námsferil til námsloka.

Nemendur fengu kynningu á innviðum skólans, kennslu í Innu og Moodle, kynningu á skólareglum og stuðning við val. Allir nemendur fóru í sérstakt nemendaviðtal hjá sínum bragakennara bæði á haust- og vorönn.

Bragi er kenndur í fundartíma á miðvikudögum. Hagræðingin sem fellst í því að kenna tímann í sama stokki á sama tíma er gríðarleg. Allt upplýsingaflæði gengur betur og samlegðaráhrif mikið betri þegar unnið er með hópana alla saman.

Allir kennarar eru með fésbókarhóp fyrir sinn Braga og kemur það sér mjög vel til að koma snöggum skilaboðum til nemenda.

Fagstjóri braga sat í SKOH- teyminu ásamt yfirmmentor, en fundir hefðu þurft að vera fleiri og reglulegri.

Nemendur í braga voru virkir þátttakendur í góðgerðardögum, Kátum dögum, Flóafári, forvarnardögum og regnbogadögum.

Mentorakerfi

Mentorar voru tveir til þrír í hverjum nýnemabragaáfangi á haustönn. Mentorar voru ásamt fagstjóra saman með fésbókarhóp þar sem upplýsingaveita og skoðanaskipti fóru fram.

Mentorar funduðu einnig reglulega með fagstjóra og fengu leiðbeiningar um hvernig stýra má hópefli og tala við nemendur.

Meðal þess sem mentorara sáu um var skipulag nýnemaferðar í Félagslund, kosningu nýnemafulltrúa í nemendaráð, stýrðu umræðum um góðgerðadaga og aðra viðburði á vegum nemendafélagsins, stýrðu þrautum vegna stigakeppni milli hópanna og hjálpuðu hópunum að skipuleggja atriði fyrir lokahátíð og sjá um skipulagningu lokahátíðar.

Stigakeppnin var mjög skemmtileg, en hóparnir kepptu innbyrðis alla önnina í allskonar þrautum sem gátu gefið stig.

Mentorar skiluðu inn greinargerð um reynslu sína af því að vera mentor og fengu umsögn frá þeim kennurum sem þeir unnu með. Mentorar fengu 1 einingu fyrir sína vinnu.

Í greinagerð mentora kom fram mikil ánægja með þátttökuna, flestir hefðu viljað koma oftar inn í hópinn sinn, helst í alla tíma. Allir töluðu um hvernig það að vera mentor hefði fengið þau til að kynna sér félagslíf skólans á nýjan leik og að þeir hefðu viljað hafa viðlíka kerfi þegar þau hófu nám við skólann. Einnig ræddu margir um hvernig þeir hefðu farið út fyrir kassann með þessari reynslu á jákvæðan máta. Þau voru stolt af því að skilja eitthvað jákvætt eftir sig með því að hafa verið mentor.

Þeir nemendur sem vilja geta sótt um að vera mentorar í stað þess að fara í BRAGi1SC01 í haust. 8 nemendur fæddir 1999 hafa sóst eftir því að vera mentorar í haust.

Nemendafélag/Nemó

Samkvæmt hefð frá fyrra ári átti nemendafélagið að koma inn í bragahópa á vorönn til að kynna viðburði og gleði einu sinni í mánuði, þetta fór vel af stað, en huga þarf að betri tengingu við nemendafélagið þar sem fjaraði undan þátttöku nemendafélagsins og aðkomu að Braga fljótlega á vorönn. Þetta þarf að bæta og mögulega spilar þarna inn í að SKOH-hópurinn fundaði ekki eins reglulega og gert var á fyrra ári, en þar er vettvangur fyrir bragastjóra, yfirmentora og formann nemendafélagsins til að hittast og ræða málin. Nemóar ættu að fylla upp í ákveðið tómarúm sem mentorar mynda á vorönn og halda jafningjafræðslunni áfram og telur undirrituð að mikilvægt sé að leita allra leiða til að gera nemendafélagsstjórninni grein fyrir mikilvægi þessara tengsla.

Náms- og starfsráðgjöf/námstækni

Námsráðgjafar komu aðeins að bragatímum. Á haustönn skipulögðu þeir þrjá bragafundi. Einn um áhugasvið fyrir eldri nemendur og tvo fyrir nýnema. Fyrri fundurinn var um skipulag og tímastjórnun og seinni fundurinn um prófundirbúning. Á vorönn skipulögðu námsráðgjafar einn fund sem bar heitið Lok annar og fjallaði um hvernig best sé að skipuleggja sig í lok annar, skipulag á náminu og frágang áfanga og svo lokapróf. Náms- og starfsráðgjafar hittu nemendur ekkert á þessum vetri í bragatímum. Í fyrra kom það ekki vel út að hitta alla nemendur í salnum og námsráðgjöfum fannst ekki heldur koma nógu vel út að þjappa 2-3 bragahópum í eina stofu svo að námsráðgjafarnir gætu hitt þá á bragatímum. Því var ákveðið að prófa þessa lausn, að kennarar myndu kynna efni frá námsráðgjöfum. Einnig aðstoðuðu náms- og starfsráðgjafar við val á valdegi.

Braganemendur á starfsbraut fengu fyrirlestur frá Félagi lesblindra í upphafi vorannar þar sem farið var yfir tæki og tól sem nýtast lesblindum nemendum í námi. Kennarar starfsbrautar voru mjög ánægðir með kynninguna og telja hana gagnast nemendum vel.

Tillögur að úrbótum

Bragi er kenndur í föstum fundartíma/læstum kassa í stundartöflu á miðvikudögum. Gallinn við þetta er hversu ásetinn þessi tími er til fundahalda í deildum og í tengslum við félagslíf nemenda. Við teldum það mikla framför ef læstu kassarnir væru tveir. Þannig gætu sömu kennararnir þess vegna kennt 2 hópa af braga ef þyrfti, tilsjónarkennarar gætu nýtt tímann til að hitta eldri nemendur og vera með viðtalstíma eða fundað með samkennurum.

Áfram geta stjórnendur og starfsfólk beitt sér fyrir því að hvetja kennara til að kenna áfangann og kynnast þannig starfinu. Kennsla í braga er mjög ólík hefðbundinni kennslu og Bragakennarar tala allir um hversu ánægjulegt sé að fylgja hópnum eftir og kynnast nemendum á annan hátt. Jafnframt er einnig mikilvægt að kennarar séu ekki „settir“ í þessa kennslu gegn vilja sínum, það hefur ekkert uppbyggilegt í för með sér og býr til fyrirfram móttstöðu sem virkar alls ekki í áfanga sem þessum.

Stjórnendum, áfangastjóra og sviðsstjórum er þakkaður stuðningur við skipulag og útfærslur varðandi Sarpinn, valið, námsferla og nýnemaferð.

Mikilvægt er að félagslífsfulltrúi hafi reynslu af því að kenna braga og/eða sé að kenna braga hverju sinni. Það hefur sýnt sig í vetur sérstaklega til þess að geta skipulagt innkomu Nemó inn í bragatíma og einnig til að styrkja tengsl milli braga og nemendafélagsins hverju sinni. Lagt er til að lokakvöldi á haustönn verði breytt í opnunarkvöldvöku í samstarfi við nemendafélag á vorönn. Dagskrá nýnemabraga á haustönn er þéttskipuð og gott gæti verið að hefja frekar á hópefli eins og skemmtilegri skemmtun þar sem nemendur búa til skemmtiatriði í byrjun annar.

Lokaorð og hugleiðingar

Nú rúllaði Bragi af stað í annað sinn og gekk það vel – kerfið virkar. Nýjir kennarar komu inn og er ekki annað að sjá og heyra en að þeir séu ángæðir með fyrirkomulag braga.

Mikil ánægja var með þá ákvörðun að leyfa bragakennurum að halda sínum braganemendum út 4. önnina og vera til stuðnings og aðstoðar við val. Nemendur mættu

glöð til síns kennara í valið, þrátt fyrir að formlegum braga væri lokið og margir leita ennþá til sinna gömlu bragakennara með allskonar mál.

Gríðarlega ánægjulegt er að áfangamessur skyldu vera teknar upp á árinu – dagur sem gagnast öllum nemendum og kennurum – ekki eingöngu braga.

Bent er á að við séum öll meðvituð í því að leggja áherslu á það sem MÁ frekar en það sem má EKKI. Það er svo miklu jákvæðari framsetning.

Auglýst var eftir mentorum á áfangamessu og skilaði það sér vel. Þó þarf alltaf að veiða nemendur í þessi hlutverk, fá ábendingar um góða kandidata og spjalla beint við nemendur. Það hefur gengið vel.

Gott væri að leggja fyrir könnun hjá þeim nemendum sem ljúka Braga á næstkomandi haustönn og spyrja þar nokkurra lykilsurninga um áfangann.

Nýr bragastjóri tekur nú við næsta haust og mun áreiðanlega setja mark sitt á starfið og koma með nýjungar og þróa starfið áfram. Ég tel mikilvægt að starf sem þetta róteri reglulega milli manna, það heldur starfinu lifandi, eykur möguleika á framþróun og kemur í veg fyrir stöðnun.

Guðfinna Gunnarsdóttir, fagstjóri

2.1.5 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Lárús Ágúst Bragason

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Árni Blandon	SÁLF2IN05	SÁLF3AF05
	SÁLF3PS05	SÁLF3PS05
	KVIK2SK05	KVIK2SH05
		LIME2TÍ05
		LIME1IN05
Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir		SÁLF2IN05

		UPPE2UM05
Ingunn Helgadóttir	HAGF3PJ05	FRUM2AU03
	VIÐS2FJ05	KÍNA2TS05
	VIÐS2SM05	LÖGF2LÖ05
Lárus Ágúst Bragason	SAGA3SS05	SAGA3HS05
	SAGA3HS05	SAGA2IS05
	SAGA2YA05	SAGA2YA05
Ragnar G. Brynjólfsson	TÖLV1FA05	TÖLV1FA05
	TÖLV2FB05	TÖLV2FB05
	TÖLV2FC05	
Ragnheiður Eiríksdóttir	HEIM2BY05	HEIM3SH05
	HEIM2SM05	
	HUGI2NÚ05	
Tómas Davíð Ibsen Tómasson	SAGA3HS05	SAGA3MS05
	SAGA2IS05	KÍNA2TS05
Þórey Hilmarsdóttir	BÓKF1BA05	BÓKF1BA05
	HAGF2HA05	HAGF2HA05
		FRUM2AU03

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu. Fjöldi áfanga, nemenda og hvernig til tókst.

Árni – Í sálfræðinni var á þessum vetri bætt við þáttum úr Amerískri kennslubók í sálfræði sem kennd er í Háskólunum í Reykjavík. Á haustönn var eitt próf í sálfræðilegum hugtökum og textaskilningi en á vorönn voru enskuprófin tvö að tölu.

Í kvikmyndasögunni var farið yfir samfelld 40 ár í sögu kvikmyndanna: áfanginn á vorönn var þannig í réttu framhaldi af áfanganum á haustönn.

Tískuáfanginn í Listum og menningu mælist alltaf vel fyrir og nú vildi svo til að einn nemandi þurfti að ljúka tveimur LIME áföngum svo hann varð að vinna á tvöföldum hraða.

Ingibjörg – Nýjungar voru ekki neinar frá fyrri kennslu kennara í þessum áföngum. (Vorönn 2016)

Ingunn – Á þessu skólaári kenndi ég í fyrsta sinn með öðrum kennara. Það var í áföngunum ERGÓ og KÍNA. Það reyndist afskaplega vel. Í kína áfanganum kenndum við í sitthvoru lagi í 2 vikur í senn en í Ergó kenndum við saman hverja kennslustund. Eftir önnina sáum við að betra hefði verið að kenna Kínaáfangann í lengri lotum, t.d. kínverska í 6 vikur og saga í 6 vikur.

Lárus og Tómas – Unnum að fjölbreyttari verkefnagerð og útfærslu á þeim. Viljum vinna betur að teymisvinnu og samkennslu í sögunni. Vinnan og þróunin heldur áfram ☺

Ragnar - Ég hélt áfram að þróa leiðsagnarmat í gegnum sjálfsmat nemenda og endurgjöf. Ef ekki var gefin hæsta einkunn þá var tekið fram hvað var hægt að laga og nemandinn fékk síðan að skila verkefninu aftur.

Ragnheiður – Kennsluhættir eru í stöðugri þróun. Helsta áskorunin er að ná að halda nemendum sem mest virkum í tímum, að hafa „fyrirlestra“ alls ekki of langa í einu. Aukin krafa um samvinnu nemenda reyndist vel og auknar kröfur fyrr á önninni.

Þórey – Hef verið að reyna að fóta mig í hugmyndafræði „leiðsagnarnáms“ (formative assessment)

Námsmat. Símat/lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum.

Árni – Hið margreynda símat var notað áfram og gafst vel eins og alltaf, enda námsmatsaðferð framtíðarinnar.

Ingibjörg – Símat í báðum áföngum. 4-5 próf 3-5 verkefni og verkefnamappa sem nemendur safna verkefnum í sem unnin eru í tíma. Námsmatsaðferðir held ég komi nokkuð vel út og henta námsefninu vel.

Ingunn – Fyrir áramót ákvað ég að vera með lokapróf í hagfræði og fjármálum. Þeir nemendur sem ekki náðu 7,5 í annareinkunn tóku lokapróf. Þetta varð til þess að nemendur unnu vel alla önnina í stað þess að gefast upp á náminu um leið og þeir voru búnir að ná áfanganum. Að sjálfsögðu var þetta meiri vinna fyrir kennarann en skilaði sér klárlega í betra námi fyrir nemendur.

Lárus og Tómas – Símat. Mat á námsmatsaðferðum er til skoðunar.

Ragnar - Til að glæða áhuga nemenda á verkefnavinnu verður vægi hennar aukið í lokaeinkunn. Fjarnámsnemendum hefur einnig fækkað verulega eftir að undirritaður fékk að færa fyrsta hópinn og þann stærsta í MH úr fjarnámi í staðnám. Í þessu felst að dregið verður úr vægi lokaprófanna. Vægi þeirra mun minnka úr 80% í 50% (2FA og 2FB) og í 30% (3FC).

Ragnheiður – Allir þessir áfangar eru símatsáfangar og kemur það vel út. Kennari sat fundi um leiðsagnarmat og prófaði að innleiða þær aðferðir inn í kennsluna og kom það vel út. Kennari hyggst gera meira af því á komandi árum.

Þórey – Símat.

Námskeið sem kennarar hafa sótt.

Árni – Sjálfsnám í tékknesku til undirbúnings þýðingar á Góða dátanum Svejk.

Ingibjörg - Eitt námskeið var sótt síðastliðið sumar. Vikunámskeið á Schäffergården i Gentofte, Kaupmannahöfn.

Ragnheiður – Námskeið um núvitund í skólastarfi

Námskeið um upplýsingatækni í skólastarfi í Portúgal

Námskeið um lýðræðislega kennsluhætti í Portúgal

Tómas - *Fjötrar upplýsingasamfélagsins og námsmat* (Endurmenntun HÍ) – Tómas

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu.

Árni – Í sálfræði var hluti kennsluefnisins á ensku. Nemendur eru misgóðir í ensku þannig að farið var yfir enska efnið bæði í hraðferð og hægfærð.

Ingibjörg – Námsgögn voru þau sömu og áður. Veruleg þörf er orðin á nýju námsefni í uppeldisfræði og hefur það margoft komið fram í samtökum sálfræði- og uppeldisfræðikennara og vonandi verður ráðin bót á því í náinni framtíð.

Ingunn - Bækur sem áður hafa verið kenndar voru notaðar en einnig bættist við kennslubók í fjármálum eftir Ásgeir Valdimarsson. Hún reyndist frekar auðveld og frekar margar villur í henni. Kennari þurfti því að útbúa mikið aukaefni sjálfur.

Lárus og Tómas - Sækjum meira námsefni héðan og þaðan.

Ragnar - Undirritaður sótti UT-messuna í Hörpu þar sem helstu nýjungar í tölvuheiminum voru kynntar. Þetta er ekki eiginlegt námskeið en röð fróðlegra fyrirlestra. Ég hef sótt þessar UT-messur reglulega. Ég held áfram þeirri venju að afla mér þekkingar með lestri fræðibóka þar sem lítið framboð er af gagnlegum námskeiðum á raunhæfu verði í mínu fagi sem er tölvunarfræði.

Ragnheiður – Nýjar kennslubækur í heimspeki eftir Guðrúnu Hólmgeirsdóttur voru notaðar sem ítarefni en kennari er að íhuga að notast alfarið við þær á næsta kennsluári.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs.

Árni – Áhugi á sálfræði og kvikmyndum gefur af sér áfanga næsta haust sem nefnist Sálfræðilegar kvikmyndir. Þessi áfangi hefur verið kenndur nokkrum sinnum áður og mælst mjög vel fyrir.

Lárus og Tómas – Halda áfram að þróa kennsluhætti og námsmat enn frekar.

Ragnar – Á næstu önn verða breytingar. TÖLV1FA05 verður TÖLV2FA05, og TÖLV2FC05 verður TÖLV3FC05. TÖLV2FB05 verður með óbreytt heiti. Þetta er gert til að fyrsti forritunaráfanginn verði álitlegri kostur fyrir nemendur sem eru að safna áföngum á 2. þrepi.

Ragnheiður – Halda áfram að þróa og bæta þessa áfanga, kennsluhætti og námsmat.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir.

Árni – Lengja kennslustundir.

Ragnar – Það er áhyggjuefni hvað dregið hefur mikið úr aðsókn í forritunaráfanga eftir námskrárbreytinguna, og raunar svo mjög að tvísýnt er um framhald forritunarkennslunnar sem hefur lifað við skólann samfelld frá 2001. Það þyrfti að reyna að laða duglega bóknámsnemendur að skólanum með einhverjum ráðum. Einnig þyrfti að skoða að fella niður fjarnámsgjöld á forritunarnemendur sem innritast úr öðrum framhaldsskólum.

24.05.2017.

Lárus Bragason

2.1.6 Tungumál önnur en enska

Kennslustjóri: Ida Løn

Fagstjóri dönsku: Ida Løn

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Danska		
Ida Løn	DANS2FL05	DANS2LM05
	DANS2KD05	DANS2KD05
	DANS2FL05	DANS2LM05
	(Fjarnám)	(Fjarnám)
Sólveig Sigmarsdóttir		DANS2LM05
		DANS2KD05
		DANS2LM05

		(Fjarnám)
Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir	DANS2FL05	DANS2FL05
Pelle Damby Carøe	DANS2LM05	DANS2LM05
		DANS2FL05
Ronald Guðnason	DANS1DL05	DANS1DL05

Franska

Hrefna Clausen	FRAN1AA05	FRAN1AA05
	FRAN1BB05	FRAN1BB05
	FRAN1CC05	FRAN1CC05
	FRAN2DD05	

Spænska

Eva Ösp Ögmundsdóttir	SPÆN1BB05	SPÆN1BB05
	SPÆN1CC05	SPÆN1CC05
		SPÆN2DD05
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	SPÆN1BB05	
	SPÆN1CC05	
Sigursveinn Már Sigurðsson	SPÆN1AA05	SPÆN1AA05
	SPÆN1BB05	SPÆN1BB05

Þýska

Hannes Stefánsson	ÞÝSK1AA05	ÞÝSK1AA05
-------------------	-----------	-----------

ÞÝSK1BB05

ÞÝSK1AX04

ÞÝSK1SX04

ÞÝSK1BB05

ÞÝSK1BX04

ÞÝSK1CC05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Danska:

Við erum í dönsku búin að reyna að nota fjölmiðla meira í kennslu. Það er að segja nota þætti á DR.dk til dæmis. Rannsóknir sýna að nemendur læra meira með því að hlusta, lesa og sjá í samhengi. Þess vegna höfum við reynt að nota þetta meira, og ætlum að nota þetta líka í haust og síðan meta hvernig okkur lýst á þetta.

Fyrir utan það höfum við reynt að vinna meira með prófum í hópum, þó ekki mikið yfir önnina. Láta nemendur vinna meira með sjálfsmat, og að meta hvorn annan.

Franska:

Kennari nýtti sér þekkingu frá tveimur gagnlegum námskeiðum sem hann sótti í ágúst og september. Það gerði hann með því að leggja fyrir nokkur verkefni í myndbandagerð í þremur efstu áföngum. Nemendur kunnu vel að meta þessar nýjungar í kennsluháttum og virtust njóta sín vel við myndbandagerðina sem bæði sýndi færni þeirra í að beita frönsku tungumáli við ýmsar aðstæður og getu í möguleikum snjalltækninnar. Mörg áhugaverð myndbönd litu dagsins ljós Tæknikunnátta nemenda er langtum meiri en kennarans sem dáist oft að færni nemenda sinna á tæknisviðinu. Sjálfsagt er að flétta saman tungumálapjálfun og myndbandagerð sem býður upp á mikla möguleika við að vinna með málið.

Spænska:

EOO: Nú veit ég ekki hvernig kennsluháttum hefur verið háttað áður, þannig að ég get ekki tjáð mig mikið um þennan lið. Annars var ég ekki að gera neinar breytingar þannig séð á milli anna.

SMS: Hélt áfram að nota forritið *Quizlet* og þróa notkun þess í kennslunni. Nemendur nota nú þetta forrit mikið til að læra nýjan orðaforða og æfa hann. Mér sýnist þetta vera mun skilvirkari leið fyrir nemendur að læra orðaforða.

Þá notaði ég einnig forritið Kahoot í mínum áföngum. Ég hafði ekki notað það áður en nemendum virðist líka vel við það.

Þýska:

Í þýskudeildinni var allt með svipuðu sniði og áður nema að Brynja Ingadóttir var í námsorlofi og öll þýskukennsla í höndum Hannesar Stefánssonar. Á haustönn voru kenndir áfangarnir AA og BB, á vorönn A, B og C. Kennari gat stillt sig um að finna upp á nýjungum enda er hann að hætta.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Danska:

Við óskum í dönskudeildinni að halda okkur við símat. Við erum ánægð með þetta og langar ekki að breyta þessu.

Við ætlum að taka meira eftir ástundun í tímum. Það er að segja vinnubrögð, virkni og verkefnaskilum. Við erum búin að tala um að vera með skýrari reglur fyrir hvern áfanga fyrir sig. Við erum búin að tala um að vera með færri próf yfir önnina og láta þau gilda meira.

Franska:

Símat var í FRAN2DD á haustönn '16 eins og verið hefur áður. Lesin smásaga, unnið með orðaforða og verkefni unnin af fréttasíðum á neti. Í AA, BB, og CC er 50% lokapróf, 30 % vetrareinkunn og 20 % munnlegt námsmat.

Frönskumarathonið var haldið í þriðja sinn og er nú orðin árleg hefð í tengslum við Góðgerðardagaviku skólans á haustönn. Tilgangurinn er að fá frönskunemendur til að kynna frönskudeild FSu fyrir gestum og gangandi og safna um leið fjárframlögum fyrir bágstadda nemendur í vinaporpi skólans Jos í Afríku. Viðburðurinn fór að þessu sinni fram á sal skólans og stóð í tvær klukkustundir. Nemendur settu upp bása þar sem m.a. var boðið uppá hraðfrönskukennslu, íþróttakynningu, spurningakeppni, listahorn, kökusölu og fleira. Tveir píanóleikarar úr hópi nemenda settust við flygilinn og spiluðu franska tónlist sem skapaði hátíðlega stemningu. Nemendur fengu einkunn fyrir frammistöðu sína og framlag til þessa verkefnis sem vakti almenna lukku, dágóð upphæð safnaðist og Frönskudeild barst í kjölfarið viðurkenningarskjal frá SOS barnahjálpi fyrir framtakið.

Spænska:

SPÆN1AA05: annareinkunn gildir 50% og lokapróf 50%. stór hluti af annareinkunn eru tvö kaflapróf þar sem reynir á helstu þætti spænskunáms nemenda (fyrir utan tal og hlustun sem er prófað sérstaklega í lok annarinnar). Nemendur sem vinna vel yfir önnina og fá 9 í annareinkunn sleppa við lokapróf.

SPÆN1BB05 + SPÆN1CC05: Nemendur unnu ýmis verkefni yfir önnina þar sem reynt var á skriflega færni, ásamt hlustun og tali. Þar að auki þurftu nemendur einnig að vinna með málfræði í þessum verkefnum. Verkefnin sem nemendur unnu á önninni giltu 50% af lokaeinkunn á móti lokaprófinu sem var 50%.

EOO hefði viljað hafa rýmri tíma til þess að fara yfir efnið, en fannst oft vera of lítill tími til þess að fara nægilega vel yfir hvert efni þannig að það sæti eftir hjá nemendum. Í CC er mjög mikil málfræði og í lok annar er allt farið að blandast saman hjá nemendum og þeir muna varla hvernig nútíðin er í spænsku. Að hennar mati mætti t.d. taka aðra þátíðina út: ekki kenna bæði atburðarþátíð og lýsingarþátíð í einu, því það getur reynst mjög ruglandi og erfitt og að lokum situr lítið eftir.

Hún lenti líka oft í þeim vandræðum að reyna að meta sem mest hjá nemendum sem snýr að málfræði, ritun, hlustun og tali, og hafa þannig nokkur verkefni sem hafa svo ekki hátt vægi. Hún veltir því þess vegna fyrir sér hvort það ætti að fækka verkefnum/prófunum og auka vægi þeirra, þannig að nemendur myndu frekar skila verkefnum eða taka próf.

SPÆN2DD05: EOO hafði ekkert lokapróf í þessum áfanga. Nemendur unnu verkefni sem tengdust bæði nýju efni (framtíð) og ferðinni sem var farin til Barcelona. Nemendur komu að skipulagi ferðarinnar (10%), héldu kynningu um þá staði sem við heimsóttum í Barcelona (10%), héldu dagbók á spænsku í ferðinni (20%), unnu verkefni tengt kvikmynd sem var sýnd í tíma (15%), tóku hlustunarpróf (10%), munnlegt próf (10%), lesskilningspróf (5%), viðtal við spænskumælandi manneskju búsetta á Íslandi (15%) ásamt styttri ritunarverkefnum og prófum í upphafi annar (5%).

Ég reyndi að vinna meira með tal, hlustun og lestur í þessum áfanga, þannig að ég lagði ekki mikla áherslu á málfræði, þó að hún spili samt alltaf stórt hlutverk í öllum verkefnum. Einnig vildi ég kynna nemendur meira fyrir menningu og hefðum Spánar og tók fyrir nokkra þætti, t.d. sögu þar sem við ræddum um Borgarastríðið og einræðisherratímabil Francos og hvernig það hefur haft áhrif á spænskt samfélag. Einnig ræddum við um mat og rifjuðum upp orðaforða úr fyrri áföngum sem tengist mat, drykk og veitingastöðum með það í huga að nemendur gætu pantað sér á veitingastað í ferðinni, beðið um reikninginn og verslað í búð eða á markaði. Við ræddum líka um landafræði Spánar þannig að nemendur gætu staðsett þekktustu borgir og svæði Spánar og muninn innan Spánar (t.d. S-Spánn og N-Spánn) ásamt því að vera meðvitaðir um svæðið sem þeir voru að fara að heimsækja í ferðinni. Við ræddum líka tungumálin sem eru töluð á Spáni og aðstæður Katalóníu, þannig að nemendur væru meðvitaðir um katalónskuna og kastilískuna og sjálfstæðisbaráttuna. Við ræddum líka menningu Spánar og tókum þá sérstaklega fyrir flamenco, þar sem til stóð að sjá flamenco sýningu í Barcelona. Í ferðinni kom upp málefni ólöglegra innflytjenda þegar við sáum fólk sem var að selja vörur á götunni vera að flýja undan löggunni nokkrum sinnum, þannig að í ferðinni og eftir hana ræddum við þessi mál og horfðum á myndina *Biutiful* sem sýnir aðstæður margra sem eru í þessum sporum.

Þetta er í fyrsta sinn sem ég kenni ferðaáfanga þannig að skipulag áfangans var ekki mjög í föstum skorðum, en það var samt gaman að hafa aðeins frjálsari hendur og geta fléttað saman því sem nemendur hafa lært í fyrri áföngum við eitthvað nýtt, og látið reyna meira á tal, hlustun og lestur ásamt því að kynnast hefðum, siðum og menningu Spánar. Það var líka gaman að geta undirbúið nemendur undir ferðina þannig að þeir gætu notað spænskuna í Barcelona og að þeir vissu sitthvað sem tengist siðum, hefðum og menningu landsins.

Pýska:

Námsmat var óbreytt, lokapróf fyrir alla, góð annareinkunn var engin frelsun frá því. Enn skal ítrekað mikilvægi munnlegs prófs, 10 mín. á mann í öllum áföngum. Sömuleiðis eru kaflapróf nauðsynleg, það virðist líka vera viðhorf nemenda. En yfirlitslestri fyrir lokapróf má ekki sleppa.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Danska:

Pelle var að ljúka mastersnámi í dönskukennslu (maí/júní 2017).

Sólveig hefur verið í endurmenntun fyrir tungumálakennara.

Franska:

1. **Námskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands 7. - 9. júní 2016 :** *Evrópski tungumálramminn: Hlustun og lesskilningur* – Leiðbeinendur: Sylvie Lepage, sérfræðingur CIEP og Eyjólfur Már Sigurðsson
2. **Námskeið í Listaháskóla Íslands 11.-12. ágúst 2016 - Nýmiðlar í listkennslu** – Leiðbeinandi: Björgvin Ívar Guðbrandsson
3. **Námskeið á vegum Kennarasambands Íslands í Tryggvaskála á Selfossi 12. september 2016 . - Kennarar á samfélagsmiðlun** - Leiðbeinandi: Maríanna Friðjónsdóttir.

Spænska:

EOO sótti ekkert námskeið á þessu skólaári. Fer með í skólaheimsóknina til Valencia og mun sækja sumarnámskeiðið hjá AIPE.

SMS var í fjarnámi í opinberri stjórnsýslu á árinu, einu á hvorri önninni. Hann sótti engin námskeið tengd kennslufræði.

Pýska:

Kennari sótti engin námskeið nema einn dag í ágúst.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Danska:

Við höfum notað „Glimt“ sem er nýtt smásögu/ljóðasafn síðan í haust, og ætlum að halda áfram með það.

Við höfum ekki notað nýja kennslubækur eða ný kennslugögn fyrir utan þetta á árinu.

Við höfum hins vegar talað um hvort við ættum að nota fleiri smásögur og þá sleppa að vinna með skáldsögu. Þetta vorum við að tala um, því nemendur eiga svo erfitt með að lesa langar sögur. Það er hins vegar miklu einfaldara fyrir þau að einbeita sér með því að lesa smásögu sem er kannski 5-10 bls. og hefur jákvæð áhrif á skilning þeirra og hvatningu.

Franska:

Kennslubókin *Scénario* var fyrst kennd árið 2007 í Frönskudeildinni og því fyrir löngu orðið tímabært að skipta um bók. Eftir miklar vangaveltur og skoðanaskipti við aðra frönskukennara í íslenskum framhaldsskólum var ákveðið að velja bókina *Alter Ego + A1*. Hún var tekin upp á vorönn en vegna mistaka hjá versluninni A4 sem sá um að panta hana bókina að utan, kom hún ekki til landsins fyrr en langt var liðið á febrúar. Það kom sér afar illa og átti sinn þátt í ákveðnu losi á kennslufyrirkomulagi fyrri hluta vorannar. Bókin er ekki gallalaus frekar en aðrar kennslubækur í frönsku. Nemendur kvarta stundum yfir að skilja ekki útskýringar hennar þar sem hún er öll á frönsku. Kennari vinnur því mikið ítarefni á íslensku til að auðvelda skilning reglna og auka fjölbreytni æfinga.

Unnið var markvisst með kennsluforritin *Quizlet.com* og *Duolingo.com* sem nemendum líkar vel og er mikil hjálp við orðaforðanám og almenna þjálfun tungumálsins.

Spænska:

Í AA áfanganum tókum við í notkun á vorönn nýja útgáfu af eldri kennslubókinni. Margt er betra en þó bárust bækurnar alltof seint í verslanir á Selfossi og var því byrjunin á önninni nokkuð endaslöpp. Þetta stendur þó til bóta í haust.

SMS gerði þá breytingu að allar glósur voru nú settar á Quizlet sem þýddi að nemendur komust alltaf í glósurnar, svo lengi sem þeir voru með símann á sér. Nemendur voru ánægðir með þá breytingu.

EOO notaði sömu bækur og gögn og Tóta notaði. Hefur bætt við smá efni úr hinum og þessum bókum, t.d. Vocabulario og Gramática til þess að æfa betur ákveðna þætti tengdum orðaforða og málfræði.

Þýska:

Ný kennslubók var notuð í CC-áfanganum, Schritte 4 í stað Schritte 3. Tilgangurinn var að komast í fleiri feita bita málfræðinnar. Ávinningur af því reyndist minni en vonast var eftir. Þar spilaði m.a. inn í að Berlínarprógramm í tengslum við nemendaferð í mars tók nokkrar kennslustundir og hægði á yfirferð. Heimanámsfælni dregur ákaflega mikið úr afköstum, með hverju árinu vex hneigðin til að minnka námsefnið. Tungumálahópur án heimanáms er eins og vél sem keyrð er á hálfri inngjöf.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Danska:

Sólveig Sigmarsdóttir	DANS2LM05 DANS2FL05
Pelle Damby Carøe	DANS2LM05 DANS2KD05
Ronald Guðnason	DANS1DL05

Spænska:

EOO: Engar sérstakar tillögur, nema að taka aðra þátíðina út hjá CC.

SMS: mun taka þátt í þróunarverkefni innan skólans þar sem hópur kennara hyggst þróa leiðir til að nota leiðsagnarmat í auknum mæli í sinni kennslu. Ég stefni á að nota leiðsagnarmat í a.m.k. einum áfanga á haustönn.

Þá stefni ég á að nota námsumhverfið í Innu að einhverju leyti á næsta skólaári.

Þýska:

Í fyrsta skipti var þýska kennd á starfsbraut sl. vetur, sami hópur á haustönn og vorönn. Reynsla af því var að mínu mati góð, vonandi verður þriðja mál áfram í boði á starfsbraut. Nokkrir nemendur ættu að geta lokið tungumálaáföngum á almennri braut. Gæta verður þess að námsefni og yfirferð sé við hæfi starfsbrautar. Notuð var bókin *Deutsch echt einfach* (Klett), hún lesin öll.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Danska:

Við höfum talað um að það væri gott að fá myrkratjöld í allir kennslustofur. Það vantar til dæmis í 207 þar sem var kennd danska, og það sést ekki vel þegar maður er að nota skjávarpana.

Franska:

Nemendur efri áfanga hafa oft spurt af hverju ekki sé farin námsferð til Frakkands með frönskunemendur eins og í öðrum tungumáladeildum skólans. Spurning er hvort slík ferð gæti e.t.v. aukið aðsókn að frönsku sem 3. máli og veitt krafti inní deildina. Ljóst er að eitthvað þarf að gera til efla áhuga nemenda og hvetja þá til að velja frönsku sem 3.mál.

Spænska:

EOO: Gera nám hagnýtara?

Annað

Franska:

Á haustönn 2016 voru Fran1BB, CC og DD kenndir saman. Á vorönn 2017 voru BB og CC samkenndir enda DD ekki kenndur. Samkennsla sem þessi reynir mikið á kennara og nemendur og krefst mikils skipulags, jákvæði og þolinmæði. Raddir sumra nemenda voru mjög neikvæðar gagnvart þessu fyrirkomulagi framan af og þóttu sumum sem þeir hefðu

verið sviknir um kennslu í faginu því kennari væri oft að tala um til nemenda á öðrum stigum námsins í kennslutíma sem þeim væri ætlaður.

Ástæða samkenndu er auðvitað nemendafæð í faginu enda áhugi íslenskra framhaldsskólanemenda á frönsku tungumáli í sögulegu lágmarki undanfarin ár. Margir nemendur virðast smeykir við að hefja nám í frönsku. Telja það of flókið og þjóni litlum tilgangi fyrir Íslendinga. Franska tungumálið sem hefur verið kennt hér á landi síðan á seinni hluta 19.aldar virðist hafa misst aðdráttarafl sitt þrátt fyrir að aldrei hafi verið ríkari þörf fyrir frönskumælandi fólk í hinum ýmsu störfum um allt land. Það er miður þegar flestir nemendur veðja á sama hest í vali sínu á 3. tungumáli. Slíkt eykur hættu á einsleitni og er í andstöðu við stefnu skólans og einkunnarorð hans : fjölbreytni, sköpun, upplýsing.

Spænska:

EOO: Takk kærlega fyrir samstarfið, það hefur verið mjög gott að vinna hér í Fsu.

Þýska:

Hjá nemendum í CC-hópnum reyndist áhugi á Berlínarferð. Dagana 16.- 20. mars dvöldu 7 nemendur (einn úr BB) ásamt kennara í Berlín. Helstu ferðamannastaðir borgarinnar voru heimsóttir, m.a. þinghúsið, tækniminjasafnið og Stasi-fangelsi. Okkur tókst að heimsækja menntaskóla í Berlín, það var fyrir milligöngu fyrrum FSu-nemanda, Mareike Thomas, sem var skiptinemi hjá okkur 2014-15. Þessi heimsókn var afar ánægjuleg og móttökurnar góðar. Í enskutíma svöruðu okkar nemendur spurningum heimamanna og í músíktíma lærðu allir afrískan dans. Skólastjóri þessa menntaskóla hefur hug á að koma á gagnkvæmum heimsóknum við FSu. Vonandi munu sem flestir nemendur þriðja máls eiga þess kost að heimsækja land tungumálsins.

2.2 Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir

Sviðsstjóri: Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir

2.2.1 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Kennslustjóri: Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Nafn kennara	Áfangar	Áfangar
	haustönn	vorönn
Guðfinna Gunnarsdóttir	LEIK1AA05	LEIK1AA05
	LEIK1BB05	LEIK2BB05
		LEIK2CC05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

GG - Leiklist var í boði báðar annir sem er mjög jákvætt. Hóparnir voru ekki nægjanlega stórir til að kenna einum og sér, heldur voru áfangarnir samkenndir á báðum önnum. Það gekk ótrúlega vel, en nemendur voru með mismunandi námsmat og verkefni. Samtals voru 14 nemendur á haustönn og 18 á vorönn.

Áfanginn LEIK1BB05 var færður upp á 2. þrep.

Nemendur fóru á sýningu hjá Improv Ísland á haustönn og gerðu verkefni í kjölfarið. Allur hópurinn á vorönn tók þátt í verkefninu Þjóðleikur, sem er í boði annað hvert ár. Það er leiklistarverkefni frá Þjóðleikhúsinu þar sem nemendur fá tækifæri til að vinna með ný verk sem skrifuð eru fyrir Þjóðleik, hitta aðra hópa sem leika sömu verk og taka þátt í leiklistarhátíð. Nemendur unnu hörðum höndum alla önnina við að setja upp verkin Morð, eftir Ævar Örn Kjartansson og Loddarana eftir Snæbjörn Brynjarsson. Þau lögðu mikið á sig og fyrir frumsýningu mættu þau í frítíma sínum til að æfa. Einnig sýndu þau aukasýningu í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi, en Leikfélag Selfoss var samstarfsaðili áfangans og lánaði aðstöðu, leikmuni og búninga.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

GG - Námsmat er fjölbreytt, nemendur leysa ýmis verkefni, skrifleg og verkleg. Þau koma öll í viðtal við lok áfangans og skila þá hugleiðingabók. Það hefur komið vel út sem uppgjör á önninni og þar er hægt að ræða í rólegheitum framvindu og þróun náms hjá hverjum og einum.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

GG - Tíu daga námskeið í leiklist í Bandalagsskólanum í júní 2017. Kennari Stephen Harper.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

GG - Nemendur hafa beðið um að boðið verði upp á LEIK3DD05 og væri mjög gott að geta boðið upp á slíkan áfanga á vorönn 2018 og að hann væri ekki samkenndur, heldur kenndur sér. Þá ætti að hafa safnast nægilega stór hópur af nemendum sem hafa lokið LEIK2CC05.

Skýrsla myndlistardeildar

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Ágústa Ragnarsdóttir	MYND2VL05	MYND2TM05
	MYND2GH05	MYND2TK05
	MYND2TK05	MYND1SX02
	MYND1SX05	MYND1SX05
Elísabet H. Harðardóttir	MYND2VL05	MYND3ML05
	MYND3SS05	MYND2LFO5
	MYND2LF05	MYND1SX05
	MYND1SX05	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Það er alltaf eitthvað nýtt í myndlistinni, á því varð ekki breyting í ár.

Tveir áfangar voru kenndir í fyrsta sinn og voru þeir einnig þeir fyrstu á 3. þrepi í myndlistinni. Þetta eru áfangarnir MYND3SS05 og MYND3ML05. Áfangarnir MYND2TK05 OG MYND2LF05 eru undanfarar þessarar áfanga.

MYND3SS05 (Straumar og stefnur). Boðskapur, innihald, fagurfræðilegar kenningar, hlutverk listamannsins og ýmsar myndgerðir voru hugtökin sem unnið var með í mismunandi efnivið og eitt akrýlmálverk á striga var skylda. Þetta reyndist nokkuð bratt fyrir marga nemendur, fjöldi verkefna full mikill og verða gerðar einhverjar breytingar á áfanganum þegar hann verður kenndur næst.

MYND3ML05 (Myndlist). Ákveðin myndefni færð upp í mismunandi stíla. Nokkuð stýrð verkefni og aðferðir ásamt flakki um listasöguna til glöggvunar. Síðan var unnið með nokkur myndefni sem nemendur fengu meiru um ráðið með stíl og aðferðir. Hér var líka skylda að mála eitt akrýlmálverk á striga. Þessi áfangi tókst vel og verða litlar ef einhverjar breytingar gerðar.

Örlitlar breytingar voru gerðar á MYND2TK05 (Teikning) og MYND2LF05 (Litir og form).

Í MYND2TK05 fólust breytingarnar í tilfærslu verkefni innan annarinnar sem og fækkun verkefna um leið og lögð var dýpri áhersla á önnur verkefni áfangans. Í smíðum er síðan 3. þreps áfangi í teikningu þar sem farið verður enn dýpra í teikninguna og í fleiri þætti s.s. þá sem teknir voru út úr 2. þreps áfanganum. Þessar áherslubreytingar skiluðu sér vel og var merkjanlegur munur á betra rennsli í áfanganum sem og dýpri skilning á t.d. fjarvídd.

Í MYND2LF05 fólust breytingarnar í því að nemendur fengu meiri leiðbeiningar um litaval í myndbyggingarþættinum til dýpkunar. Verkefnum fækkað en lögð meiri áhersla á góð vinnubrögð.

Grafíska hönnunin var nú kennd í annað sinn. Var áfanganum örlítið breytt samkvæmt þælingum úr síðustu ársskýrslu og gafst sú breyting vel. Það er einnig gaman að segja frá því að nú er tilbúin áfangalýsing fyrir nýjan áfanga MYND2GM05 (Grafísk miðlun) þar sem öll áhersla verður á grafíkvinnu í tölvu með áherslu á Adobe-forritin InDesign, Illustrator og Photoshop.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við leiðsagnarmat og símat. Kennari gefur endurgjöf og ráðleggingar á meðan verk er unnið. Þá skráir kennari árangur jafnóðum að verkefnum loknum inn í Moodle og/eða excel þar sem nemendur hafa strax aðgang að einkunnum sínum eða afhendir nemendum einkunnir beint. Nemendur vita frá upphafi fjölda, vægi og tímaramma verkefna. Ekki er bara endanlegt verk sem liggur til mats, heldur einnig vegferðin. Ekkert hefðbundið próf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Lísa fór á vikunámskeið í myndlist á Engelsholm í Danmörku og Ágústa tók þátt í málstofu í Listasafni Árnesinga vegna sýningarinnar NAUTN sem þar var haldin og hafði vakið upp heilmikla umræðu. Innlegg Ágústu var út frá myndlistarkennaranum og grafíska hönnuðinum og markaðsfræðum. Með Ágústu á pallborði voru þau Salvör Nordal, Auður Ava Ólafsdóttir og Markús Þór Andrésson. Fróðlegt og lærdómsríkt.

Ágústa var einnig með 50 mínútna málstofu á fræðsludegi starfsfólks starfsbrauta. Málstofan var haldin í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Þetta var mjög áhugavert og afar hollt að taka saman efni og setja saman og fara yfir sl. ár í kennslu á starfsbraut.

Heilmikil vinna og nám fólst að venju í því að vinna í fyrsta sinn í bæði nýjum og breyttum áföngum. Lísa kenndi t.d. tvo splunkunýja þriggja þrepa áfanga.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar kennslubækur, en nýjar eða bættar glærur og kennslublöð í öllum áföngum.

FSu myndlist á Facebook er sífellt að nýtast betur sem kennslugagn eftir því fleiri gögn hlaðast þar inn. Kennarar halda einnig áfram að vera með sameiginleg gögn á Google-drive, s.s. glærur, myndasöfn og fl. sem hægt er að sækja í. Sífellt er bætt þar við efni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Viðhalda enn frekar sýnileika myndlistardeildar í skólanum með áframhaldandi sýningarhaldi og innsetningum sem og áherslu á þann möguleika sem hin nýja námskrá býður upp hvað varðar listnám til framtíðar.

Vinna enn frekar í þróun hinnar nýju listalínu, með því að skoða fleiri áfanga, ferli og leiðir í myndlistinni svo það nám nýtist að fullu fyrir frekara framhaldsnám í myndlist og hönnun. Engin lognmolla!

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

1. Stækka vaskaaðstöðu inni í myndlistarstofu, fá stóran og djúpan álvask (oft verið nefnt áður). Mundi muna gríðarmiklu fyrir alla þrifaðstöðu og bæta að öllum líkindum umgengni um efni og áhöld.
2. Fá funkerandi heitt vatn í kranana.
3. Fá stórt og gott ljósaborð í myndlistarstofuna (gæti verið búið til í Hamri sem samstarfsverkefni milli deilda). Það var vel tekið í þetta sl. önn en því miður höfum við og aðrir ekki fylgt þessu almennilega eftir.
4. Fá nokkrar IKEA hillur í fremsta rými myndlistardeildarinnar þar sem hægt er að geyma alls konar efni á snyrtilegan og skipulegan máta. Hefur verið nefnt nokkrum sinnum áður og var vel í tekið á síðustu önn en ekkert varð úr.
5. Fá fleiri Ikea-myndahillur eins og nú eru í fremsta rými myndlistarstofunnar og þær hillur væru settar upp alveg að textílstofunni. Þannig næðist skemmtilegt flæði á milli þessara faga og enn frekara sýningarpláss fyrir allt það sem er verið að búa til.

Ágústa Ragnarsdóttir

Elísabet Helga Harðardóttir

Skýrsla Kórstjóra

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	KÓRA1AA02	
Kristjana Hrund Bárðardóttir	KÓRA1AA02	KÓRA1AA02
Örlygur Atli Guðmundsson	KÓRA1AA02	KÓRA1AA02

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Svipaðir kennsluhættir og áður hafa tíðkast.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Nemendur þurfa að mæta á útskrift og til að fá einingu fyrir áfangann. Fá aukaeiningu fyrir að mæta á tónleika kórsins.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

KHB fór á námskeið hjá Endurmenntun HÍ sem heitir hugþjálfun-leið til árangurs.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Ýmis ný lög æfð, t.d. lög sem sungin voru með írska kórnum sem við heimsóttum í apríl.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að virkja nemendur í þátttöku í kórastarfinu.

Leggjum til að námsmat verði þannig að nemendur þurfi að mæta á alla tónleika, þar með talið brautskráningartónleika til að fá einingar. Fjarvera á tónleikum samsvari einkunninni 0, nema lögleg forföll komi til. Tónleikar jafngilda hlutaprófum. Þeir sem ekki mæti á brautskráningartónleika fái einkunnina 1 í staðinn fyrir S eða F.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Erum sátt við áherslur skólayfirvalda.

Annað

Við leggjum til vegna álags og mikillar vinnu við undibúning utanlandsferðar að kórinn fari ekki erlendis í kórferðir nema á þriggja ára fresti.

Kristjana Hrund Bárðardóttir

Örlygur Atli Guðmundsson

Skýrsla Hönnunardeildar (Textíl)

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Helga Jóhannesdóttir	HÖNN2FY05	HÖNN2FH05
	HÖNN3HT05	FATN1SX05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

HÖNN2FH05 Fatahönnun:

- Vandamálið “OF MARGIR NEMENDUR”: Eftir tilraunir með A og B hópa, enduðum við á “Fyrstur kemur, fyrstur fær persónulega aðstoð” - allir sátir, allir fengu þá aðstoð sem þeir þurftu, þ.e. þeir sem nemtu að mæta.
- Vandamálið “4 x OF STUTTIR TÍMAR Í VIKU”: Innlegg 1 x í viku (á mánudögum). Mötun á sjálfstæðum (heima)verkefnum - sumir nemar töldu OF mörg verkefni - aðrir töldu þau OF fá = “veit ekki hvað ég á að gera þegar þú heldur ekki í hendina á mér”. Með fyrrnefndri “Fyrstur kemur...” aðferð, leystist þessi vandi dál. af sjálfu sér, þ.e. ábyrgðin á að krækja sér í aðstoð færðist yfir á þau sjálf.

FATN1SX05, STARFSBRAUT:

- Unnið út frá hóp: Óvenju erfiður, 7 manna hópur. Vandí leystur jafnóðum í samvinnu við starfsfólk SB og stjórnenda. Mikill léttir þegar Ingvar hætti hjá okkur.
- Út frá samsetningu hópsins, var unnið út frá því að hver og einn ynni með eitt aðalverkefni og eitt aukaverkefni sem unnið er sjálfstætt í bið. T.d. að þrjóna eða sauma út.
- Allir/allar unnu vinnumöppu, þar sem gerð var grein fyrir hverju verkefni á einhvern hátt, t.d. heiti nytjahlutar, teikning eða mynd, prufa af textílefni og snið.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

HÖNN2FH05 Fatahönnun:

100% leiðsagnarmat/jafningjamat/símat sem uppfært var af kennara 1x í mánuði.

Nemendur látnir taka þátt í samanburði á verkefnum og verkefnaöppum, svo læra mætti af samanburðinum, hvaða þættir hafa áhrif á gæði verkefna. Smám saman færðist ábyrgðin yfir á kennarann einann.

Opinber dagbók haldin á Google Drive sem nemendur höfðu aðgang að - skráð af kennara eftir flestar kennslustundir, það sem stóð upp úr varðandi nýtingu tímans og mat hans á virkni og afköstum.

FATN1SX05 Handverk á SB:

70% virkni í tímum samkvæmt dagbók.

30% verkefni nemenda og vinnumöppur.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

HJ sótti FAB-LAB námskeið í Barcelona í 3. til 10. júní, 2016 í samvinnu við Fatex og EHÍ.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Nei, en nú var boðið upp á að allir nemendur Hönnunardeildar veldu að taka þátt í ljósmyndasýningu í útskriftarveislu annarinnar, 26.maí n.k. - sýningu sem nú er komin upp við lyftustokkinn í miðrymi Odda. Allir nemendur lögðu eitthvað af mörkum, hver á sinn hátt.

Einnig voru tveir nemendur sem völdu að vinna áfram eða klára textílverk, sem nú hefur verið hengt upp sem "hljóðmön" á skrifstofu skólans.

Einn nemandi valdi að vinna með kennara í að "færa deildina út á gang" og enn einn nemandi valdi að uppfæra Facebook síðu hópsins.

Nám í hönnun endar gjarna á markaðsfræði. Hér miðast vinnuframlag við sýningarvinnu við 10% einkunn.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Halda áfram að berjast fyrir því að tveir kennarar sjái um stjórn þessarar óhefðbundnu framhaldsskóladeildar! Undirrituð er löngu búin að fá nóg af of löngum tíma í 50% starf!

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

* Halda áfram að byggja upp vélakost deildarinnar - tvær nýjar vélar keyptar nú í annarlok, þar sem tvær gamlar bræddu úr sér.

* Að haldið verði áfram að skoða þá erfiðu staðreynd að hér rekum við blandaðan skóla, þ.e. bóknám, verknám og allt mögulegt annað í einum ramma, einni sameiginlegri stundatöflu. Það er nánast ógerlegt að halda úti árangursríku bók- og verklegu fagi eins og "handverk og hönnun" í svo knöppum tímaramma OG með svo stóra hópa sem ráðuneyti krefst. Til að halda deildinni gangandi þarf að halda áfram að leita lausna, sem gera nemendum kleift að stunda hönnunarnám við stressandi aðstæður bóknámsrammans.

Mér skilst að EF ég fylgdi eftir þörfinni fyrir samliggjandi tíma, myndi það fækka nemendum sem treysta sér til að velja nám á sviði handverks og hönnunar.

Annað

Munið öll sem nennið að lesa þessa skýrslu: ALLIR ganga í fötum á hverjum degi, allt sitt líf. ALLIR nota annan textíl en föt á hverjum degi allt sitt líf, rúmföt, handklæði og margt fleira.

Munið að þessi staðreynd hefur áhrif á hagvöxt og þrælahald í heiminum í dag.

Lærdómsríkar staðreyndir.

Helga Jóhannesdóttir

Skýrsla matvæladeildar

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Anna Valgerður Sigurðadóttir	PJSK1þA02	
Ægir Sigurðsson		PJSK1þB02
Guðríður Egilsdóttir	MATR1VB05	MATR2þR03
	VFFM1VA10	VFFM1VB10

	FÖFM1FB04	FÖM1FA04
	VPVS1VB001	VPVS1VA01
Jórunn S. Birgisdóttir	MATR1VB05	MATR1VB05
	MATR1SXB05	MATR1SX05
	SMÁR1SR02	BAKA1SX02

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í fyrsta skipti var kennt á 2. þrepi, matreiðslu þjóðarrétta sem að gekk vel. Að auki voru tveir nýir áfangar kenndir á starfsbraut BAKA1SX02 og SMÁR1SX02 sem verða þróaðir í áfanga á 2. þrepi fyrir val í matreiðslu vor 2018.

Á þessu ári höfum við nýtt okkur netið í meira mæli en áður þar sem að faglegt efni til fræðslu er aðgengilegra en áður. Auknar áherslur lagðar á efni um matarsóun.

JB - Ýmsar aðferðir við kökuskreytingar (sykurmassagerð o.fl.), glútenlaus bakstur sem og bakstur án viðbættis sykurs. Gerði mikið af uppskriftum með nemendum ásamt ýmsum smáréttum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat eftir hvern tíma, einstaklings- og hópverkefni bæði bókleg og verkleg, kynningar, leiðsagnarmat og jafningjamat. Í GFM eru notaðir faglegir prófdómarar í verklegum prófum.

JB - Metið út frá virkni, samvinnu, frágangi, mætingu og færni.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Jórunn sótti námskeið í skýjum fyrir kennara í starfsbrauta áföngum, hún sótti námskeið um áhrif mataræðis á sjúkdóma á vegum Krabbameinsfélags Íslands og námskeið í Marokkóskri matargerð hjá Salt eldhúsi. Guðríður og Jórunn sóttu námskeið um Office 365 og námskeið á vegum FSu um kvíðaraskanir og þunglyndi ungmenna. Guðríður sótti Starfsmenntabúðir fyrir leiðbeinendur á sviði Starfsmenntunar og fullorðinsfræðslu á vegum Iðunnar og fór á ráðstefnu sem að Samtök iðnaðarins héldu um þekkingu og færni innan matvælagreina.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Græna handbókin eftir John Elkington. Opið hús eftir Snæfríði Ingadóttur. Kökur og kökuskreytingar eftir Jill Spencer. Sælkeriferð um Frakkland og Sælkeruferð um París eftir Sigríður Gunnarsdóttir. Efni af veraldavef.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kenna aftur GFM, nærumhverfi FSu þarf á þessum nemendum að halda. Þjónustuáfangarnir ÞJSK1PA02 og ÞJSK1PB02 geta nýst nemendum á öðrum brautum en GFM brautinni t.d. Hestabraut. MATR1VB05 í vali er góður áfangi fyrir alla nemendur þeir öðlast færni og þekkingu sem stuðlar að sjálfbærni og heilbrigðari lífsháttum í framtíðinni. Eins kemur val áfanginn að góðum notum fyrir atvinnulífið hér á Suðurlandi, þar sem nemendur eru margir hverjir í vinnu á veitingastöðum. Í fyrsta skipti var kennt á 2. þrepi, matreiðsla þjóðarrétta MATR2PR03 sem að gekk vel að auki voru tveir nýir áfangar kenndir á starfsbraut bakstur og kökuskreytingar BAKA1SX02 og smáréttir SMÁR1SX02 sem að verða þróaðir í áfanga á 2. þrepi fyrir val í matreiðslu á vorönn 2018.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Áfram þarf að passa upp á að verklegt nám sé fjölbreytt í FSu. Við á Suðurlandi þurfum á fjölbreyttu námsúrvali að halda fyrir unga fólkið okkar.

Aðstaða í kennslueldhúsi þarfnast framtíðar endurskoðunar. Ísskápur er allt of lítill en með auknu námsframboði eykst hráefnis fjölbreytileikinn og því þörf á að auka kælipláss. Það væri rafmagns og vinnu sparandi að hafa líka kæliklefa sem að gæti nýst öllum eldhúsum skólans.

Þá er þörf á gardinum og huggulegum ljósum sem gera borðstofu hlýlegri. Nú þegar bóksalan er ekki lengur starfrækt í rými við hliðina á borðstofu þá horfum við til þess að geta bætt okkar starfsumhverfi betur með því að fá rýmið undir matreiðsluáfangana. Með sól í hjarta ☺

Guðríður Egilsdóttir

Jórunn Sigríður Birgisdóttir

Ægir Sigurðsson

Skýrsla íþróttadeildar

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	Haustönn	Vorönn
Ásdís Björg Ingvarsdóttir	AFRE2NÆ05	ÍÞRÓ1ÞH03
	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ2ÞL03
	ÍÞRÓ2ÞL03	ÍÞRÓ2BA02
	ÍÞRÓ2AL02	ÍÞRÓ1ÞX02
	ÍÞRÓ1ÞX02	ÍÞRÓ3JF02
	ÍÞRÓ3JF02	
Magnús Tryggvason	ÍÞRÓ1GX02	ÍÞRÓ1ÞH03
	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ2ÞL03
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍÞRÓ2JÓ02	ÍÞRÓ2JÓ02
	ÍÞRÓ3JÓ02	ÍÞRÓ3JÓ02
Sverrir Geir Ingibjartsson	ÍÞFR2ÞJ03	ÍÞFR2SS05
	ÍÞRÓ1ÞH03	ÍÞRÓ2ÞL03
	ÍÞRÓ2BA02	ÍÞRÓ2BL02
	ÍÞRÓ2KN02	ÍÞRÓ1GX02
	ÍÞRÓ3JF02	ÍÞRÓ3JF02
	ÍÞST3AÐ03	ÍÞST3AÐ03

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nýr áfangi kenndur á starfsbraut. Nemendur hafa val um hvort þeir vilja vera í þreksal, göngu eða sundi. Mæta þá tvisvar í viku og er þá eingöngu um verklega kennslu að ræða. Í heildina kom þetta fyrirkomulag mjög vel út og mætir vel þörfum þeirra nemenda sem ekki eru sterkir á bókina.

Nýr áfangi kenndur á fyrirhugaðri afrekslínu en línan sjálf er reyndar í salti þessa stundina. Þetta er áfangi um næringu íþróttafólks og er hugsaður fyrir nemendur sem vilja auka þekkingu sína varðandi mataræði með tilliti til hreyfingar, hvort sem þeir stefna á að verða atvinnumenn í sinni íþrótt eða eru almennir spriklarar. Þessi áfangi kom vel út, hann er próflaus en reynt að hafa nálgun efnisins fjölbreytta og námsmatið fjölbreytt. Þegar nýr áfangi er kenndur er alltaf eitthvað sem kemur í ljós að megi gera á annan hátt og fer það í reynslubankann fyrir næstu haustönn.

Breyting var gerð á uppsetningu íþróttalínu til stúdentsprófs. Megin breytingin felst í því að fækka en um leið stækka þá íþróttufræðiáfanga sem taka þarf til stúdentsprófs. Nú eru þrír áfangar á línunni sem allir eru 5 einingar. Áður voru fimm íþróttufræðiáfangar á línunni, tveir fimm eininga og þrír þriggja eininga. Áfangar verða sameinaðir og endurskipulagðir. Er þetta gert til aðlögunar á styttingu náms til stúdentsprófs. Einnig verður nú boðið uppá stutta íþróttabraut sem er hugsuð fyrir þá sem ekki stefna á stúdentspróf en vilja ljúka námi af skilgreindri íþróttabraut.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Þar gildir mæting frá 40-70%.

Í bóklegu íþróttunum er einnig um símat að ræða nema þar er endað á prófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Prófið gildir 30% af lokaeinkunn.

Lokapróf, í próftöflu, var í íþróttufræðiáföngunum og vóg það 50% af lokaeinkunn.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur í íþróttum voru teknar í notkun á skólaárinu. Hinsvegar eru

kennarar íþróttadeildar sífellt að bæta við efni inn á moodle. Sumt er tekið af vefnum en annað er heimatilbúið.

Í AFRE2NÆ05 var stuðst við bókina Góð næring betri árangur í íþróttum og heilsurækt eftir Fríðu Rún Þórðardóttur. Á næstu önn munu nemendur þurfa að eiga bókina.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Í ljósi nýjustu rannsókna um hreyfingarleysi ungs fólks er okkar tillaga sú að fjölga einingum í íþróttum úr 8 í 10 í kjarna.

RE – Leggur til að jógaáfangar verði kenndir tvisvar sinnum í viku í stað einu sinni þar sem það myndi henta faginu betur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nú er svo komið að tæki til upphitunar og þolþjálfunar í þreksalnum í lðu eru orðin ansi léleg og ljóst er að kominn er tími á að endurnýja hlaupabretti og þrekhjól. Öll þessi áhöld eru komin til ára sinna og þurfa stöðugt meira viðhald. Mikil þörf er á að fá tvö ný hlaupabretti og tvö ný þrekhjól.

Ásdís Björg Ingvarsdóttir

Magnús Tryggvason

Ragnheiður Eiríksdóttir

Sverrir Geir Ingibjartsson

2.2.2 Raungreinar

Kennslustjóri: Ronald B. Guðnason

Nafn kennara:	Áfangar	Áfangar
	haustönn	vorönn
Ronald Björn Guðnason	EÐLI2AE05	EÐLI2AE05
	EÐLI3NE05	EÐLI3VB05
	EÐLI1MG03	

Aníta Ólöf Jónsdóttir	UMHV2UM05	JARÐ2JÍ05
Ólafur Einarsson	LÍFE2LN05	LÍFF2LN05
	RVLÍ2LA05	LÍFE2LN05
		LÍOL2SS05
Jón Grétar Hafsteinsson	EFNA2AA05	EFNA2AA05
	EFNA2BB05	EFNA3BB05
		NÆRI2AA05
Úlfur Björnsson	LAND2EL05	LAND2EL05
		JARÐ2SJ05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Engar nýjungar.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf í NÆRI2AA05, EÐLI2AE05, EÐLI3VB05, EFNA2AE05 og í LÍFE2LN05 en símat í EÐLI1MG03, JARÐ2JÍ05 og LAND2EL05.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ronald og Ólafur tóku þátt í Málþing um náttúrufræðimenntun sem haldin var í Stakkahlíð. Ýmislegt lærðist þar, einkum um verklega kennslu í eðlisfræði og líffræði. Tæki og tól fyrir slíka verklegar kennslu voru pöntuð og keypt í kjölfarið.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Aníta notaði nýtt efni á netinu í umhverfisfræðinni, væri annars gott að hafa bók í þeim áfanga.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Ronald ætlar að miða kennslu á næsta ári meira við nýjustu þekkingu í vísindum.

Annað

Úlfur tók þátt í samstarfi um verkefni í ERASMUS samvinnu ESS á vorönn. Samstarfið nær til 7 skóla í jafn mörgum löndum Evrópu.

2.2.3 Sjúkraliðagreinar

Fagstjóri: Íris Þórðardóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Íris Þórðardóttir	HJÚK3ÖH05	HJÚK3FG05
	SJÚK2GH05	HJÚK3LO03
	LÍOL2SS05	SIÐF1SF05
	HJÚK3ÖH05	SÝKL2SS05
	VINN3ÖH08	VINN3GH08
		LYFJ2LS05

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu og mat á þeim

Loksins erum við komin með nýja kennslubók í hjúkrun. Hún er í þrem bindum. Ég byrjaði á miðbókinni fyrir áramót, en slepti henni eftir áramót. Við fengum skerðingu vegna nemendafjölda. En í staðinn studdist ég vel við hana. En það var óraunhæft að setja hana fyrir og ná svo ekki að klára námsefnið.

Málstofa var haldinn 3. maí frá 9-12. Þar kynntu nemendur lokaverkefni sín í hjúkrun og mættu 30 manns á viðburðinn. Allir stóðu sig með sóma og var boðið upp á kaffi og kökur í lokin.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Fleiri áfangar fóru í símat og var það mest vegna þess að krafan er orðin svo sterk þar. Reyndar hefur seinasti hjúkrunaráfanginn alltaf verið próflaus og hinum lokið með Málstofu.

Lyfjafræðin var sett sem þrjú próf eftir ákveðinn kaflafjölda og krafan var sú að ná öllum prófum. En það var ekki raunhæft og endaði það í samanlagðri tölu, allra prófa.

Það er eins og mörg þeirra nái bara ekki að þetta er alvara og ekki hægt að vinna þetta upp.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Bett sýningin í London, ég fór á hana og festist mest í hugbúnaðarkynningunum. Þ.e.a.s öppunum og one note. Margt mjög spennandi þar.

Tveir fyrirlestrar á HSU og svo á fræðsludag hjúkrunarfræðideildar í byrjun des.

Svo mætti ég á fund með öðrum hjúkrunarkennurum og fengum við námskeið í nýjum reglum sóttvarna, nýjum bakteríu og veiru ógnum og hvernig LSH legði til að við kenndum sóttvarnir og af hverju.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu og mat á þeim

Komnar eru nýjar bækur í hjúkrunarfræði og bind ég miklar vonir við þær. 1. bindið af þrem ætti að koma í haust og þá kenni ég hana. En hinar komu síðasta haust þ.e. bindi 2 og 3. Er ég aðeins byrjuð að kenna þær.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Nýr hópur næsta haust og vonandi næst í fullan hóp, en 18-24 er hámark fyrir bæði verklega kennslu í stofu, fyrir einn kennara og til að koma öllum fyrir hér í verknám hér á Suðurlandi.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Skerðing um einn tíma á hvern áfanga – nema verklega VINN3GH08 var mjög töff. Sérstaklega þar sem þessi hópur er 3 vikur á önn í verknámi út frá skóla.

Persónulega var ég alsæl, en faglega mjög ósátt og náði ekki yfir allt það efni sem ég hefði vilja klára.

Annað

Takk fyrir mig.

2.2.4 Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

Kennsluskipting

Skólaárið 2016-2017 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Tíu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og níu á vorönn. 4 af þessum kennurum voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á haustönn og 3 á vorönn.

Nafn kennara:	Áfangi /ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Eyvindur Bjarnason	STÆR1RX05	STÆR1SX05
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	STÆR2PT05	STÆR1AJ05
		STÆR2TL05
		STÆR2PT05
Ingvar Bjarnason	STÆR1AJ05	
	STÆR1FA05	
	STÆR2AF05	
	STÆR2HV05	STÆR1FB05
	Ýmsir áfangar	Ýmsir áfangar
Kjartan Ólason	á Sogni	á Sogni
	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR2RU05	STÆR2RU05
	STÆR1FA05	STÆT2VF05
Kristjana S. Skúladóttir	STÆR1AJ05	STÆR1AJ05
	STÆR1FA05	STÆR1FB05

	STÆR2AF05	STÆR2RU05
Auk þess hafði Kristjana umsjón með fjarnámi grunnskólanema í STÆR2AR05 á haustönn og STÆR2AF05 á vorönn.		
Magnús Másson	STÆR1AJ05	STÆR2AF05
	STÆR2AF05	STÆR2HV05
	STÆR2AR05	STÆR2RU05
	STÆR2HV05	
Ólafur Bjarnason	STÆR1FA05	STÆR1SX05
	STÆR1SX05	STÆR2TL05
	STÆR2TL05	STÆR3TL05
Renata Lis	STÆR3FD05	STÆR3FD05
	STÆR3HD05	STÆR3HD05
	STÆR3SG05	STÆR3TD05
Úlfur Björnsson	STÆR2VF05	
Ægir Sigurðsson	EXCE2GF05	STÆR2AF05
	STÆR2AR05	Ýmsir áfangar
	Ýmsir áfangar	á Litla-Hrauni
	á Litla-Hrauni	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nokkrir kennarar deildarinnar héldu áfram að nota „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“ til stuðnings við hefðbundna kennslu. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og hafa reynst góð hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Nú er að koma nokkur reynsla á notkun „GeoGebra“ og hefur Guðbjörg Helga verið þar í fararbroddi.

Áfram var notað Moodle kennslukerfið. Fleiri kennarar í deildinni hafa bæst við notendahóp þessa kerfis og láta vel af.

Þá hafa kennarar nýtt sér excel og ýmis smáforrit ásamt videomyndum til stuðnings við kennsluna.

Þær Guðbjörg Helga og Kristjana Sigríður hafa á skólaárinu kynnt sér hugmyndafræði Jo Boaler um stærðfræðikennslu. Þær tóku þátt í námskeiði hjá henni á netinu (eiga að vísu eftir að ljúka því) þar sem m.a. var fjallað um sjálfsmat nemenda og skoðun á eigin viðhorfum og hugarfari gagnvart stærðfræði og námi almennt og mikilvægi þess að hafa trú á sjálfum sér. Þessu hafa þær komið á framfæri við nemendur sína með stuttum myndböndum. Telja þær að þessi vinkill á eigin kennslu hafi gagnast mörgum nemendum og ætla að halda áfram að kynna sér og nýta þetta efni.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í stærðfræðiáfanganum STÆR1GS05 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20% og kaflaprófum á önninni 80%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur.

Sami háttur var hafður á í áföngunum STÆR1FA05 og STÆR1FB05.

Áfram var stærðfræðiáföngum skipt uppí lotur. Oftast var um að ræða 4 lotur, en gátu verið undantekningar á því. Hver lota stóð að jafnaði í 3 til 4 vikur. Hverri lotu lauk með lotuprófi. Einnig þurftu nemendur að standa skil á heimaverkefnum. Ef nemandi hafði verið vel virkur alla önnina og skilað öllum verkefnum með ákveðnum lágmarks árangri og þreytt öll lotuprófin, gat hann mögulega lokið áfanga án lokaprófs í lok annar. Nákvæm útlistun á þessum skilyrðum kom að sjáfsögðu skýrt fram í kennluáætlunum í byrjun annar. Tilgangurinn með þessu var einkum tvenns konar. Annars vegar að vera hvetjandi fyrir nemendur og hins vegar að minnka álag á nemendur og kennara á skertum prófatima í lok annar. Metnaðarfullir nemendur stefndu á það alla önnina að sleppa við lokapróf og mörgum tókst það.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

23. febrúar 2017 stóð deildin fyrir námskeiði í ýmsum stærðfræðiforritum. Verkfræði- og stærðfræðipjónustan sá um kennsluna sem Viðar Ágústsson annaðist. Átta stærðfræðikennarar ásamt eðlisfræðikennara og efnafræðikennara tóku þátt. Samdóma álit að vel hafi tekist til.

Kennslustjóri beitti sér fyrir kynningu í fjármálalæsi sem L.Í. sá um. Kynning þessi fór fram á Kátum dögum og sá Fjóla Kristinsdóttir frá L.Í. um kynninguna.

Guðbjörg Helga sótti alþjóðlega stærðfræðiráðstefnu til Hamborgar í júlímánuði. Þetta var „13th International Congress on Mathematical Education“.

Ráðstefnu þessa sóttu nokkur þúsund kennara víða að úr heiminum þar á meðal rúmlega 30 íslendingar úr ýmsum skólum á öllum skólastigum. Á ráðstefnunni gátu þátttakendur valið um viðfangsefni, þar sem í boði voru margir tugir mismunandi áhersluatriða innan stærðfræðinnar.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á báðum önnum var notuð kennslubókin Stæ 103(2012) eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum STÆR1AJ05 og STÆR2RU05(STÆR1RU05). Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel.

Í STÆR2AR05 (STÆR1AR05) var notuð bókin Stærðfræði 4000 A e/Lena Alfredsson o. fl.

Í áföngunum STÆR2AF05 og STÆR2VF05 var notuð á haustönn bókin STÆ 202 e/Gunnar Pál Jókimsson, Jón Þorvarðarson og Svein Inga Sveinsson. En á vorönn bókin STÆ 225 e/Jón Þorvarðarson.

Í STÆR2HV05 var áfram notuð bókin STÆR3AN sem er námsefni frá M.H.

Í STÆR3FD05 var notuð bókin Stærðfræði 4000 C e/Lena Alfredsson o. fl. á haustönn en efni frá kennara á vorönn.

Í STÆR3HD05 var á báðum önnum notuð bókin Stærðfræði 3000 Heildun, deildajöfnur, runur og raðir e/Lars-Eric Björk og Hans Brolin,

Í STÆR3TD05 var notuð bókin Stærðfræði 603 e/Jón Hafstein Jónsson, Níels Karlsson og Stefán G. Jónsson. Tölvunot ehf. 2002.

Í STÆR3SG05 var notað efni frá kennara.

Í öðrum áföngum var óbreytt námsefni frá fyrra skólaári.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kennslustjóri leggur til að starfsemi deildarinnar verði á næsta skólaári á svipuðum nótum og á núverandi skólaári sem senn er á enda runnið.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Kennarar Stærðfræðideildar eru mjög ánægðir með þá eyktaskipan að lengd kennslustunda er 55 mínútur. Telja að með þessu móti nýtist tíminn mun betur og allt stærðfræðinámið verði mun markvissara.

Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar.

Tækjakostur

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Búnaður þessi var endurnýjaður á haustönn 2012. Lágmarksbúnaður er í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðustrikuðum töflum.

Annað

Þann 4. október 2016 var auglýst Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2016-2017(forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Tveir nemendur FSu tóku þátt, báðir á efra stigi. Þeir komust ekki áfram í framhaldskeppnina sem fór fram í mars 2017.

Þann 28. febrúar 2017 var haldinn fundur í F.Su. með stærðfræðikennurum grunnskóla á Suðurlandi. Á þennan fund mættu 8 grunnskólakennarar víða að, ásamt 8 kennurum F.Su. Á

fundinum voru rædd má eins og námsmat við lok grunnskóla og röðun nemenda í áfanga í framhaldsskóla, hvernig hefði tekist til í þessum efnum. Hvað er á bakvið nýja bókstafaeinkunnakerfið, t.d. hvað er átt við með B+ og A? Hvernig er ástundum nemenda á báðum skólastigum og hver ar afstaða stærðfræðikennara til þess að nemendur 9.-10. bekkjar stundi nám í eistökum áföngum í framhaldsskóla. Fundur þessi þóttist takast vel og var mjög upplýsandi fyrir bæði grunn- og framhaldsskólakennara á svæðinu.

Ekki voru starfræktir stoðtímar á skólaárinu eins og undanfarnar annir. Þó var boðið uppá stuðningstíma í stærðfræði á vorönn einu sinni í viku. Þessa kennslu annaðist Renata Lis. Nokkur aðsókn var í þessa tíma.

Selfossi 27. maí 2017

Ólafur Bjarnason, kennslustj. í stærðfræði.

2.2.5 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Borgþór Helgason	STYR3RA05	AVV1MG03
	GÆVA2GV02	PLVI2PA03
	AVVI2AB04	HVMÁ2MG05
	RENN2RB04	VÉLF1MG03
	EFNG1MG03	EFNG2MG02
	RAFS2RA04	TSTH1TS02
		TTÖL2MG03
Elínborg Arna Árnadóttir	HÁRG1SX03	HÁRG1HÁ03

		HÁRG1SX02
Grímur Lúðvíksson	MÆLM1MG03	RATM2RB05
	RATM2RA05	RÖKR1MG03
	RAFM2RB05	TNET2RA03
	RATÆ1MG03	RAFL1VA05
	TNET1GR03	VSME2RA05
	TNET2RB05	VETG2RA03
	VETG1GR05	VETG3RA03
	VETG2RB04	
Hörður Ásgeirsson	TRÉS1SX05	TRÉS1SX05
Ingvar Bjarnason	TEVH2GH05	TEVH2GH05
	TEVH2TH05	TEVH2TH05
	TEVH3SV05	TEVH3SV05
		STVH3SN03
		ÁGSH3ÁG03
Jón Sigursteinn Gunnarsson	GLUH2GL07	TIHH3TH17
	EFNG1EF05	TRSH3ST03
	TRÉS1VA05	ÚVKH3KÚ03
Magnús Tryggvason	HGSU1HS03	MÁLM1SX05
	LOSU1LS03	MÁLM1VA05
	MÁLM1SX05	

Óskar G Jónsson	GRTE1FA05	TRÉS1VA05
	FRVG1RÖ05	VTSH2NV05
	VETG1VT10	LHÚH3US07
		HÚBHKI03
		INKH3KI03
Sigurður Grímsson	HGSU1HS03	HVMÁ1MG05
	PLVA1PA04	MÆLM1MG02
	LOSU1LS03	RENN1MG05
		ÖROF1ÖF02
Svanur Ingvarsson	INRH3SH10	TRÉH2HS15
	GRTE2FB05	LEÐU1SX02
	LEÐU1SX02	GRTE2FB05
Þór Stefánsson	RAFL1AR03	RAFL1RB03
	RAFL2BR05	RAFL3RA05
	RAFM1MG05	RAFM1SX05
	STYR1RA05	STYR2RA05
	STYR3RA05	RAFM2RA05
	RAFM1RA05	RAFM3RA05
	RAFM1SX05	

Skýrsla barst ekki frá verknámi vegna skólaársins 2016-2017.

2.3 Svið: Starfsbraut

Sviðsstjóri sérkennslu: Jóhanna Guðjónsdóttir

Tuttugasta og fimmta starfsári starfsbrautar er að ljúka. Skráðir nemendur í upphafi haustannar voru 57 en 55 í lok hennar. Á vorönn hófu 52 nemendur nám en sex nemendur heltust úr lestinni. Þrír nemendur brautskráðust af starfsbraut um jól en sjö nemendur að vori.

Sérkennarar á starfsbraut voru: Guðmundur Björgvin Gylfason, Hulda Finnlaugsdóttir, Jóhanna Guðjónsdóttir, Jóna Ingvarsdóttir, Linda Rut Larsen, Þorbjörg Vilhjálmisdóttir og Hafdís Garðarsdóttir sem bættist í hóp kennara í byrjun skólaársins. Námsgreinar sem sérkennarar sáu um á haustönn voru íslenska, enska, stærðfræði, skólabragur, mannréttindi, hestamennska, spil og þrautir, skák og ökunám. Á vorönn sáu sérkennarar um kennslu í íslensku, ensku, stærðfræði, skólabrag, lífsleikni, starfsnámi í skóla, kvikmyndaáhorfi, álfu (heimsálfur), spili og þrautum og ökunámi. Vegna fækkunar nemenda á öðrum brautum skólans var aftur gripið til þess ráðs af skólastjórnendum að faggreinarkennarar sinntu sérkennslu á starfsbraut á skólaárinu. Kennararnir voru Eyvindur Bjarnason og Ólafur Bjarnason (stærðfræði) og Bryndís Guðjónsdóttir (íslenska).

List- og verkgreinakennarar á starfsárinu voru: Ágústa Ragnarsdóttir myndlist, Ásdís Björg Ingvarsdóttir íþróttir, Elínborg Arna Árnadóttir hárgreiðsla, Elísabet H. Harðardóttir myndlist, Hannes Stefánsson þýska, Helga Jóhannesdóttir textílmennt, Helgi Hermannsson kvikmyndagerð, Hörður Ásgeirsson trésmíði, Jórunn Sigríður Birgisdóttir matreiðsla, bakstur og smáréttir, Magnús Tryggvason málsmíði og íþróttir, Sigríður Sæland skyndihjálp, Freyja Hilmarsdóttir reiðmennska, Svanur Ingvarsson leðursmíði, Sverrir G. Ingibjartsson íþróttir og Þór Stefánsson rafmagnsfræði. Auk þess kenndi Rósa Marta Guðnadóttir goðafræði.

Um kennslu í svokölluðum s-hópum (einstaklingsmiðað nám í upprifjunar- eða almennum framhaldsskólaáföngum) sáu eftirfarandi faggreinakennarar um: Bryndís Guðjónsdóttir íslenska, Eyvindur Bjarnason, Kristjana Sigríður Skúladóttir og Ólafur Bjarnason stærðfræði og Kristjana Hrund Bárðardóttir enska.

Nokkur breyting varð á stuðningsfulltrúum. Ragnheiður Eva Gísladóttir og Jónína Eirný Sigurðardóttir komu inn nýjar til starfa að hausti, báðar í 84% starfshlutfalli. Alma

Sigurjónsdóttir hélt áfram í 84% stöðuhlutfalli. Brynhildur Geirsdóttir var í 49% hlutfall og Ingveldur Jónsdóttir í 20%.

Nýjungar í kennslu

Á haustönninni voru þrjár nýjar námsgreinar teknar upp; þýska, spil og þrautir og skyndihjálp. Á vorönn litu einnig þrjár nýjar námsgreinar dagsins ljós; kvikmyndagerð með snjallsímum, landafræðival með áherslu á heimsálfurnar og kvikmyndaáhorf. Almenn ánægja var meðal kennara og nemenda með þessar nýjungar.

Námsmat

Námsmat á starfsbraut var með hefðbundnum hætti. Fjölbreytt símat er algengasta námsmatsaðferðin en lokapróf var í íslensku á báðum öðrum.

Námskeið og ráðstefnur

Sérkennarar fjölmenntu á námskeiðið *Kvíði ungmenna* á vegum EHÍ. Þá fór einn sérkennari á Erasmus+ námskeið í Rúmeníu, Portúgal og á Spáni. Námskeiðið á Spáni bar titilinn *Coaching in Educational Contexts to reduce early school leaving*. Allir sérkennarar fóru í skólaheimsókn til Spánar í lok starfsársins.

Ráðstefnur sem sérkennarar, einn eða fleiri, sóttu á skólaárinu voru *Frá hömlun til hæfni* á vegum norrænu sérkennarasamtakanna NFSP, *Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) – leið til sjálfstæðs lífs* á vegum velferðarráðuneytisins og verkefnisstjórnar um NPA, *Hinn gullni meðalvegur – börn, unglingar og samfélagsmiðlar* á vegum Barna- og unglingageðdeildar LSH, *Bett tölvu- og hugbúnaðarsýning* haldin í London, *Skóli fyrir alla – Hindranir eða tækifæri* á vegum ÖBÍ og *Fötluð börn og ungmenni – Heildræn þjónusta: árangur og áskoranir* á vegnum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þá átti starfsbraut líka fulltrúa á *Fræðsludegi fyrir áhugafólk um skólamál* á vegum Félags íslenskra sérkennara í nóvember og sérkennarar og stuðningsfulltrúar fjölmenntu á *Fræðsludag starfsfólks starfsbrauta* á vegum Félags kennara á starfsbrautum í maí.

Kennslubækur og kennslugögn

Íslenskukennarar héldu áfram að útbúa námsefni út frá unglingabókmenntum en þeir útbúa

allt kennsluefni frá grunni. Á þessu skólaári unnu þeir t.d. út frá skáldsögunum Sjóræninginn, Vetrarhörkur, Grillaðir bananar, Amma Glæpon og Ballið á Bessastöðum.

Stærðfræði- og enskukennarar nýta helst bækur grunnskólans í sinni kennslu eða efni fyrir upprifjunaráfanga framhaldsskólans. Þeir eru líka í þeirri stöðu að útbúa sjálfir sérsniðið efni frá grunni. Að auki sækja kennarar fjölbreytt námsefni á internetið. Þeir nota t.d. vefina mms.is og Skólavefurinn.is sem eru gagnabankar sem nýtast vel til sérkennslu.

Í þýskukennslu á starfsbraut var notað útgefið byrjendaefni í þýsku sem var aðlagð að þörfum nemenda. Í skyndihjálpi var kennsluefni frá Rauða krossinum aðlagð og kennari valdi út grunnatriði til kennslu. Kennarar annarra nýrra námsgreina voru í þeirri stöðu að útbúa allt kennsluefnið frá grunni þar sem engar kennslubækur eru gefnar út fyrir starfsbrautir. Frumvinna kennsluefnis er afar tímafrek og því ljóst að kennararnir hafa unnið ómetanlegt þrekvirki.

Annað

Mjög ánægjulegt er að segja frá því að tveggja og þriggja eininga áfangar á starfsbraut hafa fengið nýtt vinnumat þannig að ekki þarf að fella niður kennslustundir eftir miðannarmat.

Óvenju mörg eineltismál komu upp á starfsbraut á skólaárinu. Í flestum tilfellum voru gerendur skráðir á almennar brautir skólans. Sérkennarar á starfsbraut sáu tilefni til að gera athugasemdir við vinnuferil eineltismála innan skólans sem fór fyrir eineltisteymi F.Su.

Í síðasta kjarasamningi framhaldsskólakennara var vinnuálag á sérkennara aukið; þeir þurfa að kenna fleiri kennslustundir til að ná fullu starfi auk þess sem nemendahópar hafa stækkað. Í vetur fengu almennir framhaldsskólakennarar nokkra leiðréttingu á vinnumatinu en bagalegt er að úrbætur á vinnumati sérkennara er ennþá í vinnslu innan Kennarasambands Íslands.

Starfsbrautin átti gott samstarf við bæði Katrínu Sigursteinsdóttur hjá Vinnumálstofnun og Sigrúnu Jenseyju Sigurðardóttur réttargæslumann fatlaðs fólks á Suðurlandi vegna útskriftarnemenda. Brottfarendur heimsóttu Katrínu einstaklingslega en Sigrún Jensey kom í heimsókn og kynnti starf sitt fyrir nemendum við góðar undirtektir.

Úrbætur í þágu starfsbrautar sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nauðsynlegt er að endurnýja tölvukost starfsbrautar frá 2011. Vegna stækkunar hópa verður deildin að hafa aðgang að sjö velvirkum fartölvum. Þá myndi það gagnast deildinni mjög vel í

bæði tungumála- og almennum áföngum (lífsleikni, félagsfræði, náttúrufræði o.fl.) að hafa einnig 7 spjaldtölvur til afnota.

Faggreinakennarar sáu áfram um sérkennslu í íslensku og stærðfræði á skólaárinu sem er afar gagnrýnisvert miðað við þær menntunarkröfur sem gerðar eru til sérkennara innan framhaldsskólans.

Skólastjórnendur þurfa að brýna fyrir kennurum sem annast Flóafár að lesa fyrirbyggjandi skýrslur um nauðsynlegt ut anumhald og upplýsingastreymi til að auðvelda nemendum að taka virkan þátt í þessu skemmtilega uppbroti á skólstarfinu.

Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár

Starfsáætlun starfsbrautar er í vinnslu þegar þetta er skrifað. 17 nýnemar hafa verið innritaðir á starfsbraut fyrir komandi haustönn. 30 nemendur munu halda áfram námi. Nemendafjöldi á starfsbraut á komandi hausti stefnir því í tæplega 50 nemendur, sem er þó nokkur fækkun frá fyrra ári. Miklar líkur eru til þess að ein 84% staða stuðningsfulltrúa verði lögð niður vegna fækkunar nemenda. Þá fækkar stöðugildum sérkennara þar sem Hulda Finnlaugsdóttir hætti störfum í lok skólaársins og Jóna Ingvarsdóttir fer úr 100% starfi í 49,5% starf í upphafi næsta skólaárs.

Kennslufyrirkomulag næsta skólaárs verður með svipuðu sniði og verið hefur. Þó er ljóst að tveir litlir hópar verða til utan um viðkvæmustu nemendurna en á skólaárinu sem er að líða undir lok var einn slíkur hópur.

Selfossi 24. maí 2017
Jóhanna Guðjónsdóttir,
sviðsstjóri sérkennslu

3 Aðrar skýrslur

3.1 Bókasafn

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi starfsskýrsla skólaárið 2016-2017

Starfsfólk:

Ingveldur Jónsdóttir var ráðin í 80% stöðu bókavarðar í byrjun skólaárs. Að auki gegnir hún 20% stöðu stuðningsfulltrúa á starfsbraut. Forstöðumaður bókasafnsins er Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir og var hún í 100% stöðu fram til 1. febrúar og eftir það tímabundið í 80% stöðu.

Opnunartími:

Bókasafnið er opið mánudaga 8:00-16:00, þriðjudaga 8:00-16:30, miðvikudaga og fimmtudaga 8:00-16:00 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Opnunartími er 39 ½ klst. á viku. Kennsla hefst á morgnana kl. 8:15 og lýkur kl. 15:45 mánudaga til fimmtudaga, á föstudögum lýkur kennslu kl. 14:45.

Útlán:

Útlán eru færð á fjóra vegu: í fyrsta lagi í útlánapátt Gegnis, í öðru lagi eru skammtímalán innan skólans handskráð og talin eftir hvern dag, í þriðja lagi eru fartölvuútlán skráð á sérstakt blað sem nemendur undirrita og samþykkja að þeir beri persónulega ábyrgð á að skila fartölvu á tilskildum tíma og í sama ástandi og þeir tóku við henni og í fjórða lagi eru tvær bækur í afgreiðslu sem útlán eru handfærð í. Önnur bókin er á afgreiðsluborði og þar skrá notendur safnsins útlán sín þegar starfsmenn eru fjarri og í hina bókina eru skráð útlán á safnefni sem ennþá er í hliðargrunni Gegnis og er þar af leiðandi ekki hægt að lána í gegnum útlánapátt Gegnis. Tímarit eru alla jafna ekki lánuð út nema til kennara eða í tengslum við verkefnavinnu nemenda.

Orðabækur og kennslubækur eru almennt lánaðar í eina kennslustund, nemendur eru yfirleitt mjög skilvísir og virða vel þennan útlánstíma.

<u>ÚTLÁN:</u>	HAUST 2016	VOR 2017	SAMTALS:
Í GEGNI	864	1236	2100
Í BÓK	79	154	233
INNAN SKÓLANS	2743	1426	4169
FARTÖLVUÚTLÁN	271	222	493

<u>SAMTALS:</u>	3957	3038	6995
------------------------	------	------	------

Millisafnalán:

Samtals voru millisafnalán 109 á skólaárinu, þar af 66 safngögn fengin að láni frá Bókasafni Árborgar. Einnig var leitað til annarra íslenskra safna, bæði almenningubókasafna og bókasafna framhaldsskólanna. Til gamans má einnig geta þess að 19 safngögn sem lánuð voru í millisafnaláni komu úr einkaeigu starfsmanna bókasafnsins.

<u>Millisafnalán frá:</u>	Hautönn 2016	Vorönn 2017	SAMTALS:
Bækur frá söfnum	36	34	70
Mynddiskar frá söfnum	12	19	31
Hljóðbækur frá söfnum	1		1
Tímarit frá söfnum	2		2
<u>SAMTALS:</u>	<u>51</u>	<u>53</u>	<u>104</u>

<u>Millisafnalán til:</u>	Hautönn 2016	Vorönn 2017	SAMTALS:
Bækur til safna	3	1	4
Mynddiskar til safna		1	1
<u>SAMTALS:</u>	<u>3</u>	<u>2</u>	<u>5</u>

Gegnir:

Bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurlands er aðildarsafn að Gegni, samskrá íslenskra bókasafna. Vorið 2006 voru bókfræðifærslur úr Metrabók, gamla bókasafnskerfinu færðar yfir í Gegni. Alls voru 14.411 skráningarfærslur í Metrabók og tókst að færa yfir 6.467 skráningarfærslur og 7.944 skráningarfærslur höfðu í svonefndum hliðargrunni sem er lokaður öllum nema starfsfólki aðildarsafnanna. Nú eru 428 færslur frá bókasafni FSu eftir í hliðargrunninum.

Nánast allt efni sem berst á safnið er nú skráð og tengt í Gegni. Einstaka tímarit og fréttabréf sem berast stopult eru skráð í „skýið“ í excel-skjal inn á OneDrive í Office 365.

Kostnaður við þátttöku í Gegni var kr. 432.493 á árinu 2016 eða kr. 36.041 á mánuði. Skólinn greiðir fyrir alla mánuði ársins.

Gagnasöfn:

Landsaðgangur að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum á vefnum hvar.is veitir öllum sem tengjast netinu um íslenskar netveitur aðgang að heildartexta tímaritsgreina úr um 20 þúsund tímaritum og þar af tæplega 4.900 tímaritum beint frá útgefendum. Ríflega 200 aðilar greiða fyrir aðganginn.

Framhaldsskólarnir hafa frá upphafi tekið þátt í kostnaði við landsaðganginn og er greiðsluupphæð miðuð við nemendaígildi hvers skóla. Á árinu 2016 greiddi FSu kr. 99.729. Auk almenningsbókasafna, háskólabókasafna, stjórnsýslusafna, fyrirtækja og samtaka greiða framhaldsskólarnir hluta aðgangs að EBSCOhost Premier og ProQuest Central og aðgang að gagnasöfnum Encyclopedia Britannica og Greinasafni Morgunblaðsins (að undanskildum síðustu þremur árum).

Á skólanetinu er opinn aðgangur að veforðabókum Snöru og eru þær mikið notaðar, bæði af nemendum og kennurum.

Opinn aðgangur er að ordabok.is inn á skólaneti FSu. Þau nýmæli urðu sl. haust að nemendum undir tvítugu bauðst ókeypis heimaaðgangur að ordabok.is ef þeir myndu skrá sig fyrir miðjan september. Þetta var kynnt ítarlega á heimasíðu skólans og með tölvupóstum til kennara. Inn á ordabok.is eru eftirtaldar orðabækur í boði: Ens-íslensk og íslensk-ensk orðabók, Dönsk-íslensk og íslensk-dönsk orðabók og Íslensk stafsetningarorðabók.

Greinasafn Morgunblaðsins er opið á skólanetinu á starfstíma skólans en lokað er fyrir aðgang yfir sumarmánuðina. Í kaupbæti fær skólinn frítt pappírseintak af blaðinu.

Safnfræðsla:

Nýnemadagur var haldinn í upphafi haustannar 17. ágúst. Tekið var á móti átta hópum nýnema og fengu þeir stutta kynningu á þjónustu safnsins og hvað það hefur upp á að bjóða.

Safnkynning var haldin fyrir nemendur í ERGÓ á haustönn og var hún með svipuðu sniði og fyrri ár í lífsleikni. Safnkynningin tekur eina kennslustund (55 mín.) og er kynning á safninu, safnkosti og þjónustu sem í boði er. Mikilvægt er að kenna nemendum á Leitir.is og hvernig hægt er að leita eingöngu að safnefni í FSu. Einnig er nemendum kynnt heimasíða bókasafnsins og vefurinn timarit.is. Í lok tímans vinna nemendur tveir og tveir saman verkefni á bókasafni sem m.a. þjálfar þá í að finna heimildir á Leitum.is. Einnig eiga þau að finna út staðsetningu tiltekinna rita á safninu og afhenda þau starfsmönnum.

Nemendur í heimildaritun í íslensku, ÍSLE3HR05 fengu safnkynningu í upphafi hvorrar annar. Þessum kynningum er ætlað að fleyta nemendum af stað í heimildaleit, lögð er mikil áhersla á að þeir nýti sér leitir.is og séu sjálfbjarga með að finna efni þar. Einnig er vefurinn timarit.is kynntur fyrir þeim, Vísindavefurinn og Google Scholar. Fjallað er um upplýsingalæsi og mikilvægi þess að meðhöndla heimildir af virðingu og að tilvitnanir séu réttar. Í framhaldinu voru teknar saman í kassa ýmsar ólíkar tegundir heimilda; bækur, tímarit, greinasöfn, safnrit, mynddiskar o.fl. og fengu nemendur þjálfun í að skrá niður þessar heimildir. Kennarar fengu kassann í kennslustundir og sáu um þennan hluta.

Í byrjun febrúar voru sjúkraliðanemar heimsóttir og þeim kynntar helstu leiðir til upplýsingaleitar. Í kjölfarið unnu þau stóra heimildaritgerð og fluttu greinargerð með niðurstöðum á opinni kynningu í annarlok.

Gott samstarf hefur skapast með sögukennurum, í áfanganum SAGA2YA05. Unninn var listi yfir viðfangsefni sem auðvelt er að finna heimildir um á bókasafni FSu. Nemendur vinna saman í hóp við að bera saman heimildir um ýmis atriði, svo sem síldveiðar, Kalda stríðið, ungmennafélög og skila greinargerð þar um til kennara.

Samstarf við kennara varðandi verkefnavinnu á safninu er almennt mjög gott. Flestir láta vita með fyrirvara áður en þeir leggja inn verkefni fyrir nemendur. Ágætt er að fá smá tíma til undirbúnings áður en verkefni fara af stað, kanna hvaða heimildir eru til, í hvaða gagnasöfnum er best að leita, útbúa efnisorðalista sem auðveldar leit, kaupa efni ef með þarf og setja viðeigandi safnefni á bundið lán.

Skráning:

Skráning og skipulagning safnkosts er stór þáttur í daglegu starfi á bókasafninu. Nýtt safnefni er skráð eins fljótt og kostur er, eldra efni (t.d. bókaþjálfi) er skráð eftir því sem tími vinnst til.

Töluvert var geymsluskráð af eldra safnefni. Einnig var unnið markvisst að grisjun úrelts safnefnis sem ekki þjónar lengur tilgangi að geyma.

Gömul skjöl frá lðnskólanum á Selfossi voru afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga til varðveislu. Auk þess þáði Héraðsskjalasafnið að gjöf gamla árganga af Stjórnartíðindum frá 1874-1990.

Tímarit:

Bókasafnið er áskrifandi að um 40 tímaritum, þ.m.t. fréttabréfum. Eldri tímarit eru geymd í geymslu í kjallara en þau nýrri í gryfju bókasafnsins. Á heimasíðu bókasafnsins er að finna lista yfir tímaritaeign safnsins. Þessi listi var yfirfarinn á skólaárinu og vefslóðir settar við þau tímarit sem aðgengileg eru á rafrænu formi.

Gjafir:

Bókasafninu bárust margar góðar gjafir á skólaárinu, að þessu sinni aðallega frá núverandi og fyrrverandi kennurum og starfsmönnum. Gamlir nemendur eru einnig ræktarsamir og færa safninu gjarnan bókagjafir. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir hlýhug í garð bókasafnsins.

Alls voru skráðar 55 bækur og tveir mynddiskar. Safnið áskilur sér rétt til að taka við gjöfum án kvaða og ráðstafa þeim eins og hentar best notendum og starfsemi.

Skráður safnkostur bókasafns FSu:

Bækur og nýsigögn (eintakafjöldi)	Maí 2016	Afskrifað 2016-2017	Aðföng 2016-2017	Maí 2017
<u>BÆKUR</u>	17.232	465	336	17.103
<u>MYNDBÖND</u>	369	29		340
<u>DVD</u>	475		9	484
<u>HLJÓMPLÖTUR</u>	130			130
<u>GEISLADISKAR</u>	151			151

<u>HLJÓÐBÆKUR</u>	166		2	168
<u>SNÆLDUR</u>	83	9		74
<u>MARGM.DISKAR</u>	58	1		57
<u>SKYGGNUR</u>	11	10		1
<u>FORRIT</u>	6			6
<u>GLÆRUR</u>	20	1		19
<u>LEIKJAK. / SPIL</u>	70		8	78
<u>GAGNASETT</u>	3			3
<u>KORT</u>	12			12
SAMTALS	<u>18.786</u>	<u>515</u>	<u>355</u>	<u>18.626</u>

Aðföng og skráning 2016-2017:

Aðföng	Haustönn 2016	Vorönn 2017	Samtals
<u>Bækur</u>	201	135	336
<u>Mynddiskar (DVD)</u>	4	5	9
<u>Hljóðbækur</u>		2	2
<u>Spil</u>	8		8
SAMTALS	<u>213</u>	<u>142</u>	<u>355</u>

Rekstrarkostnaður 2016:

Bækur

876.848

Tímarit og blöð	170.947
Myndefni	22.558
Spil	9.290
Kostnaður vegna Gegnis, landskerfis bókasafna	432.493
Landsaðgangur að gagnasöfnum	99.729
Snara, veforðabækur	120.000
Ordabok.is, vefáskrift	26.923
Greinasafn Morgunblaðsins	57.469
Ráðstefnugjöld (landsfundur Upplýsingar)	25.000
Millisafnalán	4.500
Bókamiðaprentari & strikamerkjalesari (skanni)	141.526
Minnislyklar (2 stk.)	2.513
Kik-step trappa	13.500
Blek í litaprentara	73.905
Ritföng, bréfabindi, umbúðir um safnefni	19.091
Bókaplast	32.390
Leturborðar fyrir merkivél	33.887
Bókastoðir	14.400
Viðhaldsvörur	37.101
Tollar og aðflutningsgjöld	<u>9.700</u>
	2.223.770

Tæki og búnaður:

Á bókasafninu eru 12 borðtölvur, fjórar fartölvur, tveir skannar, skrifari, einn litaprentari (í afgreiðslu), einn laserprentari (nemendaprentari), tvöfalt segulbandstæki til afritunar, lítið stafrænt upptökutæki, sjónvarp, myndbandstæki, DVD-spilari, ritvél, leturvél og sími. Ljósritunarvél er á safninu og greiða nemendur 15 kr. fyrir hvert blað.

Forstöðumaður fékk nýja og öfluga fartölvu í byrjun október af gerðinni HP EliteBook. Nýr strikamerkjaskanni var keyptur frá Gagnalausnum í lok ársins. Einnig var keyptur bókamiðaprentari frá sama aðila sem prentar á örkotsstundu út kjalmiða, strikamerki og miða með bókfræðiupplýsingum. Þetta er mikil tækninýjung ☺ en fram til þessa hefur hillustaðsetning verið vélrituð á kjalmiða.

Tvær fartölvur voru lánaðar út til nemenda í kennslustundir, alls 493 útlán.

Á bókasafninu eru hillur, lesbásar, skrifborð og afgreiðsluborð sem voru sérsmíðuð á sínum tíma. Nýr sófi var keyptur í skólabyrjun og skapar hann notalegt andrúmsloft á safninu.

Vinnuaðstaða:

Vinnuaðstaða bókavarða samanstendur annars vegar af afgreiðslurými þar sem upplýsingaþjónusta og afgreiðsla fer fram og hins vegar af vinnurými inn af afgreiðslu. Í afgreiðslurýminu eru staðsettur litaprentari sem nemendur og starfsmenn hafa aðgang að. Aðalprentari nemenda, laserprentari af gerðinni HP LaserJet P3015 er staðsettur við hringstigann.

Vinnuaðstaða forstöðumanns er inn af afgreiðslu, þar er aðstaða til skráningar og annarrar undirbúningsvinnu. Þar er einnig úrklippusafn í skjalaskáp sem inniheldur aðallega bæklinga og ýmislegt fræðsluefni. Í þessu vinnurými eru einnig geymdar kvikmyndir safnsins og kennslubækur sem kenndar eru hverju sinni. Geisladiskar og hljóðbækur eru staðsettar í hillum við afgreiðslu.

Vinnuaðstaða til plöstunar og viðgerða á safnefni er í minni geymslunni í kjallaranum. Þar er einnig sjónvarp, myndbandstæki og DVD spilari sem nýtist m.a. við yfirfærslu myndefnis af myndböndum yfir á mynddiska. Í kjallaranum er auk þess stærri geymsla fyrir eldri tímarit og bækur.

Fundir, námskeið og ráðstefnur:

Elín forstöðumaður safnsins sótti kennarafundi á skólaárinu og fundi með stýrihópi um upplýsingatækni.

Elín og Ingveldur sóttu landsfund Upplýsingar sem haldinn var í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ dagana 29.-30. september. Ingveldur sat fundinn fyrri daginn og Elín þann síðari. Meðal fundarefna voru umhverfi bókasafna í breyttum heimi, læsi og lestrarvenjur og bókasöfn sem samfélagsmiðja.

Landskerfi bókasafna hélt námskeið á Hvolsvelli fyrir starfsfólk aðildarsafna Gegnis þann 11. nóvember og sótti Elín námskeiðið. Yfirskrift námskeiðsins var „Nýir tímar, breytt verklag“. Á námskeiðinu var lögð áhersla á breytingar á vef Landskerfis bókasafna en fyrr á árinu var opnaður nýr þjónustuvefur, landskerfi.is. Ennfremur var Gegnir.is lokað og samhliða voru gerðar umfangsmiklar breytingar á leitir.is. Safnkostur hvers safns er nú aðgengilegri með takmörkunum í leit. Inn á heimasíðu bókasafns FSu er nú hægt að leita eingöngu í safnkosti bókasafnsins og er það mikill kostur.

Fræðslufundur skrásetjara var haldinn 17. mars en því miður hafði Elín ekki tök á að sækja fundinn. Hægt er að hlýða á upptökur frá fundinum á vefnum.

Samstarfshópur bókasafnafræðinga í framhaldsskólum (SBF) fundar reglulega yfir vetrartímann. Fyrsti fundur vetrarins var í Menntaskólanum við Sund 10. október. Elín komst ekki á þann fund. Aðrir fundir voru í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ 15. desember, í Verzlunarskóla Íslands 28. febrúar, í Menntaskólanum í Hamrahlíð 2. maí og sótti Elín þá fundi. Vorferð hópsins var að þessu sinni farin í Mosfellsbæ þann 23. maí en Elín komst ekki í þá ferð.

Elín sótti notendaráðstefnu Aleflis 24. maí í Þjóðarbókhöllu en Alefli er notendafélag Gegnis. Þar var fjallað um val á nýju bókasafnskerfi og þá undirbúningsvinnu sem framundan er við val á því. Auk þess var áhugaverð kynning á Rafbókasafninu sem opnaði í lok janúar, rafbokasafn.is. Það er samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna og Borgarbókasafns og 1. júní sl. bættust við 13 ný almenningabókasöfn, þar á meðal Bókasafn Árborgar. Meginhluti efnisins er á ensku og í formi rafbóka, en hlutur hljóðbóka fer ört vaxandi. Vonir standa til að á þessu ári muni íslenskar raf- og hljóðbækur bætast í hópinn.

Selfossi 7. júní 2017

Elín Kristbjörg Guðbrandsdóttir,

forstöðumaður bókasafns Fjölbrautaskóla Suðurlands

3.2 Félagslífsfulltrúi

Áherslur skólaárið 2016 - 2017



Í stjórn nemendaráðs sátu:

Sigþór Jóhannsson, formaður

Sesselía Dan Róbertsdóttir, varaformaður

Kristinn Sölvi Sigurgeirsson (2016) og Sveinn Ægir Birgisson (2017), gjaldkeri

Aðrir í nemendaráði:

Kolbrún Olga Reynisdóttir, vefstjóri

Elísabet Davíðsdóttir, formaður skemmtinefndar

Hólmar Höskuldsson, formaður íþróttaráðs

Viktor Gísli Eyþórsson, formaður ritráðs

Katrín Stefánsdóttir, formaður leikráðs

Hilmar Úlfarsson, formaður tækniráðs

Þórunn Ösp Jónasdóttir, markaðsstjóri

Berglind Dan Róbertsdóttir, fulltrúi nýnema

Jakob Heimir Burgel, formaður málfundafélagsins

Viðburðir á vegum NFSu

Böll

Tvö böll voru haldin á haustönn. Nýnemaball og Flashback ball. Það hefur verið lögð vinna í það að framfylgja skólareglunni betur sem kveður á um að allir viðburðir á vegum FSu skuli vera áfengislausir. Nýnemaballið gekk mjög vel og það voru ekki margir ölvadir. Ballið var vel skipulagt hjá NFSu, og samkvæmt þeim sem voru í gæslu var þetta velheppnaðasta ballið í mörg ár.

Áfengismælirinn er ennþá í notkun, og hefur gert mikið gagn á böllum til að koma í veg fyrir ölvun. Reglurnar eru skýrar og einfalt að fylgja þeim. Ef nemendur fylgja ekki reglunum á skólaböllum er hringt í foreldra og viðkomandi er sóttur, ef nemandinn er undir 18 ára.

Flashback ballið gekk líka vel, en það var töluvert meiri ölvun og ekki jafn góð mæting eins og á nýnemaballinu. Spurning um að hafa ball ekki of nálægt námsmati í desember eða bara sleppa því.

Árshátíðin var haldin í Hvíta húsinu á vorönn. Því miður voru ekki nógu margir búnir að skrá sig í matinn sem þýddi að við þurftum að sleppa honum. Það voru ekki meira en 20-30 nemendur búnir að skrá sig í mat. Nemendur langaði frekar að borða heima með vinum sínum því þeim fannst maturinn

of dýr. Spurning um að sleppa mat á næstu ári. Hinsvegar væri hægt að auglýsa betur og koma með nýjar hugmyndir í sambandi við þetta. Ballið gekk samt mjög vel og allir voru ánægðir.

Gæsla. Nemendafélagið fær fulltrúa frá Björgunarsveitinni til að koma og vera á böllum og er það afar jákvæð og nauðsynleg viðbót við aðra gæslu. Gæsla frá skemmtistaðnum hefur verið efld (fleiri í gæslu) og gæslumenn af báðum kynjum leita á nemendum þegar þeir mæta á svæðið. Ekki hefur gengið að manna foreldrarölt frá foreldraráði þetta skólaárið en vonandi verður breyting þar á næsta skólaár.

Við höfum á þessu skólaári verið mjög ánægð með þau sem voru í gæslu, og ætlum að halda áfram með þau sem voru í gæslu á næstu ári.

Lokaball var í fyrsta skipti haldin á Frón í staðin fyrir Hvíta Húsið á vorönn. Allt gekk mjög vel, en nýja stjórnin þarf að skipuleggja sig betur á næstu skólaári. Það er að segja svæðiskiptingu osfrv. á böllum. Nemendur voru ánægðir með það að prófa eitthvað annað en Hvíta Húsið, og það er spurning um að halda áfram með því að halda böllin á Frón.

Góðgerðardagar

Virkni í áheimum var mikil og alls söfnuðust um tvö hundruð þúsund til styrktar barnþorpi SOS sem FSu styrkir ár hvert. Þorpið er í Jos í Nígeríu og hugmyndin er að reyna að efla samstarf og gera „þorpið okkar“ sýnilegra nemendum skólans. Þetta gekk mjög vel og það var margar áskoranir, því miður voru margir að leggja undir en enginn borgaði það sem þeir skulduðu. Þess vegna þarf virkilega að skoða þetta betur, þannig að hægt sé að nálgast pening strax. Margir nemendur vildu ekki borga þó að þau væru búin að lofa því. Spurning um að nota annað kerfi en facebook.

Söngkeppnin

Söngkeppni FSu var til fyrirmyndar, allt gekk rosalega vel, og það var mjög mjög góð mæting. Salurinn var næstum því alveg fullur. Spurning um að reyna að gera þessi keppni aðeins ódýrari með því að standa sjálf fyrir uppistandi og kynningu á keppendum. En allt í allt var þetta frábær keppni sem NFSu getur verið mjög stolt af.

Leikrit

Leikráð setti ekki upp sýningu þetta skólaárið. Þar komu nokkur atriði til en aðalmálið var mikill kostnaður vegna söngkeppninnar.

Gettu Betur

Gettu Betur gekk mjög vel, og í fyrsta skipti í 5 ár tók FSu þátt í sjónvarpskeppninni. Það var mjög góður stuðningur og mæting á alla viðburði tengda Gettu Betur í FSu.

MORFÍS

MORFÍS var ásamt Gettu Betur mjög vel skipulagt. Því miður þurfti FSu að vinna Verzló í fyrstu umferð til að komast áfram. Þetta var mjög jafnt sem enginn reiknaði með, en Verzló vann, en alls ekki með

mörg stig. Verzló endaði síðan í úrslitum í þessari keppni. Það er bara um að halda áfram og höldum við skipulagið jafn gott og gert var í fyrra, verður hægt að komast ennþá lengra í keppninni.

3.3 Forvarnafulltrúi

Þetta skólaárið gegndi ég starfi forvarnafulltrúa og það var ný áskorun að vera í því hlutverki og ekki vera með félagsmálin á hliðarlínunni, þurfti því að fóta mig svolítið upp á nýtt.

Áherslan þetta skólaárið hefur verið á tvo liði; október sem forvarnarmánuð og Regnbogadaga sem er forvarnavika að vori. Mikil vinna var lögð í undirbúning þessara tveggja viðburða sem fóru vel fram og voru fjölbreyttir.

OKTÓBER HELGAÐUR FORVÖRNUM. Það er að skapast hefð fyrir því að október sé tileinkaður forvörnum. Þá er markmiðið að brjóta upp hefðbundið skólastarf og bjóða nemendum og starfsfólki skólans upp á fræðslu af ýmsu tagi. Það kom skýrt fram hjá lögreglunni og í forvarnarhópi Árborgar að kannabis reykingar ungmenna hafa aukist gífurlega, ekki hvað síst á okkar svæði. Því var ákveðið að einblína á kannabis reykingar og afleiðingar þeirra, ásamt fleiru. Dagskrána má sjá hér að neðan.

SKOH hópurinn stóð að þessum viðburðum ásamt forvarnafulltrúa og er það vel. Vel gekk að fá fólk til að koma og halda erindi og var dagskráin skipulögð í góðum tíma þannig að dagskráin gekk vel og þátttaka var góð.

Október – forvarnir í FSu				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3 SOS barnaþorpin. Gynning á starfi SOS og á því þorpi sem FSu er að styrija.	4	5	6 Salurinn kl. 11:30 Guðrún Dóra Bjarnadóttir, geðlæknir, er með erindi um kannabisreykingar og afleiðingar þeirra.	7
10 Góðgerðarvika NFSu	11 Salurinn kl. 11:30 Ástráður. Forvarnarstarfi læknanema gagnvart kynsjúkdómum og ótimabærum þungunum.	12	13	14 Haustfri
17 Haustfri	18 Salurinn kl. 11:30 Náum áttum. Fjallað verður um rafrettur og munntöbök. Er þetta nýr lífsetill eða óvæginn markaðssetning? Bindissamtökin IOGT	19 Salurinn kl. 11:30 Hugrún. Forvarnarstarfi læknanema, sálfræðinema og hjúkrunarfræðinema. Aukin umræða um geðheilsu og helstu geðraskanir.	20	21
24 Salurinn kl. 11:30 Út með'a. Fulltrúar frá Rauda krossinum kynna verkefnið.	25	26	27	28

Gott er að hafa nemendafélagið með í ráðum við dagskrárgerð októbermánaðar.

Nauðsynlegt að heyra hvað nemendum finnst og leggja til málanna. Nemendafélagið hefur einnig auglýst dagskrá október mánaðar á Facebook síðu sinni og hefur það gefist vel.

REGNBOGADAGAR eru fimm skóladagar að vori þar sem skólastarf er brotið upp daglega með fræðslu, tónlist og fleira. Einnig höfum við hvatt nemendur og starfsfólk til að klæðast þeim lit sem tilheyrir hverjum degi, það skapar stemmingu og ýtir undir samheldni og jákvæðan skólaanda.

SKOH hópurinn hefur staðið að skipulagi þessara daga og nemendafélagið hefur tekið þátt í hugmyndavinnu og það að auglýsa dagskrána. Fyrirlestrar og uppákomur hafa verið vel sótt, sérstaklega þegar farin var sú leið að viðburðir hefjist ætíð á sama tíma. Fulltrúi frá SKOH hefur minnt kennara á með því að senda tölvupósta daglega og standa upp í kaffitíma og minna á viðburði og liti í klæðaburði.

Regnbogadagar eru skemmtileg viðbót við forvarnarmánuðinn og gott er að hafa í huga að slá einnig á léttu strengi og það var svo sannarlega gert í ár með aukinni áherslu á tónlistaratriði. Gott að breyta til og eins og ætíð fögnum við fjölbreytileikanum.

Regnbogadagar 2017 - Fögnum fjölbreytileikanum

Miðvikudagur 29. mars	Fimmtudagur 30. mars	Föstudagur 31. mars		Mánudagur 3. apríl	Þriðjudagur 4. apríl
Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 11:30 Salurinn	H E L G A R F R Í	Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 11:30 Salurinn
Sema Erla Serdar (Umræða á samfélagsmálum)	Ferðamálaráðgjafi, Þórunn Kolbrún R. Gyfladóttir (Hversig er að vera ný ráðgjafi á alþingi?)	Ungir umhverfissinnar (Stutt kynning á starfsemi og markmiði hópsins) Karítas Harpa og Kolbrún Lilja (söngur)		Högn í Hjaltalin (Spil og spjall)	Zumba
KOSNINGAR HJÁ NFSU TIL FORMANNS, VARAFORMANNS OG RITARA.		KOSNINGAR HJÁ NFSU Í ÖNNUR EMBÆTTI.			<i>(Í dag er blár dagur því að það er dagur einhverfunnar í dag!)</i>
					Djónóeri Ástraðs mun sýna sínar bestu hlíðar í hádeginu.

2Við hvetjum alla kennara til að fara með hópana sína í salinn og hlusta á það sem þar fer fram.
Einnig hvetjum við kennara til að gefa nemendum leyfi til að fara í salinn ef hægt er að koma því við.

STUÐNINGUR VIÐ FORVARNARFULLTRÚA er tvímælalaust bæði SKOH hópur og forvarnarhópur Árborgar. Á báðum stöðum eru hugmyndir reifaðar, yfirsýn fengin og ekki hvað síst samskipti við þá sem koma að þessum málum ásamt forvarnarfulltrúa.

Undirrituð sat mánaðarlega fundi með forvarnarhóp Árborgar, en í honum eiga sæti fulltrúar lögreglu, heilbrigðisstofnunnar, félagsþjónustunnar, íþrótt- og tómstundaráðs o.fl. Sjálfsagt er að efla enn frekar samstarf við þessa aðila sveitarfélaga og ríkis og auka enn frekar árangursríkt samtal á milli stofnanna.

Samstarf við foreldraráð er gott, en það hefur verið lítið sýnilegt í vetur. Illa hefur gengið að fá foreldra til að mæta á foreldrarölt á skólaböll og almennt hefur foreldraráð verið lítið áberandi.

BALLMENNING: Hefur breyst mikið á síðustu tveimur árum frá því að skólinn einsetti sér að ganga ákveðið fram í allri umsýslu og utanumhaldi skólaballa með því að framfylgja betur skólareglunni sem kveður á um að allir viðburðir á vegum FSu skuli vera áfengislausir.

Ýmislegt hefur gengið á en nú hafa öldur lægt mikið. Aðsókn á böllin hefur minnkað en það var viðbúið. Huga þarf betur að gæslunni á böllunum, bæði hvað varðar aðkeypta gæslu og á vegum skólans. Þar skiptir máli að minna á hver stefna skólans er og fara vel yfir það hvernig gæslu skuli háttað. Ekki má gleyma að framhaldsskólar eru að fara eftir stefnu HEF með

misgóðum árangri þó, en stefnan er skýr og vinna við hana hefur orðið sýnilegri með árunum.

Skoða þarf vel hvort að skemmtistaðurinn Frón henti vel fyrir böll, þar var lokaballið haldið og fór vel fram þó nokkuð bæri á ölvun.

LOKAORÐ: Hlutverk forvarnarfulltrúa er spennandi starf. Þetta er hlutverk sem fer vítt og breytt því forvarnir felast í svo mörgum hlutum, ekki bara ballmenningu. Starf forvarnarfulltrúa snýst um það að sitja í SKOH hópi sem hefur með félagslíf nemenda og kennara að gera, starfsanda, fylgja stefnu Heilsueflandi framhaldsskóla, vinna með forvarnarhópi Árborgar, vera í samskiptum við forvarnarfulltrúa annarra framhaldsskóla og svo margt fleira.

Tvær ábendingar, annars vegar er gott að hafa í huga að það er fínt að setja vinnu í októbermánuð og Regnbogadaga en það er nauðsynlegt að horfa til fleiri atriða. Sumt var sett til hliðar því að þeir tímar sem forvarnarfulltrúi fær greitt fyrir fóru ansi margir í þetta tvennt með SKOH hópi. Hins vegar er nauðsynlegt að fara yfir aðgerðaráætlunina í sambandi við böllin. Rifja upp og koma með ábendingar um það sem betur má fara. Einnig þarf að skoða gæslumálin betur og það hugarfar sem þarf að viðhafa í gæslunni.

Forvarnarstarf í FSu er í góðum höndum hjá kennurum, starfsfólki og nemendum skólans. Í daglegu starfi og amstri gleymum við oft að við erum að vinna að forvörnum í flestu því sem við gerum því forvarnir felast í svo mörgum hlutum; góðgerðarvika, kátir dagar, flóafár, morfís, gettu betur, boxið og svo mætti áfram telja eru brot af þeim upphákomum sem við vinnum að með nemendum og byggjast á forvörnum meðal annars. Höldum því góða starfi áfram.

Gleymum því ekki að nemendur, kennarar og starfsfólk FSu er frábært fólk sem sýnir hvað í því býr þegar á reynir.

Selfossi, 23. maí 2017

Fögnum fjölbreytileikanum,

Guðbjörg Grímsdóttir

Forvarnarfulltrúi

Flóafár 2017

Inngangur

Flóafár átti að vera haldið föstudaginn 24. febrúar í kjölfar 2ja Kátra daga, en var frestað á síðustu stundu til mánudags 27. febrúar vegna slæmrar veðurspár. Í Flóafársnefnd voru kennararnir:

- Ronald Björn Guðnason
- Kristjana Hrund Bárðardóttir
- Ragnheiður Eiríksdóttir.

Nemendur íþróttaráðs í nefnd voru:

- Hólmar Höskuldsson
- Írena Björk Gestsdóttir
- Guðjón Baldur Ómarsson
- Birta Rós Hlíðdal
- Ríkharð Atli Oddsson.

Liðin voru 5 talsins:

- **Circus** (liðsstjórar Dröfn Sveinsdóttir, Guðbjörg Ósk Gunnarsdóttir og Lára Björk Gunnlaugsdóttir)
- **Beta House** (liðsstjóri Haraldur Gíslason, Gunnlaugur Friðberg Margrétarson, Hilmar Úlfarsson og Þormar Elvarsson)
- **Indjánar** (liðsstjórar Arna Dögg Sturludóttir og Sesselja Dan Róbertsdóttir)
- **Sailors** (liðsstjórar Þórunn Ösp Jónasdóttir, Guðlaug Hildur Sigurgeirsdóttir, Drífa Björt Ólafsdóttir, Elísabet Davíðsdóttir, Bergdís Bergsdóttir og Gabríel Werner Guðmundsson)
- **Landsliðið** (liðsstjórar Guðmundur Sveinsson, Adam Örn Sveinbjörnsson og Guðlaug Hildur Sigurgeirsdóttir).

Við litum á nemendur undirstrikuðu nafna sem tengiliði, en þó var það ekki alltaf ströng regla þar sem samskipti voru oftast í hóp eða maður greip stundum þann sem næstur var.

Nefndin klæddist sem lögreglur að þessu sinni.

Verkefnið gengur út á að kennarar í þörum leggja þrautir fyrir nemendur sem keppa um að leysa þrautirnar bæði hratt og vel. Fyrir það fá liðin stig og það lið sem fær flest stigin vinnur og hlýtur leirbikar. Aukalega eru veittar viðurkenningar fyrir búninga, heróp, borðlagningu,

svæði, skemmtiatriði, auk þess sem bestu búningar kennara að mati nemenda (tískulögga) hljóta viðurkenningu.

Kostir Flóafárs sem verkefni:

Verkefnið er heildstætt, raunverulegt, þematengt þar sem nemendur bera ábyrgð á öllu undirbúningsstarfi, setja sig í spor ýmissa sérfræðinga, hafa samband við marga aðila úti í bæ til að leita styrkja/þjónustu, samvinna innan liðs, hugsa hlutina fram í tímann, gera verkáætlun og fylgja henni eftir, gera fjárhagsáætlun og fylgja henni vonandi eftir annars reka þau sig á. Verkefnið er skapandi og krefst hugvitsemi. Verkefnið krefst skipulags á mannafla, tíma, svæðum, fjármunum, æfingum (verkfræði). Verkefnið krefst þrautseigju og dugnaðar. Verkefnið krefst samskiptahæfni, að nemendur geti leyst ágreining og tekist á innbyrðis og milli liða um hvað er „sanngjarnt“. Verkefnið reynir á samþættingu og líkist í mörgu fremur raunverulegum verkefnum sem nemendur gætu þurft að glíma við fremur en afmörkuð „þekkingarinntök“ einstakra námsgreina. Kannski er þetta verkefni það sem kemst næst því að innihalda alla grunnþættina í skólastarfinu þ.e. sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði, sjálfbærni og læsi.

Framkvæmd á Flóafársdag 2017:

- Flóafár var á mánudegi sem var óvenjulegt en tókst mjög vel til þó að stemningin hafi að einhverju leyti verið dempuð vegna þessa. Flóafári hafði verið frestað frá föstudeginum áður vegna veðurs.
- Öll svæðin á fyrstu hæð, sem var gott.
- Í hverju liði voru tveir eða fleiri liðstjórar sem dreifðu ábyrgðinni sín á milli.
- Liðin voru látin koma eitt og eitt í einu niður stiga og inn í sal. Það kom vel út og myndaði stemmningu. Íþróttaráð sá um að kalla liðin niður.
- Íþróttaráð sá um að láta liðin fara með herópin sín og ræsa þau af stað í þrautina.
- Í stigagjöf voru veitt stig, en ekki tekin af refsistig. Þó var ein undantekning, refsistig fyrir að leysa ekki þraut voru 10 stig, svo það borgaði sig ekki að sleppa þraut.
- Viðurkenningarskjöl voru veitt fyrir kennara og þau lið sem hlutu sérverðlaun.
- Íþróttaráð var með hljóðnema og stjórnaði öllu uppi á sviði sem gekk vel.
- Guðbjörg Helga og Ægir Sig. sáu um stigagjöf. Þau gættu þess vel að íþróttaráð gæti ekki séð stigagjöf á tölvuskjá svo ekkert myndi fréttast til vina og vandamanna.

- Vel gekk að ná stigmiðum úr stofum, en þar sem Hamar og Lóa voru með, þá var stundum fyrirferðarmikið að sækja þá.
- Þegar fánaberi kom í mark setti hann fánann í stand og þar með var liðið formlega komið í mark.
- Skemmtiatriði voru sýnd eftir að öll lið voru komin í mark.
- Kústar, moppur og ruslaílát voru aðgengileg fyrir liðin til að þrifa eftir sig.
- Myndataka af liðum var færð inn í hús og fór fram áður en keppnin hófst. Ekki tókst liðunum að senda myndina á þar til gerða fésbókarsíðu tímanlega en tókst eftir ítrekun. Ágústa dæmdi bestu myndina.
- Íþróttaráð pantaði pítsur fyrir vinningsliðið, reyndar gleymdist það í fyrstu, þannig að vinningsliðið þurfti að bíða eftir þeim í rúman hálf tíma eftir sigurinn.
- Indjánar hlutu viðurkenningu fyrir bestu búninga og fyrir borðlagningu. Besta skemmtiatriðið var frá Landsliðinu en það lið vann einnig keppnina. Circus hlaut viðurkenningu fyrir besta svæðið en fyrir besta herópið og fyrir frumlegustu liðsmyndina fengu Sailors viðurkenningu.
- Verðlaun fyrir bestu kennarabúninga unnu Helga Dögg Sigurðardóttir og Inga Magnúsdóttir, annað árið í röð.
- Mismunandi aðilar ákváðu hverjir fengu sérverðlaun. Helga Dögg og Inga, starfsmenn á skrifstofu, sáu um að velja bestu búninga. Olga og Tóti völdu besta skemmtiatriðið, kennarar í Flóafársnefnd völdu besta herópið, íþróttaráð valdi besta svæðið og Sigursveinn og Hörður völdu bestu borðlagninguna þar sem þemað var Ísland. Ágústa valdi frumlegustu hópmyndina sem liðin skiluðu inn á Facebook síðu. Niðurstöður settar í lokað umslag og svo í sérstakt ílát uppi á sviði. Það var leyndarmál hver valdi hvað. Þetta var spennandi og skemmtilegt og kom í veg fyrir að hægt væri að saka Flóafársnefnd og íþróttaráð um samantekin ráð.
- Kennarar sem höfðu fengið öll lið í þraut skiluðu þrautamiðum til stigaverða.
- Námsráðgjafar voru saman með þraut og framvegis er gott að svo sé. Þá getur einn þeirra stokkið til ef á þarf að halda t.d. ef nemandi líður illa þennan dag.
- Samskipti fóru fram á Facebook. Það er frábær miðill og öll skilaboð fljót að komast til skila.

- Flóafársdagurinn byrjaði með því að nemendur mættu til umsjónarkennara til að láta merkja við sig. Eftir það söfnuðust liðin saman og tóku hópmyndina.

Atriði til að hafa í huga næst:

- Passa að liðin (allir) viti hverjir eru í Flóafársnefnd.
- Minna stigaverði á að hafa sýningu á lokatölum undirbúna.
- Flóafársnefnd þarf að stýra íþróttaráði betur um þeirra hlutverk og virkja það betur.
- Hugsa vel hvernig skráningu og söfnun á lista verður háttað næst.
- Ekki gafst vel að hafa fagkennara í þraut sem tengdist þeirra kennslusviði. Gott er að leyfa kennurum að láta ímyndunaraflið njóta sín á öðrum sviðum.
- Tengt síðasta punkti: kennarar sem kenna í lðu voru settir í lðu sem þótti ekki skemmtilegt. Þó svo að hugmyndin um að nota allar þrjár byggingar sé ágæt, þá var fjörinu þar með dreift og sumir kennarar urðu utan við það sem var að gerast. Það er heppilegra að hafa allar þrautir í Odda ef nokkur kostur er á því.

Eftirfarandi atriði komu frá kennslustjóra starfsbrautar og sem þarf að hafa í huga á næsta ári:

- Liðsstjórar sendu tvær glærur til að kynna liðið sitt. Þær voru prentaðar út og hengdar upp frammi á göngum. Það gafst vel og ætti endilega að endurtaka að ári og hér eftir. Linda sá um að kynna Flóafárið og liðin fyrir nemendum starfsbrautar, það þarf að hafa það til eftirbreytni áfram að það sé kennari, starfsmaður sem þau þekkja og tengjast. Hér gafst vel að hafa glærur frá liðunum sem settar voru saman í eina glærुकynningu (úr skýrslu forvarnarfulltrúa). Nú er Linda ekki í Flóafársnefndinni, en það er nauðsynlegt að liðsstjórar haldi áfram að útbúa glærur af liðinu sínu bæði til að hengja upp frammi sem auglýsingu og sem sent er tímanlega til starfsbrautarkennara til kynningar á Flóafárinu.
- Í ár voru liðsstjórafundir og bragatímar á sama tíma sem olli fjarvistum nemenda. Í fyrra var það fyrirkomulag að hafa örstuttan bragatíma og fund allra liðsstjóra á sama tíma strax eftir bragatímann - það reyndist vel og því óskum við eftir að fyrirkomulagið sé viðhaft.

- Það gleymdist að merkja stofur fyrir liðsstjórafundi og láta hanga á nokkrum stöðum staðsetningu allra funda.
- Í morgun, 23.2, kom fyrst fram að nemendur þurfa að fá skráningu hjá Braga-tilsjónar-kennurum á morgun. Þessi tilkynning hefði þurft að koma fram fyrr.
- Almennt teljum við að það sé ekki bara okkar nemendur sem hafi þurft skýrari upplýsingar um það sem við kemur Flóafári.

Kátir dagar 2017

Samantekt

Kátir dagar 2017 gengu vel að mörgu leyti.

Það var almenn ánægja með það sem var á dagskránni; fyrirlestra, námskeið og utanumhald. Jákvætt hvað margt var um að vera í húsinu og margir nemendur á svæðinu, sérstaklega á miðvikudeginum. Athygli vakti hvað fimmtudagurinn var öflugur og mikið í boði þann dag.

Lokahnykkurinn var í lðu á fimmtudeginum klukkan 11:30 og eftir það tók Flóafársundirbúningur við. Ákveðið var að hafa ekki pylsur í boði í hádeginu en í staðinn að leggja meira í morgunverðinn. Sniðugt væri að fá einhvern utanaðkomandi til að selja mat í hádeginu á fimmtudeginum t.d. Hamborgarabúlluna, Joe and the Juice eða aðra.

Nemendur nálguðust vegabréf til Guðbjargar og Tómasar í miðrýminu klukkan 10:30 á miðvikudeginum. Gekk það vel og væri sniðugt að gera það aftur þannig. Vegabréf voru notuð til að merkja mætingar og það gekk afar vel. Nemendur tóku þetta alvarlega og skiluðu vegabréfinu inn á skrifstofu eða til Guðbjargar og Tómasar á fimmtudeginum.

Flest á dagskránni gekk vel og var mikil ánægja með þetta allt saman. Nokkrir hlutir klikkuðu en aðrir atburðir á dagskránni gripu þá boltann. Mikil ánægja var með þá fyrirlestra og viðburði sem kennarar innanhúss héldu og höfðu nemendur á orði að þeim fyndist það mjög gaman að hitta kennara sína í öðru samhengi en venjulegri kennslustund.

Þó verður að benda á að það vantaði sárlega einn stóran fyrirlestur á Káta daga, salurinn var afar lítið notaður sem er óvenjulegt. Kátir dagar snúast um að brjóta upp dagskrána sem er nauðsynlegt og hollt fyrir alla, bæði kennara, starfsfólk og nemendur. Einnig snúast þeir um

fræðslu af ýmsu tagi og jákvætt var að kennarar sýndu í auknum mæli á sér aðra hlið og því var vel tekið. Þannig er gott að blanda saman mannauði hér innanhús og fá fyrirlesara annars staðar frá og vera með stóran fyrirlestur sem höfðar til nemenda hverju sinni.

Það sem tókst afar vel:

Dagskrá var að mestu leyti góð.

Fimmtudagurinn var með öfluga dagskrá.

Mjög gott að dagskrá var tilbúin viku fyrir.

Morgunmaturinn var vel skipulagður og það var nóg fyrir alla.

Fyrirlestrar kennara gengu vel og voru vinsælir.

Flott að hengja upp skráningarmiða fyrir framan skrifstofu. Það var góð auglýsing að hafa KD miða og upplýsingar þar.

Ánægja með Írisi og nemendur hennar í sjúkraliðanum að mæla blóðþrýsting.

Endilega koma því á framfæri að hlutverk mötuneytis breytist þessa daga. Þar sem verið er að selja pizzu, þá þarf afar lítinn mat í mötuneyti. Spurning um að nýta starfskraftinn í eitthvað annað.

Það sem þarf að huga að:

Gera meira kósý í maraþon-stofunum (nem. geta komið með eitthvað sjálfir). Það voru settir sófar núna og það kom vel út.

Muna að vera í góðu sambandi við starfsmenn mötuneytis og lðu.

Tæknimaður þarf að vera fastur frammi.

Einhver með míkrófón þarf einnig að vera til staðar allan tímann.

Passa að hafa ekkert í gangi frammi (sem er með hávaða) þegar eitthvað er í gangi í salnum.

Passa að hafa stemningu í miðrými. Eins og t.d. með kollhnísakeppni og stoppdans.

Passa að hafa ekki helstu fyrirlestra á meðan það er eitthvað stórt að gerast í miðrýminu eins og Crossfit keppni.

Fyrir nemendur að muna:

Auglýsa viðburði með fyrirvara. Það skapar stemmingu.

Virkja nemendaráð í að aðstoða við morgunmat.

Skreyta með blöðrum eða einhverju álíka!!! Það skapar stemmingu.

Vera búinn að staðfesta komu fyrirlesara og annarra gesta.

Taka á móti „sínur“ gesti og fylgja honum til stofu. Sjá um að hann hafi það sem þarf og þakka honum fyrir í lokin.

Vera með gott upplýsingastreymi á Facebook.

Skipta með sér verkum; matarstjóri, íþróttastjóri, fjármálastjóri, dagskrárstjóri ...

Við dagskrárgerð þarf að muna eftir ÖLLUM HÓPUNUM HÉR Í FSU ... koma til móts við sem flesta í dagskránni.

Fyrir kennara að muna:

Hvetja kennara til að mæta á þær stöðvar sem þeir eru settir á. Ef þeir komast ekki, geta þeir skipt innbyrðis.

Gott var fyrir þá tvo kennara sem eru nemendum innan handar að skipta með sér verkum – annar kennarinn ber ábyrgð á matnum og þá um leið snúa þeir nemendur sér til hans sem sjá um matinn.

Hugleiða hvort að frekari skiptingar (samskipti og svoleiðis) væri heppilegt.

Reyna að koma í veg fyrir flakk nemenda. Ef fyrirlestur er byrjaður, þá er ekki við hæfi að yfirgefa svæðið.

Senda út lista með viðveru kennara með nokkurra daga fyrirvara. Kennarar geta skipt innbyrðis.

Hafa pósta skýra og góða sem sendir eru umsjónarkennurum.

Skrifa leiðbeiningar um það til hvers er ætlast af umsjónarkennurum og einnig þeim kennurum sem sjá um skráningar og fleira á Kátum dögum (skráningar og fleira).

Punktur frá sérdeild um káta daga:

Kátir dagar voru kynntir fyrir nýnemum en ekki er vitað til þess að það hafi verið kynnt fyrir öðrum nemendum skólans - þurfa kynningar ekki að ná til allra nemenda sem þátt eiga að taka?

Vantar upp á upplýsingar um hve marga viðburði nemendur þurfa að sækja.

Hvernig undirbúum við Káta daga?

Fáum hugmyndir frá nemendum í Bragatíma.

Semja texta og senda á Bragakennara. Þarf að gera þetta með fyrirvara þannig að gert sé ráð fyrir umræðu um Káta daga í Bragatímum.

Hvetja nemendur til að koma með alls konar hugmyndir, sama um hvað það snýst. Ekki vera feimin!

Vinna úr þeim hugmyndum sem koma frá nemendum.

Setja allar hugmyndir í excel.

Fara yfir allar hugmyndir og flokka þær.

Skipta með sér verkum og fara að hringja.

Þegar hringt vegna fyrirlestra eða námskeiða þarf að spyrja um:

Kostnað.

Lengd fyrirlesturs/námskeiðs.

Hvaða þarf að nota (tölva, ritföng ...).

Dagsetning og tími dags.

Skipta með sér verkum

Einn sem heldur utanum skráningu.

Einn sem heldur utanum kostnað (mikilvægt að fá að vita í upphafi skipulagningar hve há upphæð fæst frá skóla og nemendafélagi).

Setja skiladag á hugmyndir vegna dagskrár.

Auglýsa viðburði með fyrirvara. Jafnvel útskýra þá í Bragatíma eða á facebook!

Auglýsingastjóri!

Skráningar á fyrirlestra og viðburði með fyrirvara. Muna að auglýsa, t.d. á FB.

Skráningarmiðar voru hengdir upp á töflu fyrir framan skrifstofuna og það gekk vel.

Allir í KD nefnd verða að spyrja fjármálastjóra um leyfi

áður en þeir kaupa eitthvað!!!

Matur

Pantaðar voru pizzur frá Dominos (60 stk. ... 15 voru eftir – restin var notuð í morgunmatnum, sniðugt að gera það aftur næst).

Sneiðin seld á 150 krónur, heil pizza á 1200 krónur, þrjár sneiðar og gos á 500 krónur. Gos á 100 krónur.

MUNA AÐ PANTA MEÐ GÓÐUM FYRIRVARA OG KAUPA GOS.

Morgunmatur á fimmtudegi – frítt fyrir nemendur

Morgunmatur á fimmtudegi: Hann var flottur!

Gurrý steikti beikon og pulsar (mætti tala við hana fyrr)

Keypt var brauðmeti frá Guðna – hann gaf góðan afslátt ásamt því að gefa afganga.

Ostur, smjör, kókómjólk og jógúrt frá MS.

Ávaxtabakkar frá Ávaxtabílnum.

Passa frágang.

Fá hnífa frá mötuneyti F.Su.

Pantaður var einn kassi af smjöri (6 eftir), einn kassi af osti (4 pakkar eftir), 10 bakkar af melónujógúrti og 10 bakkar af karmellu- og hnetujógúrti (ath. varðandi hnetuofnæmi) (20 jógúrtdósir eftir), 13 kassar af kókómjólki (enginn afgangur).

Kátu daga nefndin ásamt stjórn NFSu báru matinn fram og gekk það vel. Þá getur kátudaganefnd einbeitt sér að því að starta deginum og taka á móti fyrirlesurum.

Það eru kennarar úr Hamri sem grilla fyrir framan lðu – á fimmtudeginum þegar lokahátíðin er í lðu. Frítt. 300 pylsur grillaðar.

VAR EKKI GERT 2017 – meira lagt í morgunmatinn.

Alltaf að gera ráð fyrir 300 manns þegar verið er að panta.

Árið 2015 tókst að fá 30% af öllu frá MS!

Þarf að biðja um að vörurnar séu sendar á Selfoss.

Skreytingar

Þarf að skreyta skólann daginn áður. – SETJA SKREYTINGARNEFND Í MÁLIÐ

Blöðrur – út um allt !!!

Manntafl (teipa á gólfið með svörtu teipi).

Karnival.

Merkja stofur daginn áður.

Prenta út merkingar fyrir fimmtudaginn.

Auglýsingar eiga að fara upp með fyrirvara – auglýsa viðburði vel. Hreinsa auglýsingatöflu frammi, þá verður sýnilegra það sem sett er upp á hana fyrir Káta daga.

Virkja alla betur – nemendaráð, íþróttaráð, skreytingarnefnd, gjaldkera, formann ...

Það sem þarf að muna fyrir næsta skipti:

Vera með plan B fyrir miðrými. Það var mjög leitt að fusball var ónýtt og þá vantaði allt fjörið í miðrými.

Hafa „kallara“ sem er með míkrafóninn og tilkynnir hvað er um að vera. Það hefur gríðarlega mikil áhrif á þátttöku nemenda í viðburðum.

Hugleiðingar

Á að taka Flóafár og Káta daga í sundur? Flytja Káta daga í apríl? Þá er meiri möguleiki á því að vera úti; kraftakeppni, hjólabrettabraut og fleira.

Morgunmaturinn var vel heppnaður. Halda sama skipulagi, sleppa pulsum í hádeginu og leggja meira í morgunmatinn.

Fjárframlag frá skóla og nemendaráði þarf að vera skýrt í upphafi skipulagningar.

Kátir dagar 2017 - DAGSKRÁ KÁTRA DAGA FEBRÚAR 2017

MIÐVIKUDAGURINN 22. FEBRÚAR 2017

Það sem merkt er með gulu fór úrskeiðis og varð því ekkert af þeim atriðum

MIÐVIKUDAGUR 10:25-15.00	Klukkan	Staður	ALLUR DAGURINN (frá 10.30)	Staður
Venjuleg rútína	08:15 - 10:10	FSu		209
Vegabréf eru í kassa í miðrými og á skrifstofu	Kl 10.30	..	Skam, maraþon	203
ATRIÐI	Kl 10.30		Lord of the rings maraþon	205
Konfektnámskeið	Kl 10.45	Eldhús	Bandý	lða
Manntafl hjá Lárusi	Kl 10.40	Miðrými	Texas Hold'em (1000 kr)	201
Skeggfræðsla/Gísli Skúla	Kl 11.00	207		
Vetrarleikar	Kl 11.00	Hestasvæðið		
			CARNIVAL	MIÐRÝMI
			Dons donuts	Miðrými
			Lukkuhjól	Miðrými
MATUR	Kl 12 - 13	Miðrými	Íssmökkun	Miðrými
Forritunarnámskeið	Kl 13.00	204	Seld pizza í hádeginu	Miðrými
Hengill	Kl 13.00	Miðrými	Muffins til sölu	Miðrými
Flóttamannaáfanginn með kynningu	Kl 13.00	206		
Fjármálalæsi	Kl 13.00	Salurinn		
Pulsukappát	Kl. 13.30	Miðrými		
Kynning á laganámi HÍ	Kl 13.00	202		
Konfektnámskeið	Kl. 13.00	Eldhús		
Ungir umhverfissinnar	Kl 13.00	210		
Singstar	Kl 14.00	208		

DAGSKRÁ KÁTRA DAGA FEBRÚAR 2017

FIMMTUDAGURINN 23. FEBRÚAR 2017

FIMMTUDAGUR 8.30-11.00	Klukkan	Staður	ALLUR DAGURINN	Staður
Morgunmatur	Kl 8.30	Miðrými	Skam maraþon	203
Kynning á sjálfboðastarfi (María Ben)	Kl 9.00	209	Lord of the rings maraþon	205
Hnýtinganámskeið (Svanur og Sverrir)	Kl 9.00	204		
Grískur dans með Lalla og Jakobi	Kl 9.00	Salurinn		
Rýnt í framtíðina (Gugga bleika)	Kl 9.00	206	CARNIVAL	MÍÐRÝMI
Prjónanámskeið (þátttakendur þurfa að koma með prjóna og garn)	Kl 10.00	211	Blóðþrýstingur mældur	208
Hugarafi	Kl 10:00	210	Dons donuts	Aðal inngangur
Kilroy	Kl 10.30	202	Bandý, framhald	Iða
Alexander, Föðun	Kl 11.00	201		
Skipbo með Lindu	Kl 11.00	212		
Hinseginleikinn	Kl 11:00	207		
Skila vegabréfi á skrifstofu (Tómas og Guðbjörg taka líka við þeim)	Kl 12.00			
Íþróttamót í IÐU	Kl 11:30	Iða		

Guðbjörg Grímsdóttir

Tómas Davíð Ibsen Tómasson

3.4 Litla-Hraun og Sogn

Kennslustjóri: Gylfi Þorkelsson

Skýrsla um skólastarf í fangelsum skólaárið 2016-2017

1. Inngangur

Eftir aðsóknarmet skólaárið 2015-2016 fækkaði nemendum umtalsvert á því skólaári sem hér er til umfjöllunar. Við upphaf haustannar 2016 voru fáir við nám og hópurinn afar brokkengur. Samsetning vistmanna á Litlahrauni var með sísta móti m.t.t. náms, mikil neysla, einbeitingarskortur og fjarvera úr skóla. Þegar leið á önnina batnaði ástandið smám saman, nemendum fjölgaði og, það sem mestu skipti, meðal hinna nýju voru öflugir einstaklingar og drífandi. Segja má að lítill en þéttur kjarni hafi haldið skólastarfinu gangandi til vors og þegar upp er staðið við skólaslit vorið 2017 hafa nokkrir nemendur náð góðum árangri, sumir afburðaárangri. Þó er ljóst að ákjósanlegt væri að stærri hópur lyki námi í einstökum áföngum, skilaði einingum í eigin sarp. Margar skýringar má tína til á þessari miklu sveiflu, en það verður ekki gert hér; aðeins sagt að hún lýsir því vel hve skólastarf í fangelsum er brothætt og hve mikil áhrif ytri aðstæður hafa á námsframvindu nemenda þar.

Kennslustjóri í fangelsum og náms- og starfsráðgjafi héldu ótrauð áfram að þróa hugmyndir og verkefni til að bæta skólastarf og námsframboð í fangelsum í góðri samvinnu við starfsfólk og yfirvöld skólans og fangelsanna, og marktækur árangur náðist á skólaárinu. Verkefni um gerð rafræns námsefnis er komið á framkvæmdastig, um leið og fjármagn fæst, og sömuleiðis uppbygging aðstöðu fyrir aukið verknám á Litlahrauni.

Þegar á heildina er litið má segja að þrátt fyrir töluverða dýfu hafi skólastarfið verið gjöfult og mikil gerjun er tvímælalaust til staðar í menntunarmálum fanga.

2. Haustönn 2016

2.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Egill Örn Jóhannesson, bílgreinakennari LH (staðnám)

Grímur Lúðvíksson, rafiðngreinakennari Sogni (fjarnám)
Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari LH og Sogni
Helgi Hermannsson, félagsfræðikennari Sogni (fjarnám)
Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)
Hörður Ásgeirsson, sérkennari LH
Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir uppeldisfræðikennari LH (fjarnám)
Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari Sogni (staðnám) og LH (fjarnám)
Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðngreinakennari LH (fjarnám)
Lárus Ágúst Bragason, sögukennari, LH (fjarnám)
Lóa Hrönn Harðardóttir, náms- og starfsráðgjafi LH og Sogni
Óskar Guðbjörn Jónsson, tréiðngreinakennari LH (fjarnám)
Sigurður Grímsson, málmiðngreinakennari LH (staðnám)
Sveinn E. Magnússon, enskukennari LH (staðnám)
Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari LH (staðnám)
Tómas Davíð Ibsen Tómasson, sögukennari LH (fjarnám)
Ægir Sigurðson, stærðfræðikennari LH (staðnám)

2.2 Samantekt um skólahaldið

Heldur færri innrituðu sig í nám við FSu í fangelsunum á Litlahrauni og Sogni en gert höfðu undanliðnar annir. Alls komu 44 nemendur við sögu skólahaldsins, 35 á Litlahrauni en 9 á Sogni, miðað við 66 á haustönn 2015 og 52 á vorönn 2016. Af þessum 44 voru 30 nógu virkir til að skrásetjast í Innu og ljúka námsmati, 26 á Litlahrauni og 4 á Sogni. Að auki stunduðu 4 nemendur á Sogni háskólanám og 4 nám við aðra skóla í fjarnámi. Heildarfjöldi virkra nemenda má því telja 38 á önninni.

Skólahald hófst föstudaginn 19. ágúst með útdeilingu stundaskráa og skráningu nýrra nemenda. Kennsla hófst mánudaginn 22. ágúst á Litlahrauni og þriðjudaginn 23. í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fer fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni en þrjá daga í Sogni.

Þessir 30 FSu-nemendur í fangelsunum voru alls skráðir í 31 mismunandi áfanga í 16 námsgreinum og 347 feiningar, þar af stóðust samtals 166 feiningar eða 47,8%.

Alls 14 nemendur hættu námi af ýmsum ástæðum en einingar þeirra skila sér hugsa-
nlega á næstu önn. Í fangelsunum eru annamótin fljótandi en ekki fast dagsett eins og í
dagskólanum, því að stöðugt er verið að innrita nýja nemendur og aðrir fljúga á brott fyrir-
varalítið.

Við einfaldan samanburð á tölum liggur í augum uppi að þessi önn er töluvert frá-
brugðin þeim næstu á undan. Nemendur eru færri, og þar af leiðandi fækkar námsgreinum,
áföngum og einingum. Hins vegar vex hlutfall staðinna eininga umtalsvert. Á þessu eru ýmsar
skýringar. Segja má að ytri aðstæður til skólahalds, sérstaklega á Litlahrauni, hafi gerbreyst
með gildistöku nýrra laga um fullnustu refsinga. Margir fangar voru fluttir frá Litlahrauni á
stuttum tíma, ýmist í önnur, opin úrræði eða losnuðu. Við þetta breyttist samsetning fanga
verulega, og þar með samsetning nemendahópsins. Í skólanum eru skiljanlega frekar menn í
þokkalega stöðugu andlegu og líkamlegu standi, einmitt sami hópurinn og á helst möguleika
á að afplána í opnum úrræðum. Fjöldi „skólafærra“ fanga á Litlahrauni var því mun minni við
upphaf haustannar en oftast áður en hinn hópurinn mun meira áberandi, mest fíklar sem
skráðu sig í skóla með góðum vilja en náðu aldrei nógu löngu skeiði jafnvægis og stöðugleika
sem þarf til „að vera í skóla“ og stunda nám og kennslustjóri tók þá ákvörðun að skrá fæsta
þessra einstaklinga með formlegum hætti í Innu. Mikill tími og vinna kennslustjóra og náms-
ráðgjafa fór þó í að sinna þessum einstaklingum, mynda tengsl og trúnaðarsamband, og er
það einlæg von og trú að það muni skila sér, þó síðar verði.

Kennslustjóri og námsráðgjafi sóttu nokkra fundi og ráðstefnur á önninni. Norræna
ráðstefnu, *Work and education – cooperation and innovation* sem haldin var á Grand Hotel í
Reykjavík dagana 12.-15. september. Olga Lísu Garðarsdóttir, skólameistari FSu var einn
aðalfyrirlesara á ráðstefnunni.

Einnig „*Lifelong Learning in Prisons*“, ERASMUS+ tengslaráðstefnu til Oulu í Finnlandi
dagana 4.-7. október. Afrakstur þeirrar ráðstefnu er undirbúningur styrkumsóknar fyrir
verkefni um tölvu- og fjarnám í fangelsum sem kennslustjóri og námsráðgjafi eru þátttak-
endur í.

Þann 10. nóvember sóttu kennslustjóri, námsráðgjafi og skólameistari FSu fund í
fangelsinu á Hólmsheiði með forstöðumanni Litlahrauns og Sogns, forstöðumanni Fangels-
isins á Hólmsheiði og umsjónarmanni vinnu- og skóla á Hólmsheiði um væntanlegt skólahald
þar, skipulag, námsframboð og þjónustu.

2.3 Yfirlit yfir námsárangur

Eins og fram kom hér að framan voru á haustönn skráðir í Innu 30 nemendur í 31 áfanga í 16 námsgreinum og 347 feiningar. Staðnar einingar voru 166 eða 47,8%, sem er óvenju hátt hlutfall. Skýringar á því eru sjálfsagt margar og flóknar en skýrsluritari telur að meginástæðurnar megi finna annars vegar í betra utanumhaldi og eftirfylgni með nemendum og hins vegar í breyttri nemendasamsetningu. Minni og þéttari hópur en oftast áður var með hugann við nám og skilaði því betri árangri. Alltaf hafa nokkrir verið nánast alveg óvirkir og því staðið utan tölfræðiútreikninga, þó skráðir væru í skóla óformlega, en nú var þessi lítt virki hópur stærri en oftast áður.

Alls voru gefnar 82 einkunnir í annarlök. Einkunnin F var langalgengust, 41 F af 82 lokaeinkunnum, eða 50% allra einkunna. Þetta þýðir að helmingur nemenda hefur ekki verið kominn það langt í námi sínu að taka próf eða ljúka fullnaðarnámsmati. Af þeim sem það gerðu náðu hins vegar allir tilskildum árangri, sem er frábær árangur. Ef skyggst er á bak við einkunnina F sést að námi er stundum nánast lokið eða það alllangt komið og verulegar líkur á að einingarnar skili sér með safninu á næstu önn.

Einkunnadreifing H16

Eink	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	L	F
.												
Fjöldi	1	4	15	9	7	1	0	0	0	0	4	41
/82	1,2%	4,9%	18,3%	11%	8,5%	1,2%	0%	0%	0%	0%	4,9%	50%
/41	2,4%	9,8%	36,6%	22%	17%	2,4%	0%	0%	0%	0%	9,8%	

ALMENNT BÓKNÁM

Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HE05	10	6	4	7,5	30 / 60%
1HA05	5	1	4	7	5 / 20%
2HB05	3	1	2	8,0	5 / 33,3%
2HC05	1	0	1		0
2OR05	1	0	1		0
3FO05	2	1	1	8	5 / 50%

Félagsfræði

FÉLA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2KR05	1	1	0	6	5 / 100%

Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1GA05	2	0	2		0
1LR05	2	0	2		0
1MR05	7	4	4	7	20 / 50%
2BB05	1	1	0	9	5 / 100%
2VÍ05	2	2	0	8	10 / 100%
3ÞS05	1	1	0	8	5 / 100%

Íþróttir

ÍÞRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)ein k.	Staðnar ein. / %
1ÞH03	3	2	1	7	6 / 66.6%
2AL02	1	0	1		0

Landafræði

LAND-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2EL05	1	0	1		0

Náms- og starfsfræðsla: FÆRNI

FÆRN-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1NS02	7	4	3	L	8 / 57%

Saga

SAGA-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
3SS05	1	1	0	8	5 / 100%
3MS05	1	1	0	8	5 / 100%

Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein./%
1GS05	1	0	1		0
1AJ05	7	1	6	9	5 / 14,3%
1RU05	2	0	2		0
2TL05	1	0	1		0

Uppeldisfræði

UPPE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2UM05	1	1	0	8	5 / 100%

BIFVÉLAVIRKJUN - GRUNNNÁM

Aflrás

BVAF-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
20101	5	5	0	7	5 / 100%

GRUNNNÁM BYGGINGAGREINA**Framkvæmdir og vinnuvernd**

FRVG-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1RÖ05	1	1	0	8	5 / 100%

GRUNNNÁM MÁLMIDNA**Hlífðargassuða**

HGSU-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HS03	4	2	2	7.5	6 / 50%

Handavinna málma

HVMÁ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2MG05	1	1	0	9	5 / 100%

Plötuvinna

PLVI-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1PS04	5	3	2	6.3	12 / 60%

GRUNNNÁM RAFIDNA**Rafeindatæni og mælingar**

RATM-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %

2RA05	1	1	0	8	5 / 100%
-------	---	---	---	---	----------

HÚSASMÍÐABRAUT

Teikningar og verklýsingar

TEVH-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein./%
2TH05	1	0	1		0

3. Vorönn 2017

3.1 Starfsfólk

Eftirfarandi störfuðu við skólahaldið á önninni:

Egill Örn Jóhannesson, bílgreinakennari Lh (staðnám)
 Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri og íslenskukennari Lh, Sogni og Hólmsheiði (staðnám)
 Helgi Þorvaldsson, enskukennari Sogni (staðnám)
 Hörður Ásgeirsson, sérkennari á Lh, Sogni og Hólmsheiði (staðnám)
 Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir, sálfræðikennari Lh og Hólmsheiði (fjarnám)
 Ingvar Bjarnason, stærðfræði- og grunnteiknikennari Sogni (staðnám)
 Jón Grétar Hafsteinsson, næringarfræðikennari Sogni (fjarnám)
 Jón Sigursteinn Gunnarsson, tréiðngreinakennari Lh (fjarnám)
 Lárus Ágúst Bragason, sögukennari Lh, Sogni og Hólmsheiði (fjarnám)
 Lóa Hrönn Harðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Lh og Sogni
 María Ben Ólafsdóttir, félagsfræðikennari Lh, Sogni og Hólmsheiði (fjarnám)
 Óskar Guðbjörn Jónsson, tréiðngreinakennari Lh og Sogni (fjarnám)
 Sigurður Grímsson, málmiðngreinakennari Lh (staðnám)
 Sveinn E. Magnússon, enskukennari Lh (staðnám) og Hólmsheiði (fjarnám)
 Sverrir Geir Ingibjartsson, íþróttakennari Lh (staðnám) og Sogni (fjarnám)
 Úlfur Björnsson, landafræðikennari Sogni (fjarnám)
 Ægir Sigurðsson, stærðfræðikennari LH (staðnám)

3.2 Samantekt um skólahaldið

Alls innrituðust í nám á Litlahrauni, Sogni og Hólmsheiði 66 nemendur á vorönn 2017. Þar af voru tveir í háskólanámi frá Sogni, 5 í fjarnámi við aðra framhaldsskóla og 59 skráðir í nám á vegum FSu., 37 á Litlahrauni, 10 í Sogni og 12 á Hólmsheiði. Segja má að skólahald á Hólmsheiði sé á ákveðnu tilraunastigi á þessari önn og fullvíst að nemendum þar mun fjölga þegar fram líða stundir og meiri festa komin á skipulagið.

Skólahald hófst þrettánda daga jóla, föstudaginn 6. janúar, með skráningu og afhendingu stundataflna á Litlahrauni og Sogni og kennsla hófst skv. stundaskrá mánudaginn 9. jan. á Litlahrauni og þriðjudaginn 10. í Sogni. Hefðbundin staðkennsla fór fram fimm daga vikunnar á Litlahrauni en þrjá daga í Sogni.

Eins og jafnan áður voru nemendur að koma og fara á önninni, sumir stoppuðu stutt, aðrir héldu út eitthvað lengur, en fram í síðustu kennsluviku má telja að í námi við FSu hafi 37 nemendur verið virkir, 24 á Litlahrauni, 6 í Sogni og 7 á Hólmsheiði, sumir af þeim síðasttöldu nýskráðir þó. Inni í þessari tölu eru nokkrir nemendur sem luku stöku áföngum snemma á önninni en hættu námi í kjölfarið.

Helstu nýjungina á önninni, og skólaárinu, má hiklaust telja að koma á skólahaldi í fangelsinu á Hólmsheiði. Það hófst í smáum stíl með heimsóknum námsráðgjafa sem aðstoðaði fyrstu nemendurna við að innrita sig í fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla og í Tækniskólann. Þann 14. mars fóru kennslustjóri og sérkennari fyrstu ferðina í skólann á Hólmsheiði, áttu viðtöl við nokkra nemendur og skráðu til náms við FSu. Þaðan í frá fóru þeir þangað vikulega, á þriðjudögum, út önnina. Nánast í hverri viku bættust nemendur í hópinn.

Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi funduðu með skólameistara FSu þann 20. janúar um frampróun náms og kennslu í fangelsum. Í framhaldinu voru sendar umsóknir í bæði *Sprotasjóð* og *Próunarsjóð námsgagna* um styrk til að þróa og útbúa námsefni á rafrænu formi, sem nýttast myndi til fjarkennslu í öllum fangelsum og væri til í námsefnisbanka til stöðugar notkunar. Í lok annar var komið í ljós að ekki fengjust styrkir úr þessum sjóðum að svo stöddu. Umsóknir um styrki til verkefnisins voru einnig sendar til ýmissa fyrirtækja í samfélaginu en ekki hafa borist svör þegar þetta er ritað.

Kennslustjóri, náms- og starfsráðgjafi og skólameistari FSu sóttu hina árlegu *BETT ráðstefnu og kennslubúnaðarsýningu* í London 26. – 29. janúar. Megintilgangurinn var að leita að og kynna sér tæknibúnað sem hentað gæti til fjarkennslu í fangelsunum og annað það sem rekið gæti á fjörunar og nýttist skólahaldi í fangelsum. Ýmsar hugmyndir vöknúðu við göngu um rangala sýningarinnar, sem féllu að þeim hugmyndum um rafrænt námsefni sem undirbúningur var hafinn að, og nýttist ferðin því vel.

Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi funduðu 3. mars á Litlahrauni með forstöðumanni fangelsisins á Litlahrauni og skólameistara FSu um þróun námsframboðs í fangelsinu. Í

lok fundar var skoðaður sá húsakostur innan fangelsisins sem nýta mætti betur fyrir verk-nám.

Kennslustjóri veitti upplýsingar og átti á önninni í töluverðum samskiptum við þingmennina Ara Trausta Guðmundsson og Bjarkeyju Olsen um stöðu náms og skólahalds í fang- elsum. Á grunni fenginna upplýsinga lögðu þingmennirnir fram þingsályktun um málaflokk- inn.

Kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi funduðu í lok apríl með áhugahópi um menntun í fangelsum. Óskað var eftir samræðum og upplýsingum um það hvernig áhugahóp- ur, einskonar „hollvarðasamtök“, gætu best nýtt krafta sína til að gera gagn.

Þann 12. maí kl. 10:00 var haldinn hefðbundinn skólalokafundur í FSu fyrir ffgangelsiskennsludeildina. Fundinn sátu, auk kennslustjóra og náms- og starfsráðgjafa í fang- elsum, skólameistari, forstöðumaður Litlahrauns og Sogns, aðalvarðstjóri á Sogni og kennarar deildarinnar.

Sama dag kl. 14:00 sátu kennslustjóri og náms- og starfsráðgjafi í fangelsum fund um skólahald á Hólmsheiði með forstöðumanni fangelsisins þar, varðstjórur og umsjónarmanni vinnu, verslunar og náms innan fangelsisins. Farið var yfir helstu atriði er varða skólabrag, umgengni í skólastofu, bókakost, kröfur og verklagsreglur sem nauðsynlegt er að séu skýrar.

Þann 18. maí komu kennarar úr tré-, mál- og rafiðnadeildum FSu í heimsókn á Litlahraun og fóru með forstöðumanni í skoðunarferð um fangelsið til að átta sig á möguleik- um til að efla verknám á staðnum, þarfagreina m.t.t. húsnæðis, tækja og aðstöðu, og áttu í lokin fund með kennslustjóra um málið og framhald þess. Niðurstaðan var að viðkomandi kennarar munu senda kennslustjóra skýrslu frá hverri deild um hvaða úrbóta er þörf, hvaða tæki og verkfæri vantar, ásamt kostnaðaráætlun.

3.3 Yfirlit yfir námsárangur

Fyrrgreindir 59 nemendur FSu sem sátu á skólabekk á einhverjum tímapunkti á önninni voru alls skráðir í 42 mismunandi áfanga í 18 námsgreinum og 745 feiningar. Taka skal fram að engir nemendur á Hólmsheiði voru skráðir með formlegum hætti í Innu, enda hóf enginn þeirra nám fyrr en eftir miðjan mars, og óraunhæft að reikna með einingum frá þeim.

Á Litlahrauni og Sogni voru skráðir 47 nemendur í 41 áfanga og 640 einingar. Af þeim má telja að 30 nemendur hafi verið teknir til mats fyrir 354 einingar, 129 af þeim skiluðu sér, eða 36,4%.

Alls var gefin 91 einkunn. Af þeim voru 50 F, eða 55% einkunna, sem gefur til kynna að nemendur hafi ekki klárað viðkomandi áfanga með lokamati. Ef frá eru dregnar allar F einkunnir og aðeins tekið tillit til þeirra einkunna sem sannarlega eru afrakstur lokanámsmats, þá er um að ræða 41 einkunn. Af þeim er aðeins 1 falleinkunn (1-4) en 40 einkunnir staðnar (5-10). Því má segja að af þeim sem fara í próf eða ljúka námsmati í áföngunum standast 97,5% settar lágmarkskröfur, og lítið hægt að kvarta yfir því.

Einkunnadreifing V17

Eink.	10	9	8	7	6	5	4	3	2	1	S	F
Fjöldi	5	10	3	9	10	3	0	1	0	0	0	50
/91	5,5%	11%	3,3%	9,9%	11%	3,3%	0%	1,1%	0%	0%	0%	55%
/41	12,2%	24,4%	7,3%	22%	24,4%	7,3%	0%	2,4%	0%	0%	0%	

3.4 Yfirlit yfir námsárangur í einstökum greinum og áföngum

Enska

ENSK-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HE05	3	3	0	9	15 / 100%
1HA05	7	1	6	7	5 / 14,3%
2HB05	3	1	2	8	5 / 33,3%
2OR05	4	2	2	5,5	10 / 50%
3FO05	1	1	0	8	5 / 100%

Íslenska

ÍSLE-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LR05	3	0	3		0 / 0%
1MR05	2	2	0	7	10 / 100%
2OS05	3	0	3		0 / 0%
3KO05	1	1	0	9	5 / 100%
3NB05	2	1	1	9	5 / 50%

Íþróttir

ÍÞRÓ-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)ein k.	Staðnar ein. / %
1ÞH03	4	3	1	7	9 / 75%
2ÞL03	3	1	2	9	3 / 33,3%
2AL02	1	0	1		0

Landafræði

LAND-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)ein k.	Staðnar ein. / %
2EL05	1	1	0	7	5 / 100%

Næringarfræði

NÆRI-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	(Meðal)ein k.	Staðnar ein. / %
2AA05	1	0	1	3	0

Stærðfræði

STÆR-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1GS05	5	0	5		0
1AJ05	4	1	3	10	5 / 25%
1RU05	3	1	2	9	5 / 33,3%
2HV05	1	0	1		0
2TL05	1	0	1		0

BIFVÉLAVIRKJUN - GRUNNNÁM

Aflrás

BVAF-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
20101	5	5	0	7	5 / 100%
20201	6	2	4	8	2 / 33,3%
20301	6	4	2	6,5	4 / 66,7%

GRUNNNÁM MÁLMÍÐNA

Rennismíði

RENN-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1MG05	1	1	0	9	5 / 100%

Logsuða

LOSU-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1LS03	1	1	0	6	3 / 100%

Plötuvinna

PLVI-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %

1PS04	6	3	3	6,67	12 / 50%
--------------	---	---	---	------	----------

Hlífðargassuða

HGSU-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1HS03	5	2	3	6,5	6 / 40%

HÚSASMÍÐABRAUT

Efnisfræði

EFNG-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1EF05	2	1	1	9	5 / 50%

Framkvæmd og vinnuvernd

FRVG-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1RÖ05	2	1	1	10	5 / 50%

Grunnteikning

GRTE-	Fjöldi nem.	Staðið	F	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
1FA05	2	0	2		0

Teikningar og verklýsingar

TEVH-	Fjöldi nem.	Staðið	Fall	Meðaleink.	Staðnar ein. / %
2TH05	2	1	1	9	5 / 50%

4. Almennt um nám og kennslu á skólaárinu

4.1 Bíliðngreinar - Grunnám

Á skólaárinu var fram haldið kennslu í grunnáföngum bíliðngreina. Skólaárið 2015-16 voru kenndir þrír einnar einingar áfangar í hreyfilfræði (BVHR), í vetur þrír sambærilegir áfangar um aflrás (BVAF) og næsta skólaár stendur til að loka hringnum með þrem áföngum um hemlakerfið (BVHE).

Alls tóku 10 nemendur þátt í þessum námskeiðum, að hluta eða í heild, og 7 þeirra skiluðu 1-2 einingum og einn nemandi lauk öllum þremur námskeiðunum, með 10 í meðaleinkunn.

4.2 Enska

Haustið 2016 hófu fjórir nemendur nám í ensku að Sogni í áföngum HA, HB og OR. Þrír þeirra hurfu á braut á önninni án þess að ljúka einingum. Einn hélt dampi til loka annar og náði að ljúka áfanganum með lágmarkseinkunn í janúar á þessu ári (ENSK2OR).

Á vorönn hafa fimm nemendur komið við sögu í áföngum HA og OR. Tveir stöldruðu stutt við og þeir sem eftir eru náðu ekki að ljúka áföngum með einingum.

Það hefur ekki verið vandamál að fá þessa stráka til að vinna í kennslustundum. Ef þeir hinsvegar gera ekkert þess utan í sínu námi þá er þessi eina kennslustund á viku á Sogni ekki nóg, í flestum tilvikum, til þess að ljúka heilum áfanga. Þessi skortur á „heimavinnu“ gæti útskýrt rýra útkomu vetrarins í ensku á Sogni.

Leggja þarf áherslu á það að halda þeim sveigjanleika sem hefur einkennt starfið í fangelsunum og hefur komið nemendum þar vel. Mikilvægt og nauðsynlegt er að skilja að skólastarf í fangelsi getur aldrei orðið eins og í „venjulegum“ skóla. Það sem við fyrstu sýn virðist vera skelfilegt, þ.e.a.s. brottfall skráðra nemenda í skólann, er miklu jákvæðara í ljósi þess að þeir sem klára áfanga ná honum undantekningalítið.

4.3 Færni

Á haustönn hafði námsráðgjafi umsjón með nýjum áfanga sem fékk nafnið Færni og var áfanganum skipt í þrjár lotur. Í fyrstu lotu var áhersla lögð á helstu áhrifapætti árangurs í námi. Kennd var námstækni og markmiðasetning, fjallað var um próftöku, prófkvíða, nám með AD(H)D og nám með lesblindu. Í annarri lotu var skólakerfið kynnt, helstu námsleiðir og störf auk þess sem þátttakendur tóku áhugasviðskönnun. Í þriðju lotu var farið yfir gerð ferilsskrár, fjallað um sakaskrá og atvinnuviðtal. Að kennslunni komu, auk náms- og starfsráðgjafa,

sálfræðingur og félagsráðgjafar frá Fangelsismálastofnun og sérkennari frá FSu. Alls voru 7 nemendur skráðir í upphafi annar og 4 luku áfanganum með einingum.

4.4 Íslenska

Óvenjumargir nemendur voru skráðir í íslensku á haustönn og langflestir í byrjunaráfanga. Eins og gengur er ástundunin misjöfn og margir þurfa fleiri en eina önn til að ljúka hverjum áfanga. Þeir sem ná að einbeita sér og stunda námið að einhverju marki ná yfirleitt góðum árangri. Þó voru það töluverð vonbrigði að enginn skyldi ljúka byrjunaráfanganum á önninni og almennt má segja að árangur á haustönn hafi verið slappur.

Á vorönn voru færri nemendur skráðir í upphafi og þó óvenjumargir hafi horfið á braut í miðju kafi er þó jákvætt að tiltölulega margir af þeim sem þó entist erindið út önnina skiluðu einingum í hús. Þá má gleðjast yfir því að tveir nemendur sem lengra eru komnir stóðu sig með afburðum vel, og hafa raunar gert undanfarin ár, tekið hvern áfangann á fætur öðrum með trompi. Raunin er sú að erfiðasti hjallinn fyrir nemendur er sá fyrsti.

4.5 Íþróttir

Líkt og á síðasta skólaári voru óvenju fáir nemendur í íþróttum þetta skólaár. Á haustönn og fyrri hluta vorannar mættu aldrei fleiri en þrír nemendur í tíma í einu. Oft voru þeir færri og í eitthvert skiptið mætti enginn. Á tímabili leit út fyrir að það væri nokkuð tilgangslaust að halda þessu áfram. Um miðja vorönnina bættust tveir kraftmiklir og drífandi nemendur við sem höfðu jákvæð áhrif á vinnuandann. Þar með var tilgangsleysinu úthýst og nemendur virtust hafa bæði gagn og gaman af náminu.

Eins og áður voru tveir íþróttatímar í viku, annar bóklegur og hinn verklegur. Í bóklegu tímunum var lögð áhersla á að kynna hvað líkamleg áreynsla, skynsamleg næring og reglulegar svefnvenjur hafa mikið að segja hvað varðar líkamlegt og andlegt heilbrigði. Einnig var farið yfir mismunandi aðferðir við að æfa þol, styrk og liðleika.

Í verklegu tímunum var megin áherslan lögð á þol og styrktarþjálfun. Í lok hvers tíma var svo oft farið í badminton.

4.6 Málmiðngreinar

Liðinn vetur voru þrír áfangar í málmsuðu kenndir eins og fyrri ár, hlífðargassuða, rafsuða og logsuða, að auki plötuvinna á báðum önnum. Einn afburðanemandi, sem búinn er með alla

grunnáfangana, gat tekið tvo framhaldsáfanga, handavinnu málma (HVMÁ1MG05) á haustönn og rennismíði (RENN1MG05) á vorönn. Annars var óvenjumikill losarabragur á nemendum og óþarflega tíð skipti, sem er óheppilegt í verklegu námi þar sem takmarka þarf nemendafjölda verulega vegna þeirrar aðstöðu sem í boði er.

4.7 Stærðfræði / Iðnteikning

Fjöldi nemenda í Sogni var að meðaltali 4-6 heilt yfir skólaárið. Einn hætti þegar nokkuð var liðið á haustönnina þegar hann fór á Vernd, annar byrjaði upp úr miðri vorönninni en kom ekki aftur eftir páskafrí og einn hætti þar sem hann þurfti ekki að taka STÆ-áfangann sem hann var í á brautinni sem hann var á. Einn nemandi var sendur aftur niður á Litlahraun vegna agabrots og annar hætti án þess að fengjust skýringar á því. Flestir voru nemendurnir skráðir í STÆR1AJ05, STÆR1FA05 og GRTE2FA05, einn í STÆR1RU05 og einn í STÆR2TL05. Nemendur unnu vel í tímunum þegar þeir mættu og voru áhugasamir, mætingin var oftast góð á haustönninni en aðeins slakari seinni hluta vorannarinnar. Einn nemandi sem kom frá Litlahrauni um miðja vorönnina og hafði verið í Stæ-áfanganum þar náði að klára áfangann á Sogni. Annar nemandi á Litlahrauni sem var í fjarnámi hjá mér í tölvuteikningu (TEVH2TH05) kláraði einnig. Reynslan af kennslunni á Sogni í vetur var góð, aðstaðan er ágæt og náðist að sinna nemendum vel þar sem þeir voru ekki fleiri en 6 þegar mest var.

Á Litlahrauni gekk kennsla í stærðfræði ágætlega báðar annirnar. Þó voru óvenju fáir nemendur sem náðu að ljúka einingum á kennsluárinu. Vísbendingar eru um að það sé aðeins tímabundið og líkur á að fleiri muni ljúka einingum á næstu önnum. Margir voru komnir vel áleiðis með sína áfanga og munu vonandi ná að ljúka þeim á næstu önn.

4.8 Ýmislegt fjarnám: Landa-, næringar-, efnisfræði tréiðna, rafurmagn o.fl.

Aukin áhersla hefur undanfarnar annir verið lögð á fjarnámstilboð. Nemendum hefur gefist kostur á að taka 1-2 áfanga í félagsfræði, sálfræði, uppeldisfræði, sögu, landafræði, næringarfræði, forritun, auk bóklegra áfanga á iðnbrautum, s.s. efnisfræði bæði tré og málmiðna, framkvæmd og vinnuvernd, iðnteikningu, áfanga í rafiðnum, á hestabraut, íþróttaráfanga o.fl.

Þetta námsframboð er nauðsynlegt, því það er mikilvægt fyrir nemendur að sjá námi sínu vinda fram, einingar safnast smám saman upp og styttu leiðina að lokamarkinu; að ljúka

námi á tilgreindri braut. Telja má að 17 nemendaígildi hafi með þessum hætti getað bætt á námsferil sinn einingum frá FSu sem ekki er kostur á að bjóða upp á í staðkennslu. Oftast er árangur af þessu góður, því að jafnaði er um að ræða nemendur sem komnir eru vel af stað í námi og vita hvert þeir stefna.

Um fjarnám sem nemendur í fangelsunum taka hjá öðrum skólum fer engum sögum í þessari skýrslu.

4.9 Sérkennsla

Á skólaárinu hefur sérkennari sinnt greiningu á lestrarerfiðleikum á Litlahrauni og á Hólmsheiði og hafa fimm nemendur greinst með leshömlur sem veitir þeim rétt til notkunar á Hljóðbókasafni Íslands. Þá hefur sérkennari sinnt aðstoð, sérkennslu og stuðningsviðtölum í fangelsunum þremur með vikulegri komu þangað frá því í byrjun mars. Aðallega hefur aðstoðin verið í stærðfræði en einnig öðrum greinum eftir þörfum.

5. Náms- og starfsráðgjöf

Skólaárið 2016 – 2017 var 15% af 100% stöðuhlutfalli náms- og starfsráðgjafar úthlutað til Fjölbrautaskóla Snæfellinga sem sinnir Kvíabryggju og 10% til Verkmenntaskólans á Akureyri sem sinnir Fangelsinu á Akureyri. Eftir áramót var samningi sagt upp við Verkmenntaskólann á Akureyri þar sem fáir fangar voru vistaðir á vorönn. Námsráðgjafi var í sambandi við fangelsin á landsbyggðinni og við starfsmenn Fangelsismálastofnunar eftir þörf. Viðvera á Litlahrauni var á fimmtudögum og fyrir hádegið á föstudögum og í Sogni eftir hádegið á föstudögum.

Viðtölum sem tekin voru skólaárið 2016 – 2017 má gróflega skipta í persónuleg málefni, ráðgjöf við val á námi/áhugasvið, ráðgjöf við nemendur með sérþarfir og náms-tækni. Mestur þungi viðtala lá í ráðgjöf við nemendur með sérþarfir svo sem vegna lesblindu og/eða athyglisbrests og aðhaldi við þá nemendur. Stór hluti nemenda var brottfallsnemendur og oft langt um liðið frá því þeir höfðu verið í námi.

Hljóðbókasafn Íslands þjónustaði fanga áfram í formi námsefnis á rafrænu formi án þess að greiningum væri skilað inn, eins og annars er venjan. Búnaður fyrir nemendur var bættur, keyptir voru MP3 spilarar, diskaspilarar og heyrnartól. Fjölbrautaskólinn við Ármúla

bauð föngum áfram að stunda fjarnám þar sem þeir greiddu fyrir eingöngu 6000,- kr. skráningargjald, en ekkert einingagjald eins og almennt er krafist.

Á haustönn stunduðu þrír nemendur háskólanám (Sogn), einn í tölvunarfræði og annar í japönsku við Háskóla Íslands og einn var í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri. Á vorönn stunduðu tveir nemendur háskólanám, einn í japönsku og einn lauk meistararitgerð í lögfræði og er áætluð útskrift sumar 2017. Í Sogni stundaði einn nemandi nám í forritun frá Tækniskólanum og einn nemandi sótti nám í FSu, í grunnnám rafiðna. Þá voru þrír nemendur skráðir í fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla (LH og Sogn).

Hólmsheiði

Nýtt fangelsi var tekið í notkun á Hólmsheiði á skólaárinu og var þá ekki búið að gera samning vegna menntunar fanga í fangelsinu né hafði ákvörðun verið tekin um framkvæmd námsins. Lágmarksaðstaða var til fjarnáms og var ákveðið að bjóða upp á nám frá Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Fimm nemendur byrjuðu í því námi í janúar.

Fjarnámsstjóri FÁ heimsótti hópinn í upphafi annar þar sem hann kenndi þeim á Moodle og fræddi þá um fyrirkomulagið á náminu. Námsráðgjafi sá um bókakaup auk kaupa á heyrnartólum við tölvur ofl. Þrír af þeim nemendum sem byrjuðu skiluðu sér í próf og var þá einungis einn af hópnum ennþá á Hólmsheiði. Viðvera námsráðgjafa var eftir þörf við upphaf annar en síðan var viðvera föst, á föstudögum eftir hádegið, í framhaldi af viðveru í Sogni. Seinna á önninni stóð nemendum til boða nám frá FSu og komu þá bæði kennslustjóri og sérkennari einu sinni í viku. Tveir nemendur á Hólmsheiði stunduðu fjarnám frá Tækniskólanum á vorönn, einn í forritun og annar í rafmagni.

6. Lokaorð

Mikil gerjun var í menntunar- og skólamálum í fangelsum á skólaárinu. Fjölmargir fundir voru haldnir og ráðstefnur sóttar vítt um heim. Þróunarvinna um námsefnisgerð er komin í burðarliðinn; hugmyndir hafa verið mótaðar og sótt hefur verið um styrki í verkefnið. Þó þeir hafi ekki enn fengist hefur veturinn verið nýttur til að þróa hugmyndina og móta verkefnið,

sem er bæði spennandi og mjög hagnýtt. Það er skýrt markmið að byggja upp námsefnisgrunn sem þjónað geti öllum nemendum í fangelsum jafnt, sama hvar þeir eru vistaðir hverju sinni.

Að sama skapi er komin góð hreyfing á eflingu verknáms á Litlahrauni, iðngreina-kennarar FSu hafa greint þarfir og gert grófa kostnaðaráætlun um þau tæki, tól og aðstöðu sem upp á skortir til að hægt sé að bjóða upp á grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina og verklega grunnáfanga í tré-, raf- og málmiðnum.

Líkur eru á að undir lok árs verði kominn á meiri stöðugleiki í vistunarmálum innan fangelsanna sem mun í framhaldinu skapa meiri frið um nám og kennslu, föngum til heilla. Nemendafjöldi og námsárangur getur, vegna utanaðkomandi, óviðráðanlegra aðstæðna, sveiflast eitthvað til milli anna og skólaára, en meginmálið er að þeir sem á málum halda tapi ekki sýn á hina stóru mynd. Þar gildir hið fornkveðna að „veldur hver á heldur“.

Að lokum þakkar undirritaður kærlega öllum sem koma að skólahaldi FSu í fangelsum, starfsfólki fangelsanna, kennurum og skólameistara FSu, Fangelsismálastofnun, háskólafólki, náms- og starfsráðgjafa og síðast en ekki síst nemendunum sjálfum, fyrir gjöfult og gott samstarf.

Selfossi, 23. maí 2017.

Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri.

3.5 Náms- og starfsráðgjöf

Starfslið

Skólaárið 2016- 2017 störfuðu þrír náms- og starfsráðgjafar við skólann. Anna Fríða Bjarnadóttir var í 100% starfshlutfalli, Agnes Ósk Snorradóttir í 75% starfshlutfalli og Bjarney Sif Ægisdóttir var í 50% starfshlutfalli. Auk þess var Bjarney í 50% starfshlutfalli við kennslu og umsjón Grunnmenntabráar.

Símenntun og fundir starfandi náms- og starfsráðgjafa

Á haustönn funduðu náms- og starfsráðgjafar reglulega með skólameistara og aðstoðarskólameistara. Fundir voru um það bil einu sinni í mánuði. Ekki náðist að halda því

fyrirkomulagi á vorönn, en þá voru haldnir tveir fundir náms- og starfsráðgjafa og stjórnenda.

Í vetur funduðu náms- og starfsráðgjafar reglulega með sviðstjórum og áfangastjóra. Þessir fundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði, þó oftár á haustönn.

Í febrúar mætti Agnes á fund náms- og starfsráðgjafa á Suðurlandi sem haldinn var á Laugarvatni. Þar var stofnaður Hópur náms- og starfsráðgjafa á Suðurlandi (HNOSS). Agnes og Bjarney sóttu annan fund hópsins í maí sem haldinn var í Tryggvaskála.

Í október fór Bjarney á námskeið í Endurmenntun Háskóla Íslands sem bar heitið „Af hverju er ég í skóla? Hvert stefni ég?: Námskeið um tilgang og framkvæmd náms- og starfsfræðslu.

Bjarney sótti dagskrá í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafa. Dagskráin í ár var haldin í nóvember með afmælisþema þar sem deginum var komið á fót fyrir 10 árum, Félag náms- og starfsráðgjafa varð 35 ára og námsbrautin fagnaði 25 ára afmæli. Yfirskrift dagsins var *Náms- og starfsráðgjöf í 35 ár* og fólki var boðið um borð í tímavél þar sem ferðast var aftur til fortíðar, staldrað við í nútíðinni og skyggst inn í framtíðina.

Bjarney fór á fund sem haldinn var fyrir náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum 2. mars. Á fundinn mætti Anna Sigurðardóttir brotthvarfssérfræðingur sem kynnti forvarnir gegn brotthvarfi.

Bjarney sótti einnig jólafund Félags náms- og starfsráðgjafa, auk þess að sækja fundi í fræðslunefnd félagsins.

Allir námsráðgjafar FSu fóru á viku námskeið ásamt sviðsstjóra starfsbrautar til Spánar. Námskeiðið bar yfirheitið: Coaching in educational context to reduce early school leaving. Þar lærðu þær svokallaða EFT aðferð (Emotional Freedom Technique) til að bæta líðan nemenda og starfsfólks. Töluverð áhersla var lögð á vellíðan starfsfólks á námskeiðinu, sem var áhugaverður vinkill í umræðuna.

Anna Fríða tók þátt í Erasmus samstarfsverkefni um lýðræði og seiglu nemenda ásamt fleirum starfsmönnum skólans. Hún fór í tvær ferðir erlendis vegna þessa verkefnis, til Portúgal og Rúmeníu.

Agnes og Bjarney fóru á ráðstefnuna Textinn kvíðvaldur lesblindra barna sem haldin var á vegum Félags lesblindra í Háskóla Íslands.

Allir námsráðgjafar skólans sóttu fund náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum sem haldin var í Fjölbrautaskólanum í Ármúla í maí.

Nemar í náms- og starfsráðgjöf

Víkuna 19.-23. september tóku náms- og starfsráðgjafar á móti tveimur nemum í náms- og starfsráðgjöf við HÍ. Heimsókn þeirra var hluti af náminu þeirra í náms- og starfsráðgjöf HÍ með það markmið að nemendur kynnist starfsemi náms- og starfsráðgjafar skólans og stofnunarinnar í heild.

Innritunarviðtöl við nemendur með íslensku sem annað móðurmál


Samkvæmt reglugerð um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku eiga framhaldsskólar að vera með móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í maí var bréf sent til allra skólastjóra og náms- og starfsráðgjafa í grunnskólunum á Suðurlandi. Þar var óskað eftir upplýsingum um hvort einhverjir nemendur og forráðamenn þeirra þurfi á innritunarviðtali með túlki að halda. Þeir nemendur verða boðaðir áður en kennsla hefst í haust.

Í júní 2016 voru þrír nemendur boðaðir í innritunarviðtal með túlki. Öll viðtölin voru við nemendur með pólsku sem móðurmál. Tveir af þeim nemendum sem komu í innritunarviðtal komu ekki í skólann í haust. Nemandinn sem kom í skólann fór í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

Könnun á líðan og námsumhverfi nýnema

Náms- og starfsráðgjafar lögðu fyrir könnun á líðan og námsumhverfi nýnema. Þessi könnun var lögð fyrir þriðja árið í röð í október. Miðað er við að liðnar séu um 6 vikur af skólanum áður en könnunin er lögð fyrir. Skólameistari sendi bréf til foreldra, kynnti könnunina fyrir þeim og óskaði eftir að þeir myndu láta vita ef þeirra barn tæki ekki könnunina. Niðurstaðan var sú að ekkert foreldri óskaði eftir því. Könnunin var lögð fyrir í bragahópum/umsjónarhópum og gekk það fyrirkomulag mjög vel. Könnunin var ekki lögð fyrir nemendur á starfsbraut, vegna fyrri reynslu. Af 202 nýnemum í skólanum tóku 155

könnunina eða 77%. Niðurstaða könnunarinnar bendir til að styrkleikapættir nýnema í FSu skori undir meðaltali við jafnaldra á landsvísu í öllum þáttum sem skoðaðir voru. Það sem vekur athygli í könnuninni er að fyrri námsárangur nemenda er sá þáttur sem nemendur okkar skora lægst á (langt undir landsmeðaltali). Sá þáttur sem kemur best út hjá nemendum okkar er félagsleg skuldbinding.



Myndin sýnir T-tölur nemenda á hverjum styrkleikapætti. T-tölur hafa meðaltalið 50. T-tala hærri en 50 þýðir að nemendur skólans eru að jafnaði hærri á viðkomandi styrkleika en allir nemendur og T-tala undir 50 að þeir séu að jafnaði lægri. Fyrir alla þætti gildir að því hærri T-tala því meiri er styrkleiki nemenda. Til dæmis ef T-tala er undir 50 á námserfiðleikum þá þýðir það að nemendur skólans eiga að jafnaði í meiri námserfiðleikum en gengur og gerist í heildarhópnum.

A. Skuldbinding nemenda gagnvart námi og skóla	B. Fyrri reynsla af skólagöngu	C. Fjölskyldan	D. Vínir
1. Námsleg skuldbinding	9. Skólahægðun	12. Stuðningur foreldra	16. Skuldbinding vina til náms og skóla
2. Félagsleg skuldbinding	10. Fyrri námsárangur	13. Eftirfylgni foreldra	
3. Námshegðun	11. Námsferfiðleikar	14. Hvatning móður í námi	
4. Metnaður		15. Hvatning föður í námi	
5. Trú á eigin getu í námi			
6. Vissa með námsval			
7. Samsömun við skóla			
8. Stuðningur kennara			

Þegar niðurstöður voru skoðaðar kom í ljós að 24 nemendur voru með 8 eða fleiri áhættuþætti, en það er það viðmið sem menntamálaráðuneytið gefur út að þurfi að skoða betur. Sjö þeirra nemenda sem skoruðu hæst á brotthvarfsskimuninni voru skráðir á grunnmenntabré og voru því í sérstöku utanumhaldi þar. Þrír nemendur til viðbótar ættu í raun að vera skráðir á grunnmenntabré, en stunda nám á starfsnámsbraut skólans vegna mikils áhuga. Af þessum 24 nemendum sem skoruðu hæst á skimuninni hafa þrír hætt námi. Einn þeirra hætti á haustönninni, annar um áramót og sá þriðji snemma á vorönninni. Þessir nemendur voru allir með mikla námserfiðleika og skráðir á grunnmenntabré. Ástæður þess að þeir hættu eru veikindi (1) og áhugaleysi (2).

Námskeið og áhugasviðskannanir

Skólaárið 2016-17 voru lagðar fyrir 4 kannanir í leit að starfi í umsjón Bjarneyjar og 8 IDEAS kannanir í umsjón Önnu Fríðu. Nemendur fengu kynningu í Bragatíma um áhugasvið.

Námsráðgjafar útbjuggu kynningu sem Bragakennarar kynntu fyrir nemendum.

Ekki var boðið upp á sérstök námstækninámskeið í vetur, enda var nýtingin á þeim mjög dræm síðastliðinn vetur.

Nýjungar

Sú hugmynd kom upp að bjóða nemendum uppá vinnustofu hjá náms- og starfsráðgjafa, fasta tíma allt skólaárið. Þetta var rækilega auglýst hér á veggjum innan skólans. Vinnustofan var hugsuð sem aðstaða þar sem nemendum gæfist kostur á að vinna í verkefnum og fá

stuðning og hvatningu. Þetta tilboð var ekki vel nýtt. Nokkrir nemendur komu á haustönn en enginn á vorönn. Þetta þarf því að endurskoða á næsta skólaári.

Nýjungar varðandi kynningar á náminu og skólanum fyrir grunnskólanemendur verða kynntar í þeim kafla hér aftar í skýrslunni.

Til þess að koma til móts við nemendur sem einhverra hluta vegna geta ekki tekið próf í kennslustund, buðu námsráðgjafar uppá sérstakan prófatíma einu sinni í viku. Ástæðan fyrir þessu tilboði var sú að talsvert er um það að nemendur taki próf inni hjá námsráðgjöfum og var hugmyndin að reyna koma böndum um þá þjónustu. Þessi tilraun gekk ekki sérlega vel þar sem mjög misjafnt er hvenær nemendur geta tekið próf og í sumum tilfellum verða þeir að taka próf inni hjá námsráðgjöfum á sama tíma og þau eru lögð fyrir inn í bekk.

Ákveðið var í samstarfi við áfangastjóra og sviðstjóra að funda eins reglulega og hægt er yfir skólaárið. Þetta var ákveðið í ljósi þeirra miklu breytingar sem hafa átt sér stað á skólakerfinu. Hugmyndin var að þessir samstarfsfundir myndu m.a bæta flæði upplýsinga um breytingar á brautum og öðrum breytingum sem varða námsráðgjöf og sviðs- og áfangastjórn.

Bragi

Námsráðgjafar komu aðeins að bragatímum. Á haustönn skipulögðu þeir þrjá bragafundi. Einn um áhugasvið fyrir eldri nemendur og tvo fyrir nýnema. Fyrri fundurinn var um skipulag og tímastjórnun og seinni fundurinn um prófundirbúning. Á vorönn skipulögðu námsráðgjafar einn fund sem bar heitið Lok annar og fjallaði um hvernig best sé að skipuleggja sig í lok annar, skipulag á náminu og frágang áfanga og svo lokapróf. Náms- og starfsráðgjafar hittu nemendur ekkert á þessum vetri í bragatímum. Í fyrra kom það ekki vel út að hitta alla nemendur í salnum og námsráðgjöfum fannst ekki heldur koma nógu vel út að þjappa 2-3 bragahópum í eina stofu svo að námsráðgjafarnir gætu hitt þá á bragatímum. Því var ákveðið að prófa þessa lausn, að kennarar myndu kynna efni frá námsráðgjöfum.

Kynningarstarf og heimsóknir

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: Kynningar innan skólans og á vegum

hans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnskóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Að auki eru ýmis óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Foreldrafundur

Foreldrafundur var haldinn í september. Mæting á fundinn var góð en yfir 100 foreldrar mættu. Á fundinum kynntu náms- og starfsráðgjafar starf sitt fyrir foreldrum og þá þjónustu sem nemendum stendur til boða ásamt því að fara yfir ýmsa þætti tengda náminu og skólanum.

Erlendir skólar

Í byrjun nóvember komu fulltrúar frá Syddansk Universitet í Danmörku og kynntu námsframboð sitt fyrir nemendum skólans og síðar í mánuðinum kom fyrverandi nemandi FSu, Sara Kristín Finnbogadóttir, læknanemi og kynnti læknanám við Syddansk Universitet.

Í janúar kom Mundo með kynningu á skiptinámi og sumarbúðum á Spáni.

Mætingin á þessar kynningar var mjög dræm.

Háskóli frá Esbjerg sem kennir m.a. viðskipta- og markaðsfræði kom í mars og hélt kynningu í kennslustund í viðskiptafræði. Það var áhugavert og gagnlegt og vegna dræmrar mætingar almennt er spurning hvort þessi háttur sé markvissari, þ.e. að eiga samráð við kennara um svona kynningar.

Íslenskir háskólar

Þann 14. mars var haldinn háskóladagur í FSu í samvinnu við Háskóladaginn sem haldinn er árlega í Reykjavík og ferðast svo um landið. Hingað komu aðilar frá sjö háskólum, Háskóla Íslands, Háskólanum í Reykjavík, Landbúnaðarháskólanum, Listaháskólanum, Háskólanum á Akureyri, Hólaskóla og Háskólanum á Bifröst til þess að kynna námsframboð sitt.

Kvikmyndaskólinn kom einnig með kynningu þennan dag. Háskóladagurinn tókst vel og var góð mæting.

Kynningar fyrir grunnskóla

Náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum á Suðurlandi var boðið í heimsókn í FSu snemma í haust til þess að kynna fyrir þeim námsframboð skólans. Heimsóknin var vel sótt, en hingað

komu flestir af náms- og starfsráðgjöfunum á svæðinu. Þeim hefur fjölgað töluvert undanfarin ár og nú hafa allir skólar á svæðinu náms- og starfsráðgjafa innan sinna raða, en samvinna hefur verið um ráðningu í uppsveitum og Flóa annarsvegar og Rangárþingi og V-Skaftafellssýslu hinsvegar. Því þótti okkur mikilvægt að kynna fyrir nýjum náms- og starfsráðgjöfum á svæðinu námsframboðið, en þeir sem lengur hafa starfað höfðu einnig gagn af kynningunni vegna mikilla breytinga nýliðin ár. Heimsóknin heppnaðist vel, var bæði gagnleg og góð til að efla tengsl á milli skólastiga.

Náms- og starfsráðgjafar fóru í heimsókn í alla grunnskóla á Suðurlandi og kynntu skólann og námsframboð hans með nýju kynningaefni. Farið var í alla grunnskóla á Suðurlandi alls 15 talsins. Gaman er að segja frá því að kynning fór fram í Klausturskóla á Kirkjubæjarklaustri og í Víkurskóla Vík í Mýrdal. Fulltrúar nemenda komu með í allar kynningar nema kynningarnar á Klaustri og í Vík en það var vegna þess að gíst var í þeirri ferð. Kynningarnar tókust frábærlega vel og skemmtilegt var að hafa nemendur með í för. Okkur langaði til þess að skilja eitthvað áþreifanlegt eftir hjá nemendum og var þeim afhent lógóbönd með lógói skólans. Náms- og starfsráðgjöf skólans sá um útfærslu á lógóböndunum í samstarfi við Bros og tókst vel til.

Í ár prófuðum við nýja leið til að kynna skólann, námið og félagslífið fyrir nemendum grunnskólanna enn frekar. Við fórum í samstarf með nemendafélaginu sem er með Snapchat aðgang. Í grunnskólakynningunum sögðum við nemendum frá þessum aðgangi og báðum þá um að bæta „NeffEssu“ við hjá sér á sínum Snapchat aðgangi. Vikuna eftir að við vorum með grunnskólakynningarnar var nemendafélagið svo með kynningu á náminu og félagslífinu í gegnum Snapchat. Kynningar nemendanna voru mjög skemmtilegar, vandaðar og góðar og fannst okkur þetta frábær nýjung.

Í mars var Starfamessa haldin í FSu. Á Starfamessunni kynntu sig 40 fyrirtæki á 30 sviðum iðn- og tæknigreina fyrir 9. – 10. bekkjum grunnskólanna. Náms- og starfsráðgjöf FSu var með bás á áberandi stað í miðryminu og tóku talsvert þátt í því að leiðbeina nemendum í ratleik um skólann ásamt því að svara fyrirspurnum áhugasamra nemenda um FSu. Á Starfamessunni var einnig kynnt iðn- og starfsnám sem í boði er í FSu. Náms- og starfsráðgjöf skólans kom aðeins að því skipulagi með því að koma hluta af þeim greinum inní ratleik

nemenda. Kynningarefni var bætt enn frekar og nú eigum við auglýsingaskilti sem við getum tekið með okkur í kynningar framvegis.

Opið hús

Í byrjun apríl var opið hús í FSu. Opið hús er sérstaklega ætlað fyrir foreldra og forráðamenn 10. bekkinga. Þar gefst tækifæri til þess að skoða skólann og kynna sér hvað hann býður uppá. Náms- og starfsráðgjafar skiptu sér á milli Hamars og Odda og voru þar með kynningarbása. Mæting á opið hús var frekar dræm en eitthvað var um að forráðamenn og nemendur annarsstaðar frá t.d. úr Reykjavík kíktu í heimsókn. Dagsetning opna hússins var nokkuð á reiki og ljóst að ákveða þarf dagsetningu með betri fyrirvara til þess að geta auglýst viðburðinn betur innan grunnskólanna. Nú auglýstu náms- og starfsráðgjafar dagsetningu á opnu húsi sem svo ekki stóðst og skapaði rugling og óvissu meðal nemenda í grunnskólum og starfsliðs þeirra.

Að auki tóku náms- og starfsráðgjafar á móti einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann og námsframboð hans og hópi frá Kirkjubæjarskóla sem kom hingað við á leið til Reykjavíkur til þess að skoða skólann, nemendur þar voru sérstaklega hrifnir af nýja verknámshúsinu.

Greiningalisti

Nemendur á greiningarlista, það er nemendur við skólann sem skilað hafa inn greiningum voru 153 á haustönn en 108 á vorönn. Ekki er eingöngu um nemendur með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem mikilvægt er að hafa yfirlit yfir s.s. nemendur með bráðaofnæmi og fleira en sá hópur er samt sem áður ekki stór.

Þegar nemandi skilar inn greiningu, skráir náms- og starfsráðgjafi það hjá sér. Mikilvægt er að þessar upplýsingar komist sem fyrst til kennara viðkomandi nemenda. Á vorönn voru upplýsingar um greiningar nemenda settar í athugasemdir í INNU og fara sjálfkrafa á hópalista kennara. Komi nýjar greiningar í hús eftir að skólastarf byrjar, eru kennarar látnir vita af því sérstaklega. Með þessu móti er tryggt að kennarar hafa upplýsingarnar nálægar og þær eru vel sýnilegar fyrir kennarana. Allir nemendur á greiningarlista, og forráðamenn þeirra ef nemandi er undir 18 ára aldri, fá sendan tölvupóst þegar líður að prófatíma til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf.

Frá og með hausti fengu allir nemendur sem þess þurfa lengri próftíma á prófatíma í desember og maí. Nú fá allir náðarkorterið og auka hálf tíma, þurfi þeir þess. Því þurfa nemendur á greiningarlista ekki lengur að sækja um lengri próftíma og gulu kortin eru úr sögunni. Á námskeiði sem náms- og starfsráðgjafar fóru á hjá Steinunni sálfræðingi hjá Kvíðameðferðarstöðinni var mælt með þessari aðferð. Það jafnar m.a. réttindi allra og dregur úr stimplun. Þetta hefur létt töluvert á álaginu hjá náms- og starfsráðgjöfum fyrir prófatíma, dregur úr óþarfa pappírseyðslu og léttir á kvíða hjá nemendum þar sem þeir þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af að gleyma gula kortinu.

Tilhliðrun í prófum

Náms- og starfsráðgjafar auglýstu til nemenda á greiningarlista hvenær og hvernig sækja þurfi um sérúrræði á prófatíma í desember og maí. Náms- og starfsráðgjafar tóku á móti umsóknum ef þess var óskað. Sérúrræði á prófatíma eru skráð beint í Innu. Nemendur geta sótt um sjálfir, eða með aðstoð náms- og starfsráðgjafa sem síðar þarf að samþykkja umsóknina. Kennarar geta nú flett upp upplýsingum um hvaða sérúrræði nemendur eru með í hverjum áfanga. Prófstjóri tekur saman sérúrræðin og vinnur við að koma þeim í framkvæmd, í samvinnu við kennara.

Náms- og starfsráðgjafar senda jafnframt vinsamleg tilmæli til allra kennara skólans um að taka tillit til nemenda á greiningarlista eins og kostur er í símatsáföngum.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Nemendur skila inn opnu vottorði til náms- og starfsráðgjafa og hringja í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára og veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst. Við ákváðum að gera tilraun með að flokka ástæður fyrir opnu vottorði eins og sést í eftirfarandi töflu. Þessi flokkun gefur aðeins vísbendingar því að flokkarnir geta skarast talsvert. Til dæmis geta langvinn veikindi líka verið andleg. Hins vegar eru þetta ástæðurnar sem eru gefnar upp á opnu vottorðunum:

	H16			V17	
	KVK	KK		KVK	KK
Ástæður					
Andleg veikindi	13	4		19	3
Líkamleg/andleg veikindi	2	0		3	1
Líkamleg veikindi	8	4		12	6
Mígreni	9	4		10	4
Aðrar ástæður	21	9		15	16
Fjöldi	53	21		59	30

	Haust16	Vor17
Samtals opin vottorð	74	89

Algengara er að stúlkur leggi fram opin vottorð vegna veikinda. Hlutfallið var 53/21 á haustönn og 59/30 á vorönn.

Tilvísanir og samskipti við stofnanir og sérfræðinga utan FSu

Náms- og starfsráðgjafar áttu í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga:

Barnahús

Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL)

Birta starfsendurhæfing

Félagsmálayfirvöld

Barnavernd

Fósturheimili á vegum félagsmálayfirvalda

Meðferðarheimili

Heilsugæslan

Unglingamóttakan HSu

Sjálfstætt starfandi sálfræðingar

Vinnumálastofnun

Prestur

Lögreglan

Viðtöl

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er vinnuregla sem yfirleitt tekst að hafa í heiðri. Upplýsingar um fjölda viðtala standa þó einungis fyrir fjöldanum, en ekki því sem fer fram í viðtalinu. Stundum eru heimsóknir nemenda stuttar og um afgreiðslumál er að ræða eða vísanir á aðra starfsmenn skólans. Önnur viðtöl taka lengri tíma, þarfnast úrvinnslu og eftirfylgni og í kjölfarið undirbúnings og fleiri viðtala við nemendur. Oft þarf ráðgjafi að afla sér upplýsinga hjá mörgum aðilum við undirbúning og vinnslu slíkra viðtala. Ekki má gleyma símtölum, viðtölum við kennara, foreldra og aðra sem er líka stór þáttur. Einnig eru ráðgjafar í margvíslegri undirbúningsvinnu t.d fyrir námskeið, fundi og annað sem óskað er eftir. Við teljum því að upplýsingar um fjölda viðtala gefi ekki rétta mynd af starfi náms- og starfsráðgjafa.

Önnur verkefni

Ýmis verkefni náms- og starfsráðgjafar eru einstök og tilfallandi og falla ekki undir ákveðinn kafla. Til dæmis eftirfarandi atriði. Náms- og starfsráðgjafar:

- lögðu metnað í að uppfæra og viðhalda framboði upplýsingabæklinga um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi, auk upplýsinga um starfsnám og sýnishornum af erlendum skólum.
- héldu úti facebook síðu fyrir náms- og starfsráðgjöf FSu þar sem sett voru vikulega eða oftár ýmis heilræði og ábendingar og einnig er hægt að senda skilaboð þar með beiðni um viðtal eða fyrirspurnir.
- aðstoðuðu og komu að innritun eldri nemenda og nýnema sem eru að koma úr grunnskóla gegnum menntagátt, bæði haust og vor meðan opið er fyrir umsóknir um skólavist.

- voru eins og áður milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka og talgerfla sem þeir eiga rétt á að fá frá Hljóðbókasafninu.
- voru í stundatöflubreytingum.
- breyta vali nemenda vegna niðurstöðu prófa bæði haust- og vorönn.
- komu að vinnu við Braga sem er nýtt utanumhald fyrir umsjón með nemendum fyrstu þrjár annir í skólanum.
- Agnes er í áfallateymi skólans fyrir hönd náms-og starfsráðgjafar.

Annað

Vegna niðurstöðu sjálfsmats í janúar svöruðum við bréfi frá sviðsstjórum varðandi tvö markmið skólans.

Markmið skólans eru m.a. að styðja við nemendur með greiningar og að styðja við nemendur sem hafa ítrekað fallið í áföngum. Þessi tvö markmið fengu slaka einkunn. Eruð þið með hugmynd um hvernig við getum unnið með þessa þætti?

Okkar tillaga til þess að styðja við nemendur með greiningar:

Dyslexíuráðgjafi sem nemendur með lestrargreiningar gætu leitað til. Viðkomandi gæti einnig séð um ráðgjöf og fræðslu til kennara um lestrarvanda nemenda.

Kennsluráðgjafi sem kennarar geta leitað til og fengið ráðgjöf vegna þeirra nemenda sem greindir eru með námsörðugleika. Þessi ráðgjafi gæti verið sama manneskjan og væri með dyslexíuráðgjöfina. Sérkennari sem hefur breiða þekkingu á greiningum nemenda og leiðum sem kennarar geta farið til þess að styðja við þennann nemendahóp sinn. Við teljum að menntunn framhaldsskólakennara hafi hingað til ekki boðið uppá fræðslu um nemendur með greinda námsvanda.

Fjölbreytt námsmat fyrir þennan nemendahóp, stuðningstímar, Grunnmenntabréf.

Okkar tillaga til að styðja nemendur sem falla ítrekað í áföngum:

Inna er með sjálfvirka stillingu á því að setja nemendur aftur í sama áfanga sem fallið er í. Með nýju kerfi gefst nemendum stundum færi á því að skrá sig í aðra áfanga á sama þrepi í sömu námsgrein. Leggjum til að valið þeirra verði skoðað í því ljósi. Mögulega þessi stilling tekin af í INNU.

Nemendur hafa verið skikkaðir til að fara til námsráðgjafa ef þeir hafa fallið ítrekað í áföngum. Spunging hvort slíkt utanumhald þurfi ekki að vera alltaf. Þá þyrfti að skoða hvaða nemendur þetta eru í byrjun hvernar annar.

Umræður og lokaorð

Aðstaða náms- og starfsráðgjafa er til fyrirmyndar en þar sem þrír námsráðgjafar eru starfandi er mikilvægt að bæta einni skrifstofu við. Það eykur enn líkurnar á því að námsráðgjafar geti nýtt tímann sinn eins og best verður á kosið. Í umræðunni hefur verið að bæta aðstöðu ráðgjafa á annari hæð, þar sem hægt væri að gera ráð fyrir fundaraðstöðu. Slíkt breyting myndi bæta stórum möguleika í starfi ráðgjafa, hópráðgjöf og próftöku á skólatíma. Það hefur reglulega hent að námsráðgjafar þurfa að vera á þeytingi að leita að lausum stofum til að geta komið til móts við nemendur varðandi próftöku og skyndiviðtöl sem geta ekki beðið. Í ljósi þess að Hamar er nú fullbúinn er það von okkar að hægt verði að fara í þessar framkvæmdir sem fyrst. Í lok skólaárs tilkynnti skólameistari okkur að líkur væru á að hægt verði að fara í framkvæmdir með bætta aðstöðu í huga á næsta skólaári. Við fögnum því.

Umræða um skólareglur og opin vottorð fór reglulega af stað hér innan skólans, eins og svo oft áður. Náms- og starfsráðgjafar sendu póst á starfsfólk þar sem ítrekað var að nemendur með opin vottorð hlýða skólareglum líkt og aðrir nemendur. Ef að nemendur með opin vottorð tilkynna ekki veikindi, skuli kennarar skrá þá út úr áföngum þegar þeir fara yfir fjarvistahámarkið líkt og aðra nemendur. Margir nemendur, bæði með opin vottorð og ekki voru komnir með mjög margar fjarvistir á önninni, en voru þó ekki skráðir úr áföngum. Þetta finnst okkur benda til að tími sé kominn til að endurskoða mætingarreglur, með það fyrir augum að einfalda þær, minnka pappírsflóð og að farið verði eftir reglunum. Jafnvel bar á

Því að nemendur skiluðu læknisvottorði vegna fjarvista frá skóla, sem viðkomu veikindum ekki beint.

Fækkun nemenda innan skólans virðist valda töluverðum áhyggjum, en bæði er um fækkun vegna lítilla árganga, en einnig vegna styttingar náms. Ljóst er að við þurfum á sem flestum nemendum héðan af svæðinu að halda. Því er mikilvægt að halda vel á spöðunum varðandi kynningarmál. Leggja þarf vinnu í viðburði eins og Opið hús og þurfa allir starfsmenn skólans að vera samstíga í þeim verkefnum. Dagsetningar verða að vera ákveðnar með góðum fyrirvara, viðburðir þurfa að vera vel auglýstir innanhúss sem utan. Á Opnu húsi í vor voru margir nemendur sem sýndu bóklegum greinum áhuga og því teljum við að bóknámskennarar þurfi einnig að vera sýnilegir til þess að kynna námsbrautir og áfanga skólans. Þátttaka í stóru framhaldsskólakynningunni getur einnig skipt máli og teljum við afar mikilvægt að FSu taki þátt í þeirri kynningu, vegna þess að allir grunnskólar af svæðinu sækja þangað.

Náms-og starfsráðgjafar halda utan um greiningar nemenda. Frá síðasta skólaári hefur verið mikil fækkun á greiningarlista, úr u.þ.b 200 nemendum yfir í u.þ.b. 150 á haustönn og 100 á vorönn. Þessi breyting virðist vera í takt við fækkun nemenda í skólanum. Margt bendir til að nauðsynlegt sé að búa betur að þessum nemendahópi, s.s. niðurstöður úr könnun um líðan og námsumhverfi nemenda í FSu en þar kemur fram að námsörðugleikar skora hátt sem áhættuþáttur varðandi brotthvarf.

Við teljum mikilvægt að koma þurfi á stuðningsúrræði fyrir nemendur skólans. Við höfum skoðað hvað aðrir framhaldsskólar bjóða uppá í þeim efnum. Flestir framhaldsskólar eru með eitthvað úrræði til þess að styðja við nemendur í námi. Mikilvægt er að koma á kerfi hér í FSu sem snýr að stuðningi við nemendur. Það sem við myndum vilja sjá er einhversskonar námsver þar sem nemendur geta mætt og fengið aðstoð við heimanám frá kennurum og einnig úrræði í formi jafningjafræðslu.

Í haust fór af stað nýtt verkefni eftir styrkveitingu frá Menntamálaráðuneytinu sem miðar að því að draga úr brotthvarfi frá námi. Skólinn fékk styrk til að efla Grunnmenntabréf, sem er það námstilboð sem stendur nemendum til boða sem ekki ná markmiðum grunnskólans. Verkefnið er þarft því ekki hefur verið haldið sérstaklega utan um þennan nemendahóp hér í

FSu, líkt og gert er víða í öðrum skólum sem bjóða upp á nám fyrir þennan nemendahóp. Það vakti athygli að af þeim nemendum sem hæst skorðu á brotthvarfsskimun voru ríflega þriðjungur nemendur á Grunnmenntabré, um það bil helmingur ef með eru taldir allir þeir nemendur sem hefðu í raun átt að fara inn á Grunnmenntabré (líka þeir sem fengu leyfi til að innritast á starfsnámsbrautir). Þetta rennir stóðum undir þá tilgátu að stór hluti þeirra nemenda sem eru í mestri brotthvarfshættu hér við FSu standa veikt gagnvart bóklegum greinum og að með auknum stuðningi á Grunnmenntabré sé betur hægt að halda utan um þann hóp og styrkja. Þó ber að hafa í huga að ekki allir nemendur sem mælast hátt á brotthvarfsskimun falla undir þessi skilmerki og mikilvægt er að finna leiðir sem gagnast öllum nemendum, með það að marki að draga úr brotthvarfi.

Til þess að styðja við nemendur með námserfiðleika teljum við mikilvægt að sérfræðingur á sviði sérkennslu hafi þennan málaflokk undir sinni umsjá. Nemendur eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þeim ber, af þar til hæfum sérfræðingi. Sumir skólar hafa t.d. sérstakan dyslexíu ráðgjafa sem nemendur með lestrarerfiðleika geta leitað til. Einnig teljum við að í ljósi þessa stóra nemendahóps sem hér um ræðir, sé nauðsynlegt að kennarar hafi aðgang að þar til hæfum sérfræðingi til skrafs og ráðagerða um þjónustu við ólíka nemendahópa.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku er hópur sem ekki hefur verið nægilega sinnt. Með tilkomu nýrra nemenda frá Sýrlandi verður staða þessa nemendahóps vonandi skoðuð betur á næsta skólaári. Tungumálaörðugleikar nemenda með annað móðurmál en íslensku geta valdið því að þeir eiga í erfiðleikum með að standast námskröfur og ljúka skilgreindum námsbrautum. Þessi nemendahópur þarf fjölbreyttari námstilboð og meiri stuðning í námi. Nauðsynlegt er að þessi hópur fái markvissari umsjón í skólanum. Á síðasta skólaári voru móttökuvíðtöl fyrir þennan nemendahóp sett í ágúst til að auka líkur á að þessir nemendur skiluðu sér í skólann. Það var ekki raunin þar sem aðeins einn af þremur nemendum hófu nám. Við veltum fyrir okkur hvaða leið er hægt að fara til ná til þessa hóps. Kostnaður við víðtöl með túlki er mikill og þessi víðtöl virðast ekki skila sér í að nemendurnir komi í skólann. Hugsanlega væri rétt að hafa þessi víðtöl þegar nemendur eru byrjaðir í skólanum.

Í draumaskólanum okkar er framsýn og leiðandi stuðningsþjónusta sem inniheldur náms-og starfsráðgjafa, kennsluráðgjafa(sérkennari fyrir nemendur og kennara), sálfræðing, fjölmenningarfulltrúa, skólahjúkrunarfræðing og félags-og forvarnarfulltrúa. Með þannig

þjónustu væri komið til móts við náms, líkams-, félags-og tilfinningarlegar þarfir nemenda. Nemendur hefðu jafnari tækifæri til náms.

Við viljum nota tækifærið og þakka samstarfsfólki fyrir samstarfið á skólaárinu

Agnes, Anna Fríða og Bjarney

3.6 Grunnmenntabré

Staða verkefnis og námsframvinda nemenda að lokinni vorönn 2017

Alls 22 nemendur héldu áfram námi á Grunnmenntabré (GRB) á vorönn 2017. Átta nemendur fengu boð um koma inn á GRB um áramót og einn nemandi bættist við á miðri önn. Af þeim sem komu inn um áramót voru tveir sem þáðu ekki boðið (eldri en 18 ára). Fjórir nemendur hættu námi snemma á önninni, þrír vegna veikinda og einn vegna flutninga (sjá nánar í töflu 1).

Í upphafi annar voru 31 nemendur á grunnmenntabré. 10 stúlkur og 21 drengir. Nemendur fóru í síðari skylduáfangann á brautinni (NÁST1GB05). Áfanginn skiptist í tvennt, 2x í viku var kennsla í starfsfræðslu og 2x í viku heimanámsaðstoð. Bjarney sá um kennslu í starfsfræðslu. Jóhanna og Bjarney sáu um heimanámstímana. Einnig voru nemendur í kjarnagreinum, þar sem áhersla var lögð á að þeir myndu klára a.m.k fornámið í íslensku og stærðfræði. Nemendur voru einnig í Braga, flestir voru í íþróttum og Ergó. Þá voru nemendur í 1-2 valáföngum, margir í verklegum valáföngum.

Nemendur héldu sínum umsjónarhópi en nýir nemendur skiptust á milli Bjarneyjar og Jóhönnu: Bjarney með 16 nemendur og Jóhanna með 15. Umsjónaraðilar funduðu einstaklingslega með forráðamönnum og nemendum sem gekk námslega illa á haustönninni. Umsjónaraðilar fylgdust áfram vikulega með mætingum nemenda og fengu forráðamenn sendan tölvupóst í hverri viku með nýjustu upplýsingum. Ef mætingar voru óásættanlegar var haft samband við forráðamenn símleiðis og leitað skýringa á stöðunni. Þegar miðannarmat lá fyrir þann 3. mars sl. boðuðu umsjónaraðilar aftur til samráðsfundar við þá nemendur, sem fengu einkunnina E (óviðunandi) í einni eða fleiri námsgrein.

Þegar vorönn 2017 hófst voru 31 nemendur skráðir á grunnmenntabré. Fjórir nemendur hættu námi á fyrstu vikum annarinnar og gáfu náminu á GRB ekki tækifæri. Sjá ástæður brotthvarfs í töflu 1. Heildareiningafjöldi þeirra 27 nemenda sem stunduðu nám á GRB voru alls 784. Í lok annar höfðu nemendur staðist 601 einingu eða rúm 76%. 20 nemendur luku námi á grunnmenntabré á önninni, það er þau luku fornámi í íslensku og stærðfræði. Sjö nemendur náðu ekki að ljúka fornámi í íslensku og/eða stærðfræði, sumir þeirra þurfa meiri stuðning í þessum kjarnagreinum og fara í S hóp á næstu önn. Tæp 30% nemenda (8 af 27) náðu öllum þeim einingum sem þeir voru skráðir í. 55% nemenda (15 af 27) náðu öllu, eða öllu nema einum áfanga. Til samanburðar má geta þess að á haustönn 2016 voru alls 27 nemendur á grunnmenntabré. Þá náðu 42% nemenda öllum einingum sínum (10 af 24 nemendum) og 67% nemenda náði öllu, eða öllu nema einum áfanga (16 af 24 nemendum). Heildartala staðinna eininga á GRB haustið 2016 var 78%.

Tafla 1:

Ástæður brotthvarfs	Kyn		Fæðingarár		Móðurmál
	Karl	Kona	2000	Eldri	Íslenska
Fór að vinna					
Fannst námið tilgangslaust/áhugaleysi					
Andleg veikindi	1	2	3		3
Flutningur		1		1	1
Samtals	1	3	3	1	4

Mat á árangri

Til að fá fram raddir nemenda á GRB á námsúrræðinu, líðan, sjálfsmynd og samstarfi við forráðamenn sömdu umsjónaraðilar stutta rafræna könnun. Könnunin var órekjanleg. Nemendur tóku könnunina í vorannarlök í heimanámstíma í byrjun maí. Könnunin er

mikilvægur liður í þróunarverkefninu og hjálpar umsjónaraðilum að meta það starf sem unnið hefur verið auk þess sem niðurstöðurnar nýtast vel við áframhaldandi þróun GRB.

Í lok vorannar stunduðu 27 nemendur nám á Grunnmenntabré og af þeim svöruðu 25 nemendur könnuninni eða rúm 92%.

Helstu niðurstöður könnunarinnar voru:

- 41,6% nemenda voru ánægðir eða mjög ánægðir með veru sína á GRB, 29,2% voru hlutlausir en 29,2% voru frekar eða mjög óánægðir.
- 60% töldu að námið á grunnmenntabré hefði styrkt þá sem námsmenn, 24% voru hlutlausir en 16% töldu að námið hefði ekki styrkt þá.
- 62,5% sögðu að líðan sín hefði batnað eftir að þau byrjuðu á grunnmenntabré, 20,8% voru hlutlausir en 16,7% töldu að líðan sín hefði versnað.
- 54,2% nemenda töldu að sjálfsmynd sín hefði styrkst eftir upphaf náms á GRB en 45,8% nemenda töldu að sjálfsmynd þeirra væri óbreytt.
- 80% nemenda fannst heimanámstímarnir vera gagnlegir eða mjög gagnlegir.
- 56% fannst starfsfræðslutímarnir vera gagnlegir.
- 52% fannst samstarf skólans við forráðamenn vera gagnlegt, frekar gagnlegt eða mjög gagnlegt.
- 68% nemenda töldu umsjónaraðila sinn á GRB hafa reynst hjálpsamur.
- 62,5% nemenda leist vel á að hætta í heimanámstímum.
- Aðspurðir sögðust 34,8% nemenda ætla á starfsnámsbraut í FSu að lokinni grunnmenntabré, 21,7 ætlaði á stúdentsbraut í FSu en 17,4% ætluðu að skipta um skóla.

Umræða

Námsárangur nemenda á GRB var svipaður og á haustönninni. Athygli vekur að námsárangur nemenda á GRB er í samræmi við heildarnámsárangur skólans, þ.e. þegar litið er til hlutfalls staðinna eininga í lok annar.

Þegar rafrænu kannanirnar í lok haust- og vorannar voru bornar saman kemur fram að ánægja nemenda með námsúrræðið grunnmenntabré hefur dvínað. Sú niðurstaða var í

Samræmi við upplifun umsjónaraðila í heimanámstímum en nemendur virtust almennt eiga erfitt með að koma sér í vinnugírinn á vorönn. Flestir áttu bæði góða og slæma daga. Sumir unnu þó jafnt og þétt alla önnina en aðrir náðu sér á strik þegar líða tók á seinni hluta vorannar. Hlutfall nemenda sem voru ánægð á GRB fer úr 85% niður í tæp 42%. Hlutfall þeirra sem telja að námið á GRB hafi styrkt þá sem námsmenn fór úr 85% niður í 60%. 90% nemenda fannst námstæknitímarnir á haustönn gagnlegir á meðan 56% nemenda fannst starfsfræðslutímanir vera gagnlegir. Á haustönn fannst 85% nemenda samstarf skólans við forráðamenn gagnlegt en hlutfallið var komið niður í 52% á vorönn. Þá fækkaði líka í hópi þeirra nemenda sem töldu umsjónaraðila sinn á GRB hafa reynst hjálpsamur, en það fór úr 90% niður í 68%. Líðan, styrking sjálfsmýndar og ánægja með heimanámstímana var einnig á niðurleið. Umsjónaraðilar hafa ekki ákveðnar skýringar á dvínandi ánægju nemenda. Reyndar virtust sumir nemendur sinna náminu það vel utan heimanámstímanna að þeir voru verkefnalausir í tímum. Þá gengu umsjónaraðilar harðar að nemendum. Það er ef nemendur sögðust ekki hafa heimanám þá létu umsjónaraðilar nemendur sýna sér námsstöðu sína á Moodle kennsluvefnum og mátti þá oftast en ekki finna óunnin heimaverkefni. Umsjónaraðilar voru sammála um að heimanámstímarnir hafi gefið nemendum ákveðið öryggi við upphaf náms í framhaldsskóla.

Samstarf umsjónaraðila við forráðamenn reyndist áfram mjög gott. Eins var samstarfið við kennara gott, þó breytilegt væri á milli kennara í hversu miklu sambandi þeir voru. Allir kennarar sem umsjónaraðilar leituðu til vegna einstakra nemenda reyndust mjög vel. Umsjónaraðilar töldu ekki þörf á samráðsfundi við kennara á vorönn 2017.

Umsjónaraðilar voru í heildina mjög ánægðir með framgang GRB á vorönn. Þeir sjá ekki ástæðu til að breyta þeim grunni sem hefur verið mótaður innan skólans fyrir þennan viðkvæma nýnemahóp innan framhaldsskólans. Til að koma enn betur til móts við þennan nemendahóp væri æskilegt að bjóða upp á sálfræðiþjónustu innan skólans sem ynni að eflingu ungmennanna með forráðamönnum. Flestir nemendur sem hættu námi, á bæði haust- og vorönn, gerðu það vegna andlegra veikinda. Þá er einnig æskilegt að skólinn fjárfesti í nokkrum velvirkum fartölvum.

Nemendur sem náðu ekki að ljúka GRB á einu skólaári eiga það sammerkt að glíma við töluverða námserfiðleika eða voru í námi með hálfum hug (virðast hafa góða námsgetu en hefur skort námsáhuga um langt skeið). Rúm 62% nemenda voru ánægðir með að hætta í

heimanámstímum. Umsjónaraðilar vona að þeir séu nú tilbúnir til þess að bera ábyrgð á eigin námi. Tæp 40% virtust ekki tilbúnir að hætta í heimanámstímum en að mati umsjónaraðila væri afar mikilvægt að skólinn byði upp á opnið námsver fyrir alla nemendur skólans til að styðja við þá sem þurfa meiri kennslu.

Umsjónaraðilar töldu það styrk brautarinnar að þeir hafi ólíka menntun og bakgrunn innan framhaldsskólans. Eins var það styrkur að hafa tvo í brautarstjórn til að ræða það sem upp kom og rýna saman í hvernig hægt væri að bæta námsúrræðið. Umsjónaraðilar voru sammála um að eitt ár á GRB sé góður aðlögunartími fyrir viðkvæman nýnemahóp innan framhaldsskólans. Þeir telja að hafi nemendur sýnt áhuga og vinnusemi þá séu þeir færir um að halda áfram án sérstakrar umsjónar. Umsjónaraðilar telja að nemendur og forráðamenn hafi kynnst þeim það vel að þeir séu óhræddir við að leita til þeirra eftir að námi á GRB lýkur. Þá er styrkur að það sé námsráðgjafi og sérkennari sem þeir geta leitað til.

Umsjónaraðilar birtu grein um GRB í Dagskránni (fréttablað sem berst í hvert hús á Suðurlandi) í mars og telja að með henni hafi þeim tekist að kynna námsúrræðið fyrir kennurum, skólaþjónustu og forráðamönnum á upptökusvæði skólans.

Selfossi, 26. maí 2017

Bjarney Sif Ægisdóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir

3.7 Kerfisstjóri og tölvuþjónusta

Skýrsla kerfisstjóra FSu skólaárið 2016-2017

Endurmenntun

Undirritaður fór á UT-messuna að venju.

Framtíðarsýn

Framtíðarsýn er sú að gera tölvukerfið öruggara og skilvirkara. Því má ná með ýmsu móti, svo sem að úthýsa þjónustum og gera meiri kröfur til afritunar og meðhöndlunar gagna.

Heimasíðu skólans var t.d. úthýst á síðasta skólaári.

Fundir

Fundað var reglulega um tölvumálin eins og gert hefur verið allar götur frá 1999. Að þessu sinni voru fundirnir hálfsmánaðarlega. Þar er farið yfir mál sem snerta rekstur tölvukerfisins.

Innu samkeyrsla, forrit og skólalykilorð

Síðan árið 2008 hafa verið í notkun í FSu forrit sem notuð eru til að samstillast Fsú kerfin við Innu. Þau verða notuð áfram. Skólalykilorðin verða aflögð frá og með haustönn 2017 af öryggisástæðum og af því að ekkert bendir til annars en að áfram verði hægt verði að sækja lykilorð til Innu, sem og að ekkert bendir til að sérstakir vinnu-íslyklar verði gefnir út. Þessi mál voru óljós um tíma og því voru skólalykilorðin tekin upp.

Leyfamál og hugbúnaður

Microsoft leigusamningur var endurnýjaður til þriggja ára í apríl 2017 og þurfti í þetta skiptið að greiða fyrir afnot 67 starfsmanna af Microsoft búnaði. Office365 og OneDrive er hluti af leigusamningnum sem þýðir að allir nemendur fá aðgang að þessum búnaði endurgjaldslaust. Í þetta sinn var unnið innan samnings sem gerður var til þriggja ára með verðtryggingu frá Microsoft. Það má þó breyta magntölum samningsins á árs fresti á meðan hann varir.

Matráðskerfið

Matráðskerfið er í notkun og gengur í heildina litið þokkalega þrátt fyrir að rekstur þess hafi orðið fyrir áfalli á skólaárinu. Notendum fer hægt fjölgandi.

Moodle kerfið

Moodle kerfið varð fyrir áfalli á prófatímanum í vor vegna þess að vifta fór í HP Proliant netþjóninum. Þjónusta kerfisins rofnaði og komst ekki í lag fyrr en búið var að sérpanta viftu í þjóninn erlendis frá. Í kjölfar þessa atviks voru Lenovo þjónarnir (8 og 9 hér neðar) keyptir og unnið er að því að koma upp öruggari afritun. Á fundi með starfsfólki í maí mátti ráða að of snemmt væri að færa kennslukerfið yfir til skólalausna Innu.

Netkerfi

Talsverðar breytingar hafa orðið á netkerfinu frá í fyrra því nú hefur Hamar verið stækkaður. Þar eru nú tveir öflugir svissar samtengdir með ljósleiðara og nokkrir þráðlausir sendar, sem og símar tengdir inn á netið, einnig ný tölvustofa.

Cisco Meraki eldveggurinn gegnir mikilvægu hlutverki í netumsjón skólans og sparar vinnu því hann auðkennir notendur út á netið og fær sína auðkenningu frá staðarnetsþjónunum tveimur sem keyra AD gagnagrunna, AD01 og AD02. Í honum er hægt að stjórna notendum sem eru afkastamiklir í niðurhali og þannig fá betri nýtingu úr þeirri bandvidd sem skólanum stendur til boða sem í nokkur ár hefur verið 100 mbits./sek, en var aukin á skólaárinu í 300 mbits/sek.

Eftir stækkunina komu enn kvartanir vegna hæðagangs á þráðlausa netinu. Við því hefur verið reynt að bregðast með því að fjölga sendum. En líkast til þarf að kaupa enn öflugri gerðir af sendum því álagið eykst og hugsanlega koma víruðu neti fyrir. En staða víraðra netlagna er enn sem fyrr afar bágborin í vesturhluta Odda.

Netþjónar

Netþjónar í tölvugeymslum FSu eru sem stendur 9. Þeir eru:

(1) HP rekkapjónn keyptur sumarið 2011. Þessi þjónn keyrir Hyper-V sýnarþjóna kerfi sem stendur undir tveim Microsoft sýndarþjónum AD01 og DS01. Þjónustusamningur var gerður um framhaldsábyrgð á þessum vélbúnaði. Þessi þjónn er núna í lðu. Hann verður tekinn úr notkun á þessu ári og AD01 og DS01 verður komið fyrir á nýjum Lenovo þjóni.

(2) Þjónn með FreeBSD kerfi sem keyrir Pfsense eldvegg sem er til vara og þjónar einnig sem VPN þjónn fyrir FSu netið. Þetta er IBM rekkapjónn keyptur haustið 2007. Nafn: fsu3.

(3) Dell PowerEdge R220 sem þjónar nú sem aðal Active Directory þjónn fyrir Microsoft kerfið, nefndur AD02..

(4) DELL PowerEdge R210 netþjónn í eigu Heimilis og mennta ehf. FSu hefur afnot af honum skv. samningi. Hann keyrir tvo sýndarþjóna; Centos kerfi sem ber heitið fsu2 sem vefur FSu var áður keyrður á. Hann keyrir einnig lítinn Ubuntu þjón, fsu8 sem er notaður til að senda út

gleymd lykilorð. Þessi þjónn verður tekinn úr notkun og fsu2 og fsu8 sömuleiðis teknir úr notkun á árinu 2017.

(5) HP Proliant DL 320e rekkapjónn sem keyptur var eftir brunann sumarið 2014. Hann hefur staðið undir keyrslu Moodle kerfisins síðan 10. október 2014. Vifta fór í þessum þjóni í maí lok á þessu ári (2017) og hann verður tekinn úr þungri notkun og mun vera til vara.

(6) IP myndapjónn (172.16.0.160). Eldri myndapjónn sem enn er notaður.

(7) IP myndapjónn (172.16.0.101). Þetta er myndapjónn sem var sérpantaður frá Tölvulistanum og settur upp síðla árs 2016 vegna Hamars og nýrra myndavélakerfa.

(8) Lenovo System X 3550 M5 nýr netþjónn. Mun leysa af hólmi HP rekkapjóninn (1).

(9) Lenovo System X 3550 M5 nýr netþjónn. Mun leysa af hólmi HP Proliant DL þjóninn (5) og keyra nýtt Moodle kerfi.

Auk þessara tölva er ein fartölva í tölvuklefanum í lðu sem notuð er til að birta skjásýningar á upplýsingaskjám og hin til afritunar og skráningu Matráðskorta.

Enn sem fyrr er reynt eins og hægt er að takmarka fjölda netþjóna til að spara rafmagn og minnka umsjón.

Símkerfi

Ný IP símstöð var keypt og sett upp sumarið 2014. Hún er af gerðinni Avaya IP Office R9.0. Nýjum símum var komið fyrir í Hamri og aukið við leyfajölda símstöðvarinnar.

Vefkerfi

Nýr vefur var tekinn í notkun á skólaárinu. Hann er hýstur hjá Stefnu hf.

Úrelding

Sú vinna hófst á skólaárinu að selja muni sem hættir eru að nýtast skólanum á bland.is. Þetta hefur gefið nokkuð góða raun og er frá umhverfissjónarmiðum líklega betra en að fara með allt í endurvinnslu.

Þráðlausir sendar

Flestir þráðlausir sendar eru nú af gerðinni Unifi og eru tiltölulega nýlegir. Enn eru örfáir eldri sendar í notkun af gerðinni D-link og Avaya. Þeim er smám saman skipt út.

Öryggishandbók og öryggisstefna

Öryggishandbókin er geymd á WordPad sniði á skjáborði staðarnetsþjónanna AD01 sem staðsettur er í Odda og AD02 sem staðsettur er í lðu. Starfsmenn eru minntir á að taka afrit af gögnum, uppfæra vírusvarnir og dulrita trúnaðarmál. Afrit er tekið af gagnasvæðum aðal Windows þjónsins, AD01 og af áföngum Moodle kerfisins og komið fyrir á flakkara. Afritin eru dulrituð. Verið er að athuga með að taka upp Veeam afritun Moodle kerfisins og þjónanna AD01 og DS01.

Ragnar Geir Brynjólfsson 7. júní 2017.

3.8 Prófstjóri

Skýrsla prófstjóra – 2016 haust og 2017 vor

2016 haust

Próftafla var samin af Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 5. desember til 13. desember. Undirbúningur fyrir prófin hófst í byrjun nóvember. Gögn fóru í stofurnar 4. desember. Lögð voru 825 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum í einstökum greinum var mestur í stærðfræði, 238 nemendur í þremur stokkum. Önnur fjölmennasta greinin var enska með 140 nemendur og svo spænska með 139 nemendur.

Að þessu sinni var gerð sú breyting að allir nemendur fengu aukinn próftíma, þ.e. ekki þurfti að sækja sérstaklega um lengri próftíma heldur gátu nú allir nemendur setið í 30 mínútur umfram uppgefinn próftíma.

8 próf voru lesin inn fyrir 16 nemendur. Hljóðskrárnar voru settar í tölvur, sem voru staðsettar í stofu 208. Fimm nemendur tóku próf á tölvu (eitt próf hver) og einn þeirra var einnig með hljóðskrá. Að

venju hafði Helgi Hermannsson yfirumsjón með þessum málum og var aðstoð hans ómetanleg. 40 nemendur tóku próf í fámenni (57 próf). Einn nemandi fór fram á stækkað letur (fjögur próf). Fjöldi óska um fámenni var heldur meiri en á haustönn 2015. Bæði stofur 208 og 207 voru notaðar fyrir séraðstæður. Mest var um séraðstæður í stærðfræði (20 nemendur) og ensku (20 nemendur). Tveir nemendur fóru fram á að taka prófin (í tveimur áföngum) í heimabyggð.

Magn yfirsetu hjá kennurum var reiknað út frá kennslumagni á önninni. Samkvæmt B hluta kjarasamnings kennara eru 10 klukkustundir á önn ætlaðar í yfirsetu í prófum annara. Flestir kennarar hefðu því átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir voru með mun færri yfirsetur.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig, – ekki var dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa, sem setti aukinn þrýsting á skipulagið. Kennarar áttu að skila prófum í skjalaskápin á skrifstofunni fyrir kl. 13:00, mánudaginn 12. des., daginn fyrir sjúkraprófsdag. Prófin voru komin þangað á réttum tíma. Þann 13. des. kl. 8:30 hófust sjúkraprófin. 45 nemendur tóku sjúkrapróf (47 próf). Flestir tóku eitt próf en tveir nemendur tóku tvö próf. Fimm nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu.

Kennarar dreifðu sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags eftir skipulagi prófstjóra. Stofumiðar voru líka settir í stofurnar daginn fyrir sjúkrapróf.

2017 vor

Eins og áður var próftaflan samin af Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 11. til 19. maí. Undirbúningur fyrir prófin hófst í byrjun apríl. Gögnin fóru í stofurnar miðvikudaginn 10. maí og prófin hófust kl. 8:30 fimmtudaginn 11. maí. Lögð voru 660 próf fyrir nemendur, sem töluvert færri próf en á vorönn 2016. Að vanda var fjöldi nemenda í prófum mestur í stærðfræði (210 nemendur í þremur stokkum) og í spænsku (128 nemendur í einum stokk).

Mánudaginn 15. maí varð bilun í Moodle þjóni skólans, sem varð til þess að Moodle lá niðri og komust nemendur ekki í gögn sem þar voru í prófaundirbúningnum. Var því ákveðið að fresta prófum í efnafræði og í líffæra- og lífeðlisfræði sem leggja átti fyrir daginn eftir um tvo daga.

11 próf voru lesin inn fyrir 19 nemendur. Að vanda voru hljóðskrárnar settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. Einn nemandi tók próf á tölvu. Aftur er Helga Hermannssyni þakkað fyrir ómetanlega aðstoð. Elínu Kristbjörgu Guðbrandsdóttur, forstöðumanni bókasafnsins er einnig sérstaklega þakkað fyrir ómetanlega aðstoð við að sjá til þess að kennarar lesi prófin inn á réttum tíma. 27 nemendur tóku prófin í fámenni, sem er talsverð fækkun frá síðustu vorönn. Stofur 208 og 207 voru notaðar fyrir séraðstæður.

Einn nemandi tók próf með stækkuðu letri og fjórir með lituðum blöðum. Mest var um séraðstæður í spænsku (8 nemendur), stærðfræði (7 nemendur) og í ensku (5 nemendur). Tveir nemendur tóku próf í heimabyggð að þessu sinni.

Sami máti var hafður á að ákvarða fjölda yfirseta hjá kennurum og áður. Samkvæmt því hefðu flestir kennarar átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir voru með 1-2 yfirsetur.

Sjúkraprófin gengu vel. Rétt eintök prófa áttu að vera komin í skjalaskápinn á skrifstofunni fyrir kl. 15:00, fimmtudaginn 18. maí. Prófin voru öll komin í réttar stofur á réttum tíma. 30 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf, en tveir nemendur tóku tvö. Nauðsynlegt reyndist að hafa sjúkrapróf í stofu 208 (séraðstæður – fámenni/tölva). 10 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Nemendur, sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma, tóku þau hvort á eftir öðru.

Selfossi, 7. júní 2017

Sigursveinn Már Sigurðsson

3.9 Sjálfsmat

Inngangur

Fjölbrautaskóli Suðurlands var stofnaður árið 1981 og hefur því verið starfandi í 36 ár á haustdögum 2017. Á heimasíðu skólans kemur fram sýn hans, en hún byggir á því að leggja áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Að sama skapi segir að skólinn stefni að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf. Nemendum hefur farið fækkandi við skólann eftir að ákveðið var að stytta nám til stúdentsprófs og hefur fjöldi þeirra farið úr rúmlega 1000 í rúmlega 700 á nokkrum árum.

Hlutverk skólans er að búa nemendur undir frekara nám, að bjóða upp á fjölbreytt starfsnám í góðum tengslum við atvinnulífið og að búa nemendur undir daglegt líf í lýðræðisþjóðfélagi.

Markmið skólans eru fjölpætt og snúa þau að námi og kennslu, mennsku og starfsumhverfi. Möguleiki er að lesa nánar um markmið skólans á heimasíðunni, <https://www.fsu.is/is/um-skolann/stefnur/markmid>

Á fyrsta fundi sjálfsmatshópsins á haustönn 2016 var skipulag ársins yfirfarið og ákveðið að meta markmið skólans varðandi nám og kennslu á haustönn. Farið var í mat á nýju markmiðum okkar sem endurskoðuð voru af starfsmönnum FSu á vorönn 2016. Stuðst var við matskerfið sem við höfum notað undanfarin ár þ.e. „how good is our school“. Á þessum fundi var einnig ákveðið að taka þátt í Skólapúlsinum og leggja hann fyrir nemendur skólans á haustönn. Skipulag vorannar byggði á því að meta mennskuna og leggja fyrir mat á gæðum náms og kennslu (GNOK) í öllum kenndum áföngum á önninni. Þegar búið var að ákveða hvað þyrfti að skoða kom að vinnu hópsins við skipulagningu og úrvinnslu. Allt var vel skipulagt og lögð áhersla á að ná



til sem flestra og fá sem réttasta niðurstöðu. Mikil vinna fór í að fá nemendur til að svara Skólapúlsinum sem og að fá þau til að svara könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK). Að loknum vinnufundum var lögð áhersla á að meta niðurstöður og vinna aðgerðaáætlun í framhaldinu.

Markmið og tilgangur matsins



Sjálfsmatsnefnd hefur stjórnað innra mati skólans. Í nefndinni sátu Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir, Sigursveinn Már Sigurðsson og Þórarinn Ingólfsson. Nefndin var með fasta tíma einu sinni í viku þar sem farið var yfir það sem var framundan í tengslum við matið og einnig var unnið úr gögnum sem komu inn á borð nefndarinnar. Markmið sjálfsmatsins er að gera gott skólastarf enn betra. Sjálfsmatshópurinn

hefur lagt áherslu á að reyna að virkja sem flesta til matsins og að fylgja því sem segir í lögum um framhaldsskóla um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“ Varðandi Skólapúlsinn höfum við tekið niðurstöður hans og skoðað okkur í samanburði við aðra framhaldsskóla. Við höfum í flestum tilfellum fylgt niðurstöðum annarra skóla og ekki hefur verið mikill munur á milli skóla.

Skólapúlsinn var lagður fyrir núna í fjórða sinn. Könnunin var lögð fyrir í nóvember 2016 og voru teknir út 160 nemendur sem óskað var eftir að svöruðu könnuninni. Alls var fjöldi svarenda 144 eða 90% þannig að niðurstöður ættu að vera mjög marktækar. Í Skólapúlsinum eru nemendur spurðir út í marga þætti sem tengjast skólanum. Markmið

okkar með þátttöku í könnuninni er að sjá hvar við getum bætt okkur. Matsspurningar eru margar en flokkarnir eru:

1. Námsumhverfi

- 1.1. Viðhorf og hollusta gagnvart skólanum
- 1.2. Samsömun við nemendahópinn
- 1.3. Stuðningur kennara við nemendur
- 1.4. Virk þátttaka nemenda í tímum
- 1.5. Tíðni leiðsagnarmats (endurgjöf til nemenda)
- 1.6. Hvatning til ígrundunar (vitsmunaleg örvun)

2. Virkni í námi

- 2.1. Námsáhugi
- 2.2. Vinnulag í námi
- 2.3. Fjarvera: Seinkomur í tíma
- 2.4. Fjarvera: Skróp í tíma
- 2.5. Fjarvera án leyfis heilan dag
- 2.6. Ástæður fyrir fjarveru

3. Líðan

- 3.1. Vellíðan
- 3.2. Hamingja
- 3.3. Sjálfsálit
- 3.4. Stjórn á eigin lífi
- 3.5. Þunglyndi
- 3.6. Kvíði
- 3.7. Svefnleysi
- 3.8. Ástæður svefnleysis
- 3.9. Einelti
- 3.10. Áreitni og ofbeldi

4. Opin svör

- 4.1. Mat á líðan
- 4.2. Kennslumat
- 4.3. Lýstu því hvað þér þykir gott við skólann þinn
- 4.4. Lýstu því hvað þér þykir slæmt við skólann þinn

Aðferðir og framkvæmd matsins

Aðferðir sem notaðar voru við framkvæmd sjálfsmatsins voru aðallega tvenns konar. Annars vegar var notast við spurningalista og hins vegar sjálfsmatskerfið „How good is our school“. Spurningalistar tengdust bæði Skólapúlsinum og könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK). Þegar við höfum verið að meta markmið okkar höfum við

notað „How good is our school“ en það kerfi byggir á því að hópar fá ákveðnar fullyrðingar til þess að meta og gefa þeim einkunnir.



Hér að neðan má sjá í hverju starf sjálfsmatsnefndar fólst á síðasta skólaári.

Vinna sjálfsmatshóps í september fólst í því að undirbúa fund með kennurum þar sem nám og kennsla voru metin. Fundurinn var þriðjudaginn 27. september. Eftir 27. september var unnið úr niðurstöðum matsfundarins og var gerð

aðgerðaáætlun að loknum fundinum. Í nóvember var unnið að skjölum sem komu frá ráðuneyti (stefnumótunarskjöl tengd fjárreiðum ríkisins). Markmið skólans voru skoðuð í tengslum við þessi skjöl. Skólapúlsinn var lagður fyrir í nóvember eins og áður hefur komið fram. Í upphafi vorannar var farið yfir Skólapúlsinn og ákveðið að skoða hvort það væru einhverjir þættir sem þyrfti að skoða sérstaklega. Þegar farið var yfir niðurstöðurnar var ekkert sem kallaði sérstaklega á úrbætur þó svo að það sé ýmislegt sem megi betur fara. Niðurstöður voru vistaðar á H-drifi kennurum til upplýsingar. Í janúar var kennarafundur undirbúinn þar sem meta átti mennskuna. Nokkrir nemendur mættu á fundinn sem haldinn var 31. janúar og tóku þátt í matsferlinu. Eftir fundinn í janúar voru niðurstöður skoðaðar og unnið að aðgerðaáætlun. Niðurstöður voru sendar út á einstaka aðila (náms- og starfsráðgjafa, SKOH hópinn og fleiri). Í mars var unnið að verklagsreglum vegna kennslumats/áfangamats í FSu. Verklagsreglurnar voru birtar á heimasíðu skólans. Eftir þetta var unnið að undirbúningi GNOK könnunar og kom Helgi Hermannsson að þeirri vinnu með sjálfsmatshópnum. GNOK var lagt fyrir í byrjun apríl og var könnunin opin til loka apríl. Í apríl var unnið að endurskoðun sjálfsmats og gerð áætlun til tveggja ára. Einnig var unnið að samantekt vegna sjálfsmatsins. Niðurstöður GNOK könnunar voru sendar til kennara í maí.

Niðurstöður matsins

Helstu niðurstöður innra matsins voru að staða skólans sé nokkuð góð og almennt voru niðurstöður góðar. Auðvitað er alltaf eitthvað sem má betur fara og var brugðist við því með því að senda óskir um breytingar til ákveðinna hópa þar sem það átti við. Ekki voru allir jafn ánægðir með kennara sína í GNOK könnuninni og voru kennarar beðnir

um að skoða niðurstöður sínar og bregðast við þeim. Kennurum var einnig bent á að tala við samkennara til þess að ræða sín mál. Skólapúlsinn kemur nánast eins út ár eftir ár og eru breytingar mjög litlar á milli ára. Sjálfsmatshópurinn fór í ákveðið átak síðastliðið vor vegna niðurstaðna úr Skólapúlsinum en það átak skilaði ekki miklu miðað við niðurstöður úr síðustu könnun. Í síðustu sjálfsmatsskýrslu kom eftirfarandi fram „*Unnið hefur verið með ákveðna þætti úr Skólapúlsinum sem við töldum ástæðu til að reyna að bæta og verður fróðlegt að sjá hvort það hafi áhrif á niðurstöður í næsta Skólapúlsi.*“ Þegar þessi atriði voru metin aftur í Skólapúlsinum kom í ljós að aðgerðaáætlun okkar hafði haft örlítill jákvæð áhrif í þá veru að nemendur upplifðu að kennarar hefðu meira samband við þá hvern og einn heldur en áður hafði verið. Hægt er að gleðjast þegar aðgerðir hafa þessi jákvæðu áhrif. Vinna sjálfsmatshópsins var mikil í tengslum við þetta átak og skilaði það of litlu miðað við vinnuna. Það er eins og áður ákveðið vandamál að koma upplýsingum til starfsmanna. Þó reyndar hafi verið nýjar leiðir virtist það ekki hafa haft tilætlaðan árangur.

Samantekt og ábendingar

Innra matið hefur nú verið með svipuðu sniði hjá okkur síðustu ár. Almennt má segja að fólk sé ánægt með kerfið sem stuðst er við (how good is our school) og þá sérstaklega vegna þess að þar þurfa menn að ræða málin og komast að niðurstöðu um jákvæð og neikvæð atriði. Sjálfsmatshópurinn fær í hendur mikið af upplýsingum og mismunandi sýn einstaklinga á ákveðin atriði í starfsemi skólans. Oft koma fram góðar ábendingar sem unnið er úr og reynt að framkvæma. Leggja þarf meiri áherslu á að bæta aðgerðaáætlanir, hafa þær markvissari og fylgja þeim betur eftir. Skólapúlsinn er stórt spurningamerki. Núna eru aðeins fimm framhaldsskólar þátttakendur og því gefur könnunin vísbendingar en það þyrftu að vera fleiri þátttakendur til þess að samanburður yrði betri. Niðurstöður Skólapúlsins hafa alltaf verið mjög svipaðar í öll þau skipti sem FSu hefur tekið þátt og breytingar eru litlar á milli ára. Sjálfsmatshópurinn ræddi mikilvægi Skólapúlsins og varð niðurstaðan að spurning er um áframhaldandi þátttöku á næsta skólaári. Könnun á gæðum náms og kennslu gekk nokkuð vel þó æskilegt hefði verið að hafa herra svarhlutfall. Könnunin var lögð fyrir í kennsluumhverfi Moodle og því hefðu allir nemendur átt að geta svarað á tiltölulega einfaldan hátt. Augljóst er að kennarar geta lært margt á þeim niðurstöðum sem þeir fengu ef þeir eru tilbúnir til að skoða niðurstöðurnar með huga umbótamannsins.

Umbótaáætlun

Fyrst er til þess að taka að umbætur í skólastarfi verða ekki til öðruvísi en allir leggist á árarinnar í einu. Margt kemur fram við innra mat sem betur má fara. Mikilvægt er að

sníða sér stakk eftir vexti og einbeita sér að fáum mikilvægum atriðum í einu frekar en taka mörg atriði og missa þar af leiðandi sýnina. Það sem við sjáum fyrir okkur að þurfi að bæta eru ákveðnir þættir sem koma fram hjá einstökum kennurum og vonum við að kennarar sjálfir stjórni því. Einnig sjáum við fyrir okkur að unnið verði með þau atriði sem betur máttu fara í tengslum við húsnaði okkar og kennslu í því. Nú þegar hefur verið brugðist við mörgum þáttum með því að byggja glæsilegt verknámshús þar sem öll aðstaða til kennslu er til fyrirmyndar. Kennslan ætti því að vera auðveldari þar sem nú verður allur tækjabúnaður og vinnuaðstaða eins og best verður á kosið.

Hvað hefur verið gert frá vorönn 2012 og hvað er framundan.

✚ V 2012

- Náms og kennsla (GNOK) – unnið.

✚ H 2012

- Mennska – unnið. Lögð fyrir könnun um líðan nemenda.

✚ V 2013

- Starfsumhverfi – þessi liður var ekki skoðaður vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við verknámshúsið Hamar og breytinga í tengslum við það.
- Heimasíða skólans var metin.
- Lögð fyrir könnun tengd heilsueflandi skóla.

✚ H 2013

- Tengsl við samfélagið voru skoðuð og fengu kennarar verkefni til að vinna í tengslum við það. Þeir áttu að reyna að efla tengsl við samfélagið með aðgerðaáætlun þar sem þeir voru framkvæmdaaðilar. Aðgerðaáætlanir voru mikið þannig að aðrir áttu að vinna að þeim en ekki deildirnar sjálfar.
- Skólapúlsinn var tekinn í notkun og var lögð könnun fyrir úrtak nemenda (160 nem.) í lok nóvember. Alls voru 138 nemendur sem svöruðu. Niðurstöður voru ítarlegar og voru þær skoðaðar betur á næstu fundum sjálfsmatshópsins þ.e. á vorönn 2014.

✚ V 2014

- Unnið með það sem kanna þurfti betur eftir útkomu úr Skólapúlsinum. Það var gert með aðferðum HGIOS (How good is our school). Fullyrðingarnar tengdust **viðhorfi og hollustu gagnvart skólanum**. Aðgerðir eftir þá vinnu: Sendum póst á náms- og starfsráðgjafa og Hörð Ásgeirsson kennslustjóra starfsbrautar þar sem þau voru beðin um að kynna á fundi með kennurum næsta haust, úrræði fyrir nemendur með sértæka námsörðugleika.
- Könnun var lögð fyrir nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót. Niðurstöður úr þeirri könnun liggja fyrir aftast í fylgiskjöllum.
- Á áætlun var að leggja GNOK-könnunina fyrir en sökum verkfalls var því frestað.
- Ætluðum að fá Helga Hermannsson félagsfræðikennara til að aðstoða okkur við að kanna notkun á Strætó en af því varð ekki vegna verkfalls.

H 2014

- Menntan var könnuð og brugðist við því sem ástæða var til að bregðast við.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir aftur og var þátttaka nokkuð góð.

V2015

- Jafningjamat fór fram.
- GNOK var lagt fyrir í öllum áföngum
- Ytra mat var framkvæmt.
- Ákveðið var að skoða ekki starfsumhverfið þar sem breytingar eru miklar framundan vegna viðbyggingar við verknámshúsið Hamar.

H 2015

- Markmið skólans voru yfirfarin og endurskoðuð.
- Skólapúlsinn var lagður fyrir í þriðja sinn.

V 2016

- Unnið með niðurstöður Skólapúlsins og markmiðin kláruð.
- Lagðar fyrir kannanir tengdar grunnþáttunum og bóksölunni.

H 2016

- Byrjað verður að meta nýju markmiðin og verður nám og kennsla metin með „how good is our school“ kerfinu. Í september.
- Skólapúlsin verður lagður fyrir í fjórða sinn.

V 2017

- Nám og kennsla (GNOK).
- Menntan verður einnig tekin fyrir á þessari önn.

Áætlun um sjálfsmat

H 2017

- Starfsumhverfi verður metið (H)
- Skólapúlsinn?
- Verkferlar metnir/skráðir/birtir á heimasíðu

V 2018

- Taka fyrir allt sem ekki er merkt í markmiðum með (H)
- Hvernig getum við metið grunnþættina (erum við að sinna þeim?) → setja það inn til kennara á sjálfsmatsfund.

H 2018

- Endurskoða markmið skólans?
- Skólapúlsinn?

 V 2018

- Náms og kennsla metið?
- GNOK lagt fyrir aftur.

3.10 Skólinn í okkar höndum

Skólaárið 2016 – 2017 samanstóð SKOH-hópurinn af eftirtöldum aðilum:

Ragnheiður Eiríksdóttir, verkefnastjóri SKOH og jafnréttisfulltrúi.

Guðbjörg Grímsdóttir, forvarnarfulltrúi.

Pelle Damby Carøe, félagslífsfulltrúi.

Guðfinna Gunnarsdóttir, umsjónaraðili BRAG-a áfanganna.

Sigbór C. Jóhannsson, fulltrúi nemenda.

Auk þessara fimm var Ásdís Björg Ingvarsdóttir, íþróttakennari við skólann, fengin til viðbótar í hópinn þegar kom að hreyfingarþætti HEF.

Á árinu var ekki hægt að finna sameiginlegan fundartíma í töflu svo ákveðið var að funda við og við þeir sem kæmust og hafa svo samskipti í gegnum netið og gekk það nokkuð vel. Það var ánægjulegt að FSu hlaut styrk frá Lýðheilsusjóði Landlæknisembættisins fyrir verkefninu Forvarnarátak í FSu. Styrkurinn er upp á 500.000 kr., er til þriggja ára. Hér má lesa lýsingu á verkefninu úr umsókninni:

Forvarnarátak í FSu Viðamikil áttak í forvörnum, að styrkja regnhlífarverkefnið Skólinn í okkar höndum sem felur í sér HEF, forvarnir, jafnréttismál, skólabrag o.fl. FSu hefur einsett sér að hafa heilbrigðan og góðan skólabrag og hefur þess vegna sett upp verkefnið Skólinn í okkar höndum. Undir það fellur m.a. HEF verkefni Landlæknisembættisins. Ramminn utan um skólabraginn er góður og hefur reynst vel en til að ná að framfylgja betur þeim góðu stefnumálum sem verkefnið felur í sér þarf það fjárhagslegan stuðning. Forvarnarátakið er til þriggja ára og felur í sér Regnbogadaga, forvarnar- og fræðslufyrirlestra og skólafundi með þátttöku forráðamanna og stuðning við heilbriggt félagslíf nemenda við FSu. Í haust var það skref stigið til fulls að skólaböll á vegum nemendafélags FSu skulu vera áfengislaus og olli það töluverðri óánægju meðal nemenda. Grunnhugmyndin á bakvið átaksverkefnið er því að sýna fram á að hægt sé að hafa jákvæðan, heilbrigðan skólabrag með góðri þátttöku nemenda á viðburðum án neyslu. Nýjasta rannsókn á vegum Rannsóknar og greiningar sem ber heitið Rannsókn á vímuefnanotkun framhaldsskólanema á Íslandi 2013, sýnir að FSU er

með töluvert hærra hlutfall drykkju og tóbaksneyslu meðal nemenda en almennt á landinu og er því greinanleg þörf fyrir átak.

Markmið:

Að styðja við heilbrigðan skólabrag í FSu en um leið styðja aðra framhaldsskóla við að stíga það skref að gera skólaböll áfengislaus.

Að sporna gegn brottfalli vegna kvíða, þunglyndi og óreglu.

Að breyta viðhorfi nemenda til félagslífs FSu, að vel sé hægt að hafa það öflugt án áfengis- og vímuefnaneyslu.

Að fagna fjölbreytileikanum og draga úr fordómum gagnvart jaðarhópum.

Að stuðla að jafnrétti kynjanna.

Að bæta almenna heilsueflingu ungs fólks

Að auka virðingu í samskiptum

Að vinna gegn notkun á áfengi, tóbaki og öðrum vímuefnum

Nemendur FSu koma af stóru svæði og eru afar fjölbreyttur hópur. Margir koma úr litlum skólum sem hafa ekki haft tök á að fá mikið af utan að komandi fræðslu um forvarnir, geðrækt o.fl. Því er afar mikilvægt að þegar þeir koma í FSu taki við öflug forvarnarvinna. Eldri skólamenning FSu fól í sér töluverða áfengisneyslu á skólaböllum og er heilmikið átak að breyta þeirri menningu. Þegar skrefið var stigið til fulls s.l. haust að hleypa ekki nemendum undir áhrifum inn á skólaböllin olli það töluverðum óróa og spáðu margir því að það yrði til minni þátttöku nemenda á viðburðum á vegum skólans. Nemendaráð FSu stendur í ströngu við að fylgja reglum skólans og koma til móts við væntingar nemenda en eru tilbúin í samstarf við átaksverkefnið. Styrkurinn myndi verða til þess að verkefnið Skólinn í okkar höndum, þar sem formaður nemendaráðs á sæti, gæti þá byggt upp jákvæða og heilbrigðan skólabrag með Regnbogadögum, forvarnarfyrirlestrum og stuðningi við félagslíf nemenda. Einnig munum við halda fræðslufyrirlestra fyrir foreldra varðandi forvarnir og geðrækt. Með styttingu náms til stúdentspróf hefur hlutfall yngri nemenda aukist í skólanum og því enn mikilvægara að styrkja skólabraginn með markvissu forvarnarstarfi og áherslu á áfengislausar skemmtanir af öllu tagi. FSu tók þátt í að semja forvarnarstefnu FÍF sem var samþykkt vorið 2014 og hefur hug á því að vera leiðandi framhaldsskóli á þessu sviði. Samfélagsleg áhrif verkefnisins geta því orðið víðtæk en eitt af aðal markmiðum þess er að draga úr þeirri

"viðurkenndu venju" að ungmenni byrji að neyta áfengis þegar þau hefja framhaldsskólagöngu. Hagnýtt gildi verkefnisins Á Regnbogadögum hafa jafnréttismál verið tekin skýrt fyrir. Má þar nefna að Una Torfadóttir sem samdi ljóðið úr atriði Hagaskóla sem sigraði Skrekk kom og útskýrði það og ræddi. Nemendur og kennarar framkvæmdu gjörning til að vekja athygli á launamuni kynjanna o.fl. Verkefnið beinist jafnt að báðum kynjum og vinnur að jafnrétti kynjanna. Regnbogadagar eru haldnir árlega, á vorönn. Sótt er um styrk fyrir Regnbogadögum 2016, 2017 og 2018 Regnbogadagar 2016 fóru fram dagana 6.-12. apríl. Steinunn Anna Sigurjónsdóttir sálfræðingur hjá Kvíðameðferðastöð mun koma í september 2016 Í október 2016 verður forvarnarmánuður þar sem m.a. verður fyrirlestur um áhrif Kannabisneyslu, bæði fyrir nemendur og forráðamenn. Í febrúar verða forvarnarfyrirlestrar á Kátum dögum sem er uppbrot á kennslu þar sem námskeið og fyrirlestrar eru í boð fyrir nemendur. Einnig mun átakið styðja nemendafélagið í að fá heilbrigðar fyrirmyndir til að koma og skemmta nemendum. Ætlunina er að fá 3 fyrirlestra/fræðslu á önn fyrir nemendur og 1 á önn fyrir forráðamenn. Ekki liggur alveg ljóst fyrir hvaða fyrirlestrar/fræðsla þetta muni verða en hugmyndin er að fylgjast vel með þróun mála á þessu sviði og kalla til þá sérfræðinga sem við teljum helst að myndu nýtast í verkefnið.

Heilsueflandi framhaldsskóli-verkefnið hefur farið heilan hring í FSu, s.s. hreyfing, næring, geðrækt og lífsstíll höfðu verið tekin fyrir ár hvert en nú er heildræn nálgun á alla 4 þættina. Mjög lítið var um eftirfylgni á verkefninu frá Landlæknisembættinu sem hélt þetta árið enga ráðstefnu um verkefnið eins og verið hefur síðustu ár. En FSu heldur sig við verkefnið og þær góðu áherslur sem það felur í sér.

Haustönnina hófum við á því að fagna 35 ára afmæli skólans þann 13. september. Stór hluti nemenda fór í ratleik um hina svokölluðu „hlaupabraut“ og kynntust þannig sögu skólans. Ratleikurinn endaði í lðu þar sem afmælisdagskrá fór fram. Olga Lísu hélt ræðu, kennarar rifjuðu upp gamla tíma í skólanum, Þórarinn og Svanur sungu og spiluðu og NFSU var með atriði. Eftir það fengu allir grillaða pylsu o.fl. veitingar. Síðdegis var svo afmæliskaffi fyrir starfsfólk og fyrrum starfsfólk skólans.

Á fundi fyrir foreldra nýnema var SKOH-verkefnið kynnt fyrir foreldrum og hvernig það tengist inn í BRAG-a áfangana.

Október var forvarnarmánuður skv. Forvarnarátaki í FSu og þá stóð SKOH-hópurinn fyrir metnaðarfullum forvarnarerindum fyrir nemendur og kennara.

Október – forvarnir í FSu				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3 SOS barnabörpin. Kynning á starfi SOS og á því þorpi sem FSu er að styrkja. Góðgerðarvika NFSu	4 	5	6 Salurinn kl. 11:30 Guðrún Dóra Bjarnadóttir, geðlæknir, er með erindi um kannabisreykingar og afleiðingar þeirra.	7
10	11 Salurinn kl. 11:30 Astráður. Forvarnarstarf læknanema gagnvart kynsjúkdómum og ótimabærum þungunum.	12	13	14 Haustfri
17 Haustfri	18 Salurinn kl. 11:30 Náum áttum. Fjallað verður um rafrettur og munntóbak. Er þetta nýr lífsstíll eða óvæginn markaðssetning? Bindindissamtökin IOGT	19 Salurinn kl. 11:30 Hugrún. Forvarnarstarf læknanema, sálfræðinema og hjúkrunarfræðinema. Aukin umræða um geðheilsu og helstu geðraskanir.	20	21
24 Salurinn kl. 11:30 Ut með á. Fulltrúar frá Rauða krossinum kynna verkefnið.	25	26	27	28

Á Kátum dögum voru námskeið sem tengjast heilsueflandi framhaldsskóla og öllum þeim þáttum sem voru undir í vetur. Meðal annars komu Sigga Dögg kynfræðingur og fjallaði um kynhegðun og sjálfstraust, fulltrúar frá Rauða krossinum fjölluðu um fordóma og mismunandi birtingarmyndir þeirra og hvernig hægt sé að bregðast við, jóga var kynnt og þá sérstaklega hláturjóga, nemendur fræddir um grunnhugmyndir kínversku og fleira mætti telja. Komið var inn á alla þætti HEF og fyrirlestrar og námskeið voru vel sótt af nemendum. Í mars héldum við Regnbogadaga þar sem áherslan var sem fyrr á að fagna fjölbreytileikanum, sporna gegn fordómum og auka víðsýni nemenda og starfsfólks. Hér má sjá dagskrá þeirra:

Regnbogadagar 2017 - Fögnum fjölbreytileikanum

Miðvikudagur 29. mars	Fimmtudagur 30. mars	Föstudagur 31. mars		Mánudagur 3. apríl	Þriðjudagur 4. apríl
Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 11:30 Salurinn	H E L G A R F Í	Klukkan 11:30 Salurinn	Klukkan 11:30 Salurinn
Sema Erla Serdar (Umræða á samfélagsmiðlum)	Ferðamálaráðherra, Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir (Hvernig er að vera nýr ráðherra á alþingi?)	Ungir umhverfissinnar (Stutt kynning á starfsemi og markmiði hópsins) Karítas Harpa og Kolbrún Lilja (söngur)		Högní í Hjaltalín (Spil og spjall)	Zumba
KOSNINGAR HJÁ NFSU TIL FORMANNS, VARAFORMANNS OG RITARA.		KOSNINGAR HJÁ NFSU Í ÖNNUR EMBÆTTI.			Í dag er blár dagur því að það er dagur einhverfunnar í dag!
					DJ Snorri Ástráðs mun sýna sínar bestu hliðar í hádeginu.

Fyrirlestrarnir á sal voru vel sóttir af nemendum og kennurum og voru þeir mjög fróðlegir og upplýsandi um þessi málefni. Mikil gleði var þessa vikuna og teljum við Regnbogadaga vera búna að festa sig í sessi sem mikilvægan þátt í því að efla meðvitund nemenda og kennara um þau mikilvægu gildi og málefni sem lögð er áhersla á þá.

Í loka mars fengum við til okkar fulltrúa frá Hugarafli sem stóðu fyrir fræðslu um geðsjúkdóma og geðrækt fyrir kennara FSu og ML. Var það mjög fróðlegur fundur.

Hugleiðingar að lokum

Verkefni þessa vetrar gengur vel og hlökkum við í SKOH-hópnu til að halda áfram á sömu braut. Nú er 1 af 3 árum að líða í forvarnarátakinu svo það er nóg af verkefnum framundan.

Verkefnastjóri vill þakka meðlimum SKOH hópsins kærlega fyrir gott samstarf sem og þeim sem tóku þátt í því starfi sem hópurinn stóð fyrir.

Hveragerði, 22. maí 2017

Ragnheiður Eiríksdóttir